



# Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031


27. febrúar 2018

Hús og skipulag ehf - unnið fyrir bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar

	þingstytta
Mótt.:	13. júní 2018
Mál nr.:	
201412020	

Aðalskipulag Snæfellsbæjar sem auglýst var skv. 31. gr. skipulags- og byggingarlaga

nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 11. apríl 2018.



Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann 20. 06. 2018.



Aðalskipulag þetta var auglýst í B deild Stjórnartíðinda þann 2018.

Greinargerð þessi með umhverfisskýrslu er hluti af aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Sjá einnig two þéttbýlisupprætti, annar er af Ólafsvík og hinn af Hellissandi og Rifi. Þá er rammahluti aðalskipulags á Arnarstapa og Hellnum á einum upprætti og dreifbýlisupprættur fyrir allt land Snæfellsbæjar.

Efnisyfirlit	
Formáli.....	6
1 Forsendur .....	7
1.1 Skipulagsferlið .....	7
1.1.1 Samráð og kynningar.....	7
1.1.2 Umsagnar- og samráðsaðilar .....	7
1.2 Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir.....	8
1.2.1 Landsskipulagsstefna .....	8
1.2.2 Svæðisskipulag Snæfellsness .....	11
1.2.3 Skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga .....	11
1.2.4 Íbúaþróun.....	11
1.2.5 Atvinnumál .....	12
2 Stefna bæjarstjórnar.....	15
2.1 Almenn stefna.....	15
2.1.1 Mannvirkjagerð .....	15
2.1.2 Sjálfbærni.....	16
2.1.3 Samgöngur .....	17
2.1.4 Grunnþjónusta .....	17
2.1.5 Ferðamenn .....	17
3 Landnotkun.....	18
3.1 Byggðarmynstur og þróun byggðar .....	18
3.1.1 Íbúðarbyggð í Snæfellsbæ (ÍB).....	19
3.1.1.1 Ólafsvík, íbúðarbyggð á þéttbýlisupprætti .....	20
3.1.1.2 Hellissandur og Rif, íbúðarbyggð á þéttbýlisupprætti ..	20
3.1.1.3 Arnarstapi og Hellnar, íbúðarbyggð á upprætti rammahluta aðalskipulags .....	21
3.1.1.4 Íbúðarbyggð á dreifbýlisupprætti .....	22
3.1.2 Miðsvæði (M) .....	23
3.1.2.1 Ólafsvík.....	23
3.1.2.2 Hellissandur.....	23
3.1.3 Verslun og þjónusta (VP) .....	23
3.1.3.1 Hellissandur og Rif .....	24
3.1.3.2 Arnarstapi og Hellnar, rammahluti aðalskipulags .....	25
3.1.3.3 Dreifbýli Snæfellsbæjar .....	26
3.1.4 Samfélagsþjónusta (S) .....	27
3.1.4.1 Ólafsvík.....	28
3.1.4.2 Hellissandur og Rif .....	29
3.1.4.3 Arnarstapi og Hellnar.....	30
3.1.4.4 Dreifbýlið.....	30
3.1.5 Athafnasvæði (AT) .....	31
3.1.5.1 Ólafsvík.....	31
3.1.5.2 Hellissandur og Rif .....	32
3.1.5.3 Arnarstapi og Hellnar.....	32
3.1.6 Íðnaðarsvæði (I) .....	32
3.1.6.1 Ólafsvík.....	34
3.1.6.2 Hellissandur og Rif .....	34
3.1.6.3 Dreifbýli.....	36
3.1.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) .....	37
3.1.7.1 Ólafsvík.....	37
3.1.7.2 Hellissandur og Rif .....	37
3.1.7.3 Dreifbýli.....	39

3.1.8	Frístundabyggð (F) .....	40	3.2.5	Vegir, götur og stígar (VE).....	52
3.1.8.1	Ólafsvík .....	40	3.2.5.1	Ólafsvík.....	53
3.1.8.2	Hellissandur og Rif.....	40	3.2.5.2	Hellissandur og Rif .....	53
3.1.8.3	Rammahluti dreifbýlis, Arnarstapi og Hellnar .....	41	3.2.5.3	Arnarstapi og Hellnar.....	53
3.1.8.4	Dreifbýli.....	42	3.2.5.4	Dreifbýli.....	54
3.2	Lítt byggð svæði .....	44	3.2.6	Flugvellir (FV) .....	54
3.2.1	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) .....	44	3.2.6.1	Rif .....	54
	Vaktaðir ferðapjónustustaðir .....	44	3.2.6.2	Dreifbýli.....	54
3.2.1.1	Ólafsvík .....	47	3.2.7	Hafnir (H) .....	55
3.2.1.2	Hellissandur og Rif.....	47	3.2.7.1	Hafnir í þéttbýli.....	55
3.2.1.3	Arnarstapi og Hellnar.....	48	3.2.7.2	Aðrar hafnir.....	57
3.2.1.4	Dreifbýli .....	48		Arnarstapi, Hellnar og Búðir .....	57
3.2.2	Íþróttasvæði (ÍP) .....	48	3.2.8	Veitur (VH) .....	57
3.2.2.1	Ólafsvík .....	49	3.2.9	Landbúnaðarsvæði (L) .....	59
3.2.2.2	Hellissandur og Rif.....	49	3.2.9.1	Hellissandur og Rif .....	59
3.2.2.3	Dreifbýli .....	50	3.2.9.2	Dreifbýlið.....	60
3.2.3	Kirkjugarðar og grafreitir (K) .....	50	3.2.10	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) .....	62
3.2.3.1	Ólafsvík .....	50	3.2.11	Óbyggð svæði (ÓB) .....	63
3.2.3.2	Hellissandur og Rif.....	50	3.2.11.1	Ólafsvík.....	64
3.2.3.3	Arnarstapi og Hellnar .....	50	3.2.11.2	Hellissandur og Rif .....	64
3.2.3.4	Dreifbýli .....	50	3.2.11.3	Arnarstapi og Hellnar .....	64
3.2.4	Opin svæði (OP) .....	50	3.2.11.4	Dreifbýlið.....	65
3.2.4.1	Ólafsvík .....	50	3.2.12	Vötn, ár og sjór (V) .....	65
3.2.4.2	Hellissandur og Rif.....	51	3.2.13	Vatnsból (VB) og vatnsvernd (VG, VF) og vatnsveita .....	66
3.2.4.3	Arnarstapi og Hellnar .....	51	3.2.13.1	Ólafsvík.....	66

3.2.13.2	Hellissandur og Rif.....	66	8.8	Umhverfismat efnistöku- og efnislosunarsvæða .....	90
3.2.13.3	Arnarstapi og Hellnar .....	66	8.9	Skíðasvæði í Snæfellsjökli .....	92
3.2.13.4	Dreifbýlið .....	67	8.10	Mat á áhrifum aðalskipulags, samantekt og eftirfylgni .....	92
3.2.14	Strandsvæði (ST).....	67			
3.2.15	Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS) .....	67			
4	Takmarkanir á landnotkun.....	69			
4.1	Hættusvæði .....	69			
4.1.1	Náttúrvá (NV).....	69			
4.1.2	Varúðarsvæði (VA) .....	70			
4.1.3	Hindranafletir flugvalla (HF).....	70			
4.2	Verndarsvæði .....	71			
4.2.1	Friðlýst svæði (FS).....	71			
4.2.2	Önnur náttúruvernd (ÖN).....	73			
4.2.3	Minjavernd (MV) .....	74			
4.2.4	Hverfisvernd (HV) .....	78			
5	Lokaorð frá formanni aðalskipulagsnefndar .....	79			
6	Aðalskipulagsgögn til staðfestingar.....	79			
7	Fylgirit með aðalskipulagi.....	79			
8	Umhverfisskýrsla .....	80			
8.1	Umhverfisskýrsla með aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031	80			
8.2	Aðalskipulagsáætlun og tengsl við aðrar áætlanir.....	80			
8.3	Umhverfismat.....	81			
8.4	Mikilvægir umhverfispættir.....	81			
8.5	Umhverfismat byggðarþróunar .....	82			
8.6	Umhverfismat vegna vatnsafslsvirkjana .....	86			
8.7	Mat vegna vindmyllugarða.....	88			

## Töflur

Tafla 1, helstu áherslupættir í landsskipulagi .....	10
Tafla 2, aflaverðmæti í Snæfellsbæ .....	13
Tafla 3, vindorka.....	35
Tafla 4, matssprungar byggðar .....	83-84
Tafla 5, mat vatnsafslsvirkjana .....	86
Tafla 6, mat vindorku .....	88
Tafla 7, mat efnistöku .....	90

## Ljósmyndir.

Forsíðumynd er frá Eddu V. Sigurðardóttur. Aðrar myndir eru frá:

Eddu V. Sigurðardóttur ES, Kristni Jónassyni KJ, Snæfellsbæ, m.a. Áthtagastofu Snb, Selmu Björk Reynisdóttur SR eða Húsum og skipulagi ehf (HH eða SÁ). Skýringakort af Snæfellsbæ koma frá Húsum og skipulagi ehf. Skýringamyndir með vindáttum koma frá Veðurstofu Íslands.

Línu- og súlurit eru unnin eftir gögnum frá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun. Línurit um afla eru unnin á vegum Hafnarstjóra Snæfellsbæjar.

## Formáli

Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar ákváðu að endurskoða aðalskipulag Snæfellsbæjar árið 2014. Í gildi er aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015. Síðan það tók gildi hafa í tvígang komið fram ný lög um skipulagsmál og miklar breytingar hafa átt sér stað í lagaumhverfinu. Skipulags- og byggingarlög nr. 73 tóku gildi árið 1997 og ný skipulagslög nr. 123/2010 tóku gildi eftir uppskiptingu skipulags- og byggingarlaga í mannvirkjalög og skipulagslög. Nýtt aðalskipulag Snæfellsbæjar er unnið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010<sup>1</sup> og skipulagsreglugerð nr. 90/2013<sup>2</sup> og fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að nýtt aðalskipulag hafi gildistíma frá 2015 til 2031. Aðalskipulag tekur til alls lands sveitarfélagsins og við gerð þess er tekið mið af landsskipulagi og svæðisskipulagi Snæfellsness. Auk þess verða umhverfisáhrif áætlunarinnar metin og gerð grein fyrir þeim í umhverfisskýrslu sem er aftast í greinargerð þessari.

Gildandi aðalskipulag Snæfellsbæjar var staðfest árið 1997 og væntingar til aðalskipulags voru á þeim tíma ekki sambærilegar við núverandi kröfur. Það var unnið skömmu eftir sameiningu sveitarfélaga og í því eru dæmi um málaflokka sem ekki var tekin afstaða til, en er krafa um samkvæmt núverandi skipulagslögum og skipulagsreglugerð.

Á tímabilinu hefur orðið mikil þróun í átt að sjálfbærni og umhverfisvitund hefur aukist. Snæfellsbær hefur haft frumkvæði í slíkri þróun, framfylgir markvissri stefnu um umhverfisvernd og tekur þátt í Earth Check vottun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

Tilgangur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með endurskoðun aðalskipulags er að móta raunhæft aðalskipulag, stuðla að sjálfbærri þróun og góðu samfélagi með sampættingu náttúru, efnahags og mannlífs. Leitast verður við að stýra landnotkun þannig að ekki verði gengið á landsins gæði.

<sup>1</sup> Skipulagslög nr. 123/2010

<sup>2</sup> Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

<sup>3</sup> Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Dreifbýlisuppráttur er gerður fyrir allt land sveitarfélagsins utan þéttbýlis. Einnig eru gerðir tveir þéttbýlisuppráttir, einn fyrir Ólafsvík og annar fyrir Hellissand og Rif. Þá er gengið frá rammahluta aðalskipulags fyrir Arnarstapa og Hellnar. Aðalskipulagsnefnd hefur komið mikið að vinnslu tillögunnar og hún er skipuð eftirtöldum:

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar formaður nefndarinnar og Kristín Björg Árnadóttir varaformaður, en hún vék úr nefndinni 2016. Aðrir nefndarmenn eru Bjarni Vigfússon frá Kálfárvöllum, Drífa Skúladóttir á Hellissandi, Illugi Jens Jónasson í Ólafsvík, Jónas Kristófersson í Ólafsvík og Margrét Björk Björnsdóttir frá Böðvarsholti.

Davíð Viðarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar vann með nefndinni á seinni hluta vinnuferlisins. Fyrr á tímabilinu unnu fyrverandi skipulags- og byggingarfulltrúar Smári Björnsson og Lúðvík Ver Smáason að málinu.

Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt og skipulagsráðgjafi, Selma Björk Reynisdóttir tækniteknari og Steinunn Arnardóttir arkitektanemi hafa unnið að gerð aðalskipulagins á teknistofunni húsum og skipulagi ehf<sup>4</sup>.

Á EFLU verkfræðistofu unnu Ásbjörn Egilsson og Árni Sveinn Sigurðsson að forathugun vatnsaflsvirkjana<sup>5</sup> og Birta Kristín Helgadóttir að forathugun vindorku<sup>6</sup>.

Fornleifastofun Íslands vann að aðalskráningu minja á hluta dreifbýlis<sup>7</sup>.

Guðmundur Guðjónsson á Náttúrufræðistofnun Íslands sá um gerð gróðurkorta<sup>8</sup>.

Árni Hjartarson á ÍSOR vann að skilgreiningu vatnsverndarsvæða.

<sup>4</sup> Greinargerð, matsskýrsla, landnotkunarkort og fylgirit 3 mat efnistöku

<sup>5</sup> Fylgirit 1 forathugun vatnsaflsvirkjana

<sup>6</sup> Fylgirit 2, vindorka

<sup>7</sup> Fylgirit 4, Fornleifaskrá 2015 og Fornleifaskrá 2016

<sup>8</sup> Fylgirit 5, Gróðurkort


# 1 Forsendur

## 1.1 Skipulagsferlið

### 1.1.1 Samráð og kynningar

Við gerð aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 var snemma árs 2015 leitað samráðs við Skipulagsstofnun og aðra samráðsaðila vegna lýsingar og matslysingar. Einnig voru haldnir opnir kynningarfundir í Ólafsvík þann 12. mars og á Lýsuholi þann 20. apríl 2015, þar sem lýsingin var kynnt.

Á vinnslútima aðalskipulags og umhverfisskýrslu voru haldnir tveir kynningarfundir á frumdrögum 19. apríl 2016. Markmið fundanna var að tryggja aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að stefnumótun snemma á vinnslútima, en þeir kynningarfundir voru umfram lögboðið kynningarferli. Jafnframt hefur verið haft samráð við landeigendur við vinnslu aðalskipulagstillögunnar. Í desember 2016 var tillaga send til helstu samráðs- og umsagnaraðila.



KJ

Tillaga aðalskipulags og umhverfisskýrsla voru kynntar íbúum og hagsmunaaðilum með vinnu- og kynningarfundum þann 26. janúar 2017 samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagsлага. Ýmsir komu upplýsingum og athugasemdum á framfæri og hafa þær verið kynntar fyrir aðalskipulagsnefnd sem tók afstöðu til þeirra.

Tillagan var sendi Skipulagsstofnun til athugunar í maí 2017. Umsögn barst í júlí og var unnið að lagfæringum út frá athugasemdum. Tillaga með

breytingum í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar var tekin fyrir í umhverfis- og skipulagsnefnd 20. september og í Bæjarstjórn 2. október 2017 og send Skipulagsstofnun til athugunar. Svar barst 22. nóvember og var veitt heimild til auglýsingar með athugasemdum sem þyrfti að verða við eða kynna athugasemdirnar með tillögu á auglýsingartíma. Orðið var við flestum athugasemdum, en athugasemdir eru birtar með auglýstri tillögu ásamt yfirliti um hverjum þeirra var orðið við og hverjum var ekki unnt að verða við.

Tillagan var auglýst samkvæmt 31. grein skipulagsлага 14. desember 2017 með athugasemdafræsti til 8. febrúar 2018. Alls bárust 22 athugasemdir og/eða umsagnir og var fjallað um þær í aðalskipulagsnefnd 2. mars 2018. Sumar þeirra hafa gefið tilefni til óverulegra breytinga, en öðrum er svarað án þess að þær leiddu til breytinga. Bæjarstjórn sampykkti aðalskipulagstillöguna á fundi sínum 11. apríl 2018 og var hún send til Skipulagsstofnunar ásamt fram komnum athugasemdum og svörum við þeim, með beiðni um staðfestingu.

Eftir að Skipulagsstofnun sampykkir aðalskipulagið lætur stofnunin staðfesta hana með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

### 1.1.2 Umsagnar- og samráðsaðilar

Við gerð aðalskipulags skal hafa samráð við þá umsagnaraðila sem fara með þá málaflokka sem aðalskipulagið tekur til sbr. 30. grein skipulagsлага. Þegar á lýsingarstigi var haft samráð við Skipulagsstofnun vegna lýsingar og matslysingar. Auk þess fengu eftirtaldir umsagnar- og samráðsaðila lýsingu og matslysingu sendar:

- Aðlæg sveitarfélög
- Breiðafjarðarnefnd
- Fiskistofa
- Hafrannsóknastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- ISAVIA
- ÍSOR

- Kirkjugarðaráð
- Landgræðsla ríkisins
- Landhelgigæslan
- Landmælingar Íslands
- Landsnet
- Mannvirkjastofnun
- Minjavörður Vesturlands og Minjastofnun Íslands
- Míla
- Orkustofnun
- Póst- og fjarskiptastofnun
- RARIK
- Samgöngustofa (Siglingastofnun og Vegagerðin)
- Siglingastofnun
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
- Skipulagsstofnun
- Skógræktarfélag Íslands
- Skógrækt ríkisins
- Skógræktarfélag Ólafsvíkur
- Skógræktar- og landverndarfélag undir Jökli
- Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness
- Umhverfisstofnun og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Vinnueftirlit ríkisins
- Aðrir fagaðilar, samstarfsmenn og hagsmunaaðilar eftir þörfum

Á vinnslutímanum hefur verið haft samráð við Minjavörð Vesturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Hafnarstjóra Snæfellsbæjar, Heilbrigðisfulltrúa Vesturlands, Fiskistofu, Skógrækt ríkisins o.fl.

Drög aðalskipulags og umhverfisskýrslu ásamt fylgiskjölum voru send til ofannefndra samráðsaðila 16. desember 2016. Óskað var eftir athugasemdum og/eða upplýsingum innan fjögurra vikna.



SR

## 1.2 Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir

Við gerð aðalskipulags Snæfellsbæjar er stuðst við svæðisskipulag Snæfellsness, verndaráætlun þjóðgarðsins og fyrilliggjandi landsskipulagsstefnu og landsáætlanir sem hún er byggð á. Birt eru markmið úr svæðisskipulaginu í upphafi kafla um hvern landnotkunarflokk.

### 1.2.1 Landsskipulagsstefna

"Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Þar er mörkuð stefna um skipulagsmál sem er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um nýtingu

lands. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana".<sup>9</sup>

Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 var samþykkt á Alþingi þann 16. mars 2016<sup>10</sup>. Landsskipulagsstefna felur í sér:

**Stefnu um skipulag miðhálendis Íslands:** Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir ferðapjónustu og útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu bess. Snæfellsbær tengist ekki miðhálendi Íslands.

**Stefnu um skipulag í dreifbýli:** Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðapjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag. Vexti verði beint að byggðakjörnum sem fyrir eru. Stuðlað verði að verndun umhverfis- og menningargæða og sjálfbærri nýtingu landbúnaðarlands. Ferðapjónusta þróist í sátt við umhverfið, uppbygging sem nýtist jafnt íbúum og ferðamönnum.

**Stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar:** Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbæru skipulagi með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og sampættu skipulagi byggðar og samgangna. Stuðlað verði að heildstæðu búsetumynstri og jafnvægi í byggðarþróun.

**Stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum:** Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

Við móton stefnunnar var haft að leiðarljósi:

- að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun

- að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.

Í landsskipulagsstefnunni eru sett fram yfirmarkmið fyrir hvern kafla og síðan undirmarkmið fyrir einstaka efnispætti eða málaflokk. Markmiðunum er síðan fylgt eftir með aðgerðum eða leiðum til að stuðla að framfylgd viðkomandi markmiðs. Þar á meðal er að að finna tilmæli og aðgerðir sem beint er til sveitarfélaga að vinna að í sínum skipulagsmálum. Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er leitast við að útfæra nánar stefnumörkun landsskipulagsstefnu um skipulag í dreifbýli, stefnumörkun um búsetumynstur og dreifingu byggðar og stefnumörkun um haf- og strandsvæði.



HH

<sup>9</sup> Skipulagsmál á Íslandi 2014, Lykilmælikvarðar og fyrirliggjandi áætlanir, bls.2

<sup>10</sup> Landsskipulagsstefna 2015-2026, Skipulag ríkisins 2016

Tafla 1. Helstu áhersluþættir í landsskipulagi

	Landsskipulag miðhálandi	Landsskipulag dreifbýli	Landsskipulag þéttbýli	Landsskipulag haf og strandsvæði
Yfirmarkmið	<p>Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útvist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.</p>	<p>Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðapjónustu og útvistar, í sátt við náttúru og landslag</p>	<p>Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og sampættu skipulagi byggðar og samgangna.</p>	<p>Skipulag á haf- og strandsvæðum veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.</p>
Undirmarkmið og leiðir	<p>Víðerni og náttúrugæði</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skipulagsákvæði um náttúru og víðerni</li> <li>- Sjálfbær grðóðurframvínda</li> <li>- Hverfisverndun víðerna og viðkvæmra svæða</li> </ul>	<p>Sjálfbær byggð í dreifbýli</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Sjálfbær byggð i skipulagsáætlunum, vexti beint að byggðarkjörnum sem fyrir eru</li> </ul>	<p>Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilgreining meginjkjarna</li> </ul>	<p>Sjálfbær nýting auðlinda</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Öflun upplýsinga um vernd og nýtingu</li> <li>- Stefnumótun</li> </ul>
	<p>Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skipulag afangastaða ferðamanna</li> </ul>	<p>Umhverfis- og menningargæði</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Byggð falli að náttúru og landslagi</li> <li>- Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi</li> </ul>	<p>Sjálfbært skipulag þéttbýlis</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Vöxtur þéttbýlisstaða inn á við</li> <li>- Hagkvæm uppbygging</li> </ul>	<p>Skýr og skilvirk stjórnsýsla skipulagsmála</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Stjórnsýsla</li> <li>- Kynning fyrir nágrannaríkjum</li> </ul>
	<p>Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skipulag samgangna</li> </ul>	<p>Sjálfbær nýting landbúnaðarlands</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skipulag landbúnaðarlands</li> </ul>	<p>Gæði hins byggða umhverfis</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Gæði byggðar og bæjarryma</li> <li>- Heilnæmt umhverfi</li> </ul>	<p>Skýr og skilvirk stjórnsýsla skipulagsmála</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilgreining á strandlinu</li> <li>- Endurskoðun landnotkunarflokká á hafnar- og iðnaðarsvæðum</li> </ul>
	<p>Sjálfbær nýting orkulinda</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Orkunýting í skipulagsáætlunum</li> </ul>	<p>Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ferðapjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða</li> </ul>	<p>Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíft</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Öflugir innviðir</li> </ul>	<p>Svæðisbundin skipulagsgerð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Svæðisbundin skipulagsgerð</li> </ul>
	<p>Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Fjarskipti í skipulagsáætlunum</li> </ul>	<p>Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum</li> </ul>	<p>Sjálfbærar samgöngur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Samgöngur innan vinnusóknarfæra</li> <li>- Samgöngur í þéttbýli</li> </ul>	
	<p>Skipulag með tilliti til náttúrvárár</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skipulag með tilliti til náttúrvárár</li> </ul>	<p>Sjálfbærar samgöngur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Samgöngur innan vinnusóknarfæra</li> <li>- Ferðamannaleiðir</li> <li>- Skipulag vegslóða</li> </ul>	<p>Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Fjarskipti í skipulagsáætlunum</li> </ul>	
		<p>Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Fjarskipti í skipulagsáætlunum</li> </ul>	<p>Náttúrvá og loftlagsbreytingar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skipulag með tilliti til náttúrvárár og umhverfisbreytinga</li> </ul>	
		<p>Skipulag með tilliti til náttúrvárár og loftlagsbreytinga</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skipulagsgerð sveitarfélaga</li> </ul>		

## 1.2.2 Svæðisskipulag Snæfellsness

Svæðisskipulag Snæfellsness var auglýst sumarið 2014 og barst Skipulagsstofnun til loka yfirferðar og staðfestingar í janúar 2015. Svæðisskipulagið var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. mars 2015. Samhliða svæðisskipulagi hefur verið unnið að undirbúningi og stofnun Svæðisgarðs Snæfellsness en formleg stofnun hans fór fram í apríl 2014.

Í svæðisskipulaginu er tekið mið af Evrópska landslagssáttmálanum. Þar er lögð áhersla á vitundarvakningu um gildi landslags og verndun þess og að tvína landslagsgæði við almenna stefnumótun.

Við gerð svæðisskipulags Snæfellsness voru sett fram sex leiðarljós:

1. Gott samfélag
2. Sjálfbær uppygging innan svæðisins
3. Skapa jarðveg fyrir nýsköpun
4. Mynda samkeppnisforskot með því að nýta sérkenni og auðlindir svæðisins
5. Skerpa á ímynd svæðisins út á við
6. Tryggja öryggi og virkni íbúa með góðu samgöngu- og fjarskiptakerfi

Svæðisskipulag er stefnumarkandi skipulagsáætlun, sem setur fram heldstæða almenna stefnu um í hvaða átt verði stefnt og í grófum dráttum hvernig, en útfærir ekki landnotkun á uppdrætti. Snæfellsbær tók virkan þátt í móton svæðisskipulagsins og er leitast við að færa hugmyndir þess áfram með stefnumörkun í aðalskipulaginu. Fjallað er um hvernig svæðisskipulagsáætlun skilar sér í aðalskipulagsgerðina í umfjöllun um stefnu bæjarstjórnar og í köflum um viðkomandi landnotkunarflokkka.

## 1.2.3 Skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga

Við skipulagsgerðina er horft til aðalskipulags aðliggjandi sveitarfélaga sem eru Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppur. Gildandi aðalskipulag fyrir aðliggjandi sveitarfélög eru:

- Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015
- Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020
- Aðalskipulag fyrir Helgafellssveit 2012-2024.

## 1.2.4 Íbúaþróun

**Forsendur:** Í janúar 2016 var heildarfjöldi íbúa í Snæfellsbæ 1.663. Samkvæmt samantekt Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fjölgæði íbúum í Snæfellsbæ á árunum 1972-1982. Eftir það hefur verið óveruleg fólksfækkun flest ár. Árið 2017 er fjöldi íbúa rúmlega 85% af fólksfjölda ársins 1971. Fólksfjöldaþróunin hefur verið nokkuð sveiflukennd og helst í hendur við fólksfækkun á Snæfellsnesi, en tekist hefur að halda betur í íbúa þar, en víða annars staðar á landsbyggðinni.

Í Snæfellsbæ að norðanverðu eru þrír þéttbýlisstaðir Ólafsvík, Hellissandur og Rif. Í Ólafsvík bjuggu 959 íbúar í janúar 2016, á Hellissandi bjuggu 378 íbúar og í Rifi 155 íbúar. Í dreifbýli Snæfellsbæjar bjuggu 171 íbúi að íbúum Arnarstapa og Hellna meðtöldum. Íbúum hefur fækkað nokkuð í þéttbýli á norðanverðu nesinu á síðustu tveimur árum, en nokkur fjölgun er í dreifbýli að Arnarstapa og Hellnum meðtöldum.


Í Snæfellsbæ líkt og á Snæfellsnesi hefur verulegur hluti fólksfækkunar verið úr röðum yngri íbúa.<sup>11</sup> Nokkuð er um að fólk stundi atvinnu sína í Snæfellsbæ en hafi lögheimili annars staðar. Á Snæfellsnesi hefur fjölgun erlendra íbúa vegið upp á móti fólksfækkuninni og voru þeir árið 2013 um 13% af íbúum svæðisins. Gera má ráð fyrir að sambærileg þróun hafi átt sér stað í Snæfellsbæ.

Mikilvægasta verkefni bæjaryfirvalda er að stuðla að velsæld íbúa, fólksfjölgun og uppyggingu í Snæfellsbæ. Með vaxandi atvinnu í tengslum við ferðaþjónustu má búast við fjölgun íbúa, þó nokkuð sé um að þjónustuaðilar búi annars staðar. Aukin fjölbreytni á atvinnumarkaði gæti laðað að íbúa í þeim aldursflokkum sem eru fámennir í Snæfellsbæ. Það á


<sup>11</sup> Gögn frá Hagstofu Íslands

við um karla á aldrinum 20-25 ára og konur á aldrinum 15-20 ára og 25-30 ára, en þar eru stærstu frávakin í aldursþýramíða Snæfellsbæjar. Með fjölgun í þessum aldursflokkum má búast við fjölgun barna á svæðinu.

Mannfjöldapýramíðar fyrir 2015 með 5 ára skiptingu



Allt landið, lóðréttur ás 5 árgangar, láréttur ás - fjöldi



Snaefellsbær, lóðréttur ás 5 árgangar, láréttur ás - fjöldi


**Stefnumörkun:** Í aðalskipulaginu er það markmið að fjölgun íbúa í Snæfellsbæ verði í samræmi við lágspá Hagstofu Íslands.

Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir verulegri fóksfjölgun, uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og þenslu byggðar. Þessi þróun hefur ekki gengið eftir. Í nýju aðalskipulagi er lögð áhersla á raunsæja áætlun, þar sem leitast verður við að beina nýbyggingum á löðir í þegar byggðum hverfum áður en nýtt land verður brotið, sjá kafla 3.1.1. um íbúðarsvæði.

Ef horft er til mannfjöldaspárv verða íbúar bæjarfélagsins um 1800 við lok skipulagstímabilsins árið 2031 miðað við lágspá og rúmlega 1900 miðað við miðspá.<sup>12</sup> Ekki er talið raunhæft að horfa til miðspá eða háspá þar sem fólkfjölgun á landsbyggðinni er minni en fyrir landið í heild og íbúum hefur frekar farið fækkandi þar. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að íbúum fylgi í Snæfellsbæ í samræmi við lágspá Hagstofunnar.

Lóðréttur ás-fjöldi

Láréttur ás-ártal



Íbúapróun út frá lágspá og miðspá Hagstofu Íslands

Miðað við lágspá fylgar íbúum um 120 manns á skipulagstímabilinu og miðað við 2,5 íbúá á íbúð þarf um 50 nýjar íbúðir. Ef horft væri til miðspá myndi íbúum fylga um 250 manns á skipulagstímabilinu og ef fjölgun yrði svo mikil þyrfi um 100 nýjar íbúðir.

## 1.2.5 Atvinnumál


Fiskveiðar og fiskvinnsla setja sterkan svip á Ólafsvík og Rif og þar er all fjölbreytilegt atvinnulíf. Í sunnanverðum Snæfellsbæ er smábátaútgerð frá Arnarstapa.

<sup>12</sup> Gögn frá Hagstofu Íslands

Tafla 2. Heimild: Hagstofa Íslands aflaverðmæti í Snæfellsbæ

Ár	Ólafsvík	Rif	Arnarstapi	Alls
2001	4,901,183	3,289,136	709,260	8,899,579
2002	4,352,632	2,998,635	469,739	7,821,006
2003	2,734,902	2,530,370	628,120	5,893,392
2004	2,832,877	2,781,516	499,548	6,113,941
2005	2,671,719	2,647,902	712,027	6,031,648
2006	2,741,934	2,990,529	633,582	6,366,045
2007	2,771,232	3,495,152	725,733	6,992,117
2008	3,027,440	3,548,026	798,379	7,373,845
2009	3,430,673	4,123,158	866,556	8,420,387
2010	3,691,928	4,444,152	698,955	8,835,035
2011	3,411,298	4,011,552	763,065	8,185,915
2012	3,218,134	4,019,628	530,191	7,767,953
2013	2,618,328	3,543,280	705,478	6,867,086
2014	2,549,968	3,816,012	929,839	7,295,819
2015	2,801,340	4,016,091	452,282	7,269,713

Aflaverðmæti í þús. kr. 2000 -2015



Tafla og línurit eru unnin á vegum Hafnarstjóra Snæfellsbæjar eftir gögnum frá Hagstofunni og sýna aflaverðmæti í þúsundum króna framreknað að verðlagi í desember 2015 fyrir árin 2000 - 2015. Þar kemur fram að verðmæti landaðs afla hefur dregist saman í Ólafsvík og á Arnarstapa, en í Rifi er veruleg aukning á aflaverðmæti.

Landbúnaður hefur átt undir högg að sækja og er mikilvægt að viðhalda honum og efla.

Ferðapjónustu hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum víða í Snæfellsbæ. Unnið er að verulegri uppbyggingu gistirýmis, veitingapjónustu og dægradvalar víða um bæjarfélagið. Með lögum um 90 daga gistingu í hemahúsum varð mikil óvissa um framboð gistirýmis í Snæfellsbæ. Bæjaryfirvöld létu því taka saman framboð gistipjónustu í íbúðarhúsnæði. Þar eru 55 aðilar skráðir með gistipjónustu á mismunandi ferðapjónustuvefum. Þar af eru 9 skráðir í Ólafsvík, 10 á Hellissandi og Rifi, 31 á Arnarstapa og Hellnum og 5 í dreifbýli. Í þéttbýli er þessi þjónusta almennt í eigin íbúðarhúsnæði, en á dreifbýlisupprætti er sýndur reitur fyrir verslun og þjónustu þar sem er skráð framboð gistingu og fjallað um núverandi stöðu í texta. Þegar hefur veruleg uppbygging átt sér stað í fjölgun herbergja á hótelum og gististöðum í dreifbýlinu. Bæjaryfirvöld munu leggja mat á stærð og umfang bygginga og fjölda herbergja ef hugað verður að nýjum hótelum í dreifbýli. Gera þarf grein fyrir vatnsöflun og fráveitu sem fullnægir kröfum til starfsleyfis. Gert er ráð fyrir að dreifbýlið verði án útrása og er því lög áhersla á gæði rotþróa.


Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull tók formlega til starfa árið 2001. Hann hefur mikið aðráttarafl og gegnir lykilhlutverki varðandi ferðapjónustu og ýmsa aðra atvinnuuppbryggingu í Snæfellsbæ. Þjóðgarðsmiðstöð verði byggð á Hellissandi og gert er ráð fyrir annari uppbyggingu í þjóðgarðinum. Búist er við verulegri fjölgun starfa tengdum ferðapjónustu á skipulagstímabilinu. Mikilvægt er að öll uppbygging innviða taki mið af sérkennum sveitarfélagsins og stuðli að aukinni sjálfbærni og verndun stórbrotins landslags.

Atvinnuleysi hefur verið mjög lítið í Snæfellsbæ og með fækkan íbúa hefur fjöldi þeirra sem starfa í Snæfellsbæ, en eiga lögheimili annars staðar aukist. Á árinu 2015 var atvinnuleysi í Snæfellsbæ að meðaltali 1,1%. Það var mest um 1,7% yfir sumarmánuðina vegna aukins atvinnuleysis meðal þeirra íbúa sem vinna við fiskveiðar og verkun, en á sama tíma vantar fólk til að vinna við ferðaþjónustu á svæðinu að sumarlagi. Til samanburðar má nefna að atvinnuleysi var að jafnaði 4,0% á landinu öllu, á landsbyggðinni var atvinnuleysi 3,1% og atvinnuleysi á Vesturlandi var 2,0%.<sup>13</sup> Síða súlurit.


Lögð er áhersla á að halda áfram háu atvinnustigi í bæjarfélagini og auka möguleika á uppbyggingu fjölbreytilegrar atvinnustarfsemi. Mikilvægt er að stuðla að framboði á lágmarks þjónustu í hverju þéttbýli, t.d. matvöruverslun og styrkja stoðir helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Leitað er leiða til að stuðla að fjölgun íbúa, til að styrkja stoðir fyrirtækja sem þegar veita þjónustu og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu. Í dreifbýli verði stuðlað að fjölbreytilegri atvinnustarfsssemi. Áherslur verði skilgreindar fyrir mismunandi svæði, því landsins gæði og gróðurfar eru breytileg. Lögð er áhersla á jákvætt samspli allra atvinnuvega.

Stefnt er að því að Snæfellsnes verði eitt atvinnusvæði og að sköpuð verði aukin verðmæti úr sérkennum og auðlindum svæðisins. Í svæðisskipulagi Snæfellsness er lögð áhersla á að efla veg skapandi greina, upplýsingaiðnað og störf í ferðaþjónustu. Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er leitast við að ýta undir slíka þróun. Snæfellsnes verði án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins. Í aðalskipulaginu er leitað leiða til að auka fjölbreytni atvinnulífsins og stuðla að fjölgun íbúa í Snæfellsbæ. Auk þess er lögð áhersla á að standa vörð um þær atvinnugreinar sem eru blómlegar, t.d. fiskveiðar, fiskverkun og tengdar greinar, ferðaþjónustu og landbúnað og stuðla að þróun þeirra. Leitast er við að láta atvinnustefnu skila sér á landnotkunarupprætti aðalskipulagsins.

## Atvinnuleysi, Snæfellsbær í prósentum



## Atvinnuleysi, landið allt í prósentum



<sup>13</sup> Gögn frá Vinnumálstofnun og Hagstofu Íslands.

## 2 Stefna bæjarstjórnar

### 2.1 Almenn stefna

Í Snæfellsbæ er rík meðvitund um gildi umhverfisverndar og vilji til að stuðla að **sjálfbærri uppbyggingu innan sveitarfélagsins, með áherslu á samþættingu náttúru, efnahags og mannlífs.**

Lögð er áhersla á **vitundarvakningu um landslag og verndun þess.** Leitað er leiða til að geta tekið á móti vaxandi umferð um svæðið, án þess að umhverfið verði fyrir skaða. Tekið verði tillit til þolmarka íbúa.

Markmið úr svæðisskipulagi verða þróuð áfram í aðalskipulagi.

Leitast er við að halda í **gott samfélag** m.a. með því styðja vöxt byggðar, svo unnt verði að halda uppi góðu þjónustustigi og stuðla að vellíðan fólks á svæðinu.

Lögð er áhersla á **sjálfbærni** varðandi alla uppbyggingu í Snæfellsbæ og húsakostur verði sem best nýttur. Í því samhengi er mikilvægt að stuðla að áframhaldandi landbúnaði í sveitum og standa vörð um fiskveiðar og efla vinnslu og verkun matvæla. Með því móti má stuðla að sem mestri sjálfbærni í framleiðslu matvæla í Snæfellsbæ.

Gefið er svigrúm fyrir örþirkjanir og smávirkjanir sem geta stuðlað að **sjálfbærri orkunotkun.** Gerð er tillaga að vindmyllugarði við Gufuskála og milli Gufuskála og Hellissands. Einnig var gerð forathugun vegna vindmyllugarða milli Hellissands og Rifs og í landi Elliða í Staðarsveit, en bæjarstjórn ákvað að gera ekki ráð fyrir þeim í aðalskipulagstillögu, vegna umhverfisáhrifa. Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum vindmyllugarða í umhverfisskýrslu, hvað varðar nálægð við byggð, sýnileika, hljóðvist og skuggaflökt. Einungis er um landnotkun að ræða sem gæti hentað fyrir vindmyllugarða, en ekki endanlega útfærslu.

Spornað verður við drefingu byggðar í þéttbýli og stuðlað að nýtingu lóða í þegar byggðum hverfum.

Sjálfssprottin **nýsköpun** er af hinu góða og er lögð áhersla á að hafa svigrúm fyrir slíka þróun. Nýlegt dæmi er Frystiklefinn í Rifi, en þar er starfrækt leikhús.

**Sérkenni** Snæfellsbæjar eru fyrst og fremst fólin í fjölbreyttu landslagi, auk gjöfulla fiskimiða innan seilingar. Leitað er leiða til að **vernda umhverfi og auðlindir** svæðisins, t.d. með vöktun gróðurs og ferðamannastaða, sjálfbærni í veiðum og að stuðla að áframhaldandi landbúnaði.

**Ímynd Snæfellsness** út á við er m.a. fólin í hreinleika svæðisins, náttúrufegurð og umhverfisvernd. Lögð er áhersla á að stýra umferð ferðamanna þannig að hún valdi ekki umhverfisspjöllum eða of miklu áreiti á íbúa. Þjóðgarðurinn og önnur verndarsvæði hafa mikið aðráttarafl, ásamt menningar- og söguminjum, álagablettum og huldum vættum. Einnig er orka Snæfellsjökuls rómuð.

Góðar **samgöngur** innan Snæfellsbæjar eru mikilvægar, því hluti íbúa þarf að sækja þjónustu yfir Fróðárheidi til þéttbýlisstaða á norðanverðu Snæfellsnesi. Nauðsynlegt er að bæta fjarskiptakerfi vegna atvinnustarfsemi og búsetugæða á svæðinu og þeirra íbúa sem stunda fjarvinnu. Auk þess myndi það stuðla að auknum samskiptum á svæðinu án ferðalaga. Víða hefur verið lélegt samband farsíma og nettenginga, en unnið er að úrbótum m.a. með lagningu ljósleiðara.

Auk leiðarljósá í svæðisskipulaginu er í aðalskipulaginu leitast við að stuðla að **bættri líðheilsu**, m.a. með endurbótum og uppbyggingu sundstaða og íþróttamannvirkja og með góðum göngu- og hjólaleiðum, sem hvetja til daglegrar hreyfingar.

Einnig er lögð áhersla á að móta **markvissa landnotkunarstefnu** fyrir sveitarfélagið í heild að aðalskipulagsstigi og stuðla að góðri nýtingu lands.

#### 2.1.1 Mannvirkjagerð

Í svæðisskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið varðandi mannvirkjagerð:

*Markmið U13: Mótun umhverfis og mannvirkjagerð sé vönduð og taki mið af og styrki sérkenni og staðaranda Snæfellsness. Umgengni sé snyrtileg.*

*Markmið U19: Handverk og listiðnaður tengdur svæðinu sé sýnilegur í umhverfinu.*



SR

*Markmið U22: Staðarandi Snæfellsness styrkist við umhverfismótun og mannvirkjagerð, en hann einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð og sterkum tengslum við sjóinn og söguna, allt frá landnámi.*

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er lögð áhersla á að öll uppbygging taki mið að umhverfi, aðstæðum og nálægri byggð. Þetta á ekki síst við varðandi nýbyggingar og önnur mannvirki í nálægð við náttúru- og menningarmínjar. Gengið verði frá deiliskipulagi ef fyrirhugað er að reisa mannvirki á helstu ferðamannastöðum á láglendi innan þjóðgarðs sem utan. Sú vinna er



þegar hafin í þjóðgarðinum og víðar á vegum Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir að á vegum Umhverfisstofnunar verði unnið deiliskipulag af Eysteinsdal og nágrenni á næstunni. Þar verði gerð grein fyrir gönguleiðum, áningarástöðum, útvistarsvæðum, bílastæðum og öðrum mannvirkjum, t.d. ef gerð verður göngubrú. Við alla uppbyggingu skal vanda hönnun og stuðla að góðri byggingarlist. Lögð er áhersla á lágreista skjólmyndandi byggð, sem taki mið af ríkjandi vindáttum. Unnið verði í samræmi við Menningarstefnu í mannvirkjagerð<sup>14</sup> þar sem lögð er áhersla á að taka tillit til byggingararfins og byggðarmynsturs. Við gerð aðalskipulags er unnin samantekt um byggingar sem talin er ástæða til að vernda og slíkum ákvæðum beint áfram til deiliskipulagsgerðar.

Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar leggja áherslu á að stuðla að vandaðri efnisnotkun í mannvirkjagerð við áningarástaði ferðamanna. Valin verði varanleg umhverfisvæn efni sem falli inn í liti umhverfisins. Við mannvirkjagerð á viðkvæmum svæðum verði leitað eftir hönnun sem tryggir að uppbygging verði felld svo vel að staðháttum, að framkvæmdir verði lítt áberandi og umhverfið njóti sín til fulls. Falleg og vel hönnuð mannvirki á stærri ferðamannastöðum geta aukið aðráttarafl, vegna áhuga á fagurri byggingarlist. Vænta má að ný þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi eigi eftir að hafa slík áhrif, en haldin var samkeppni um bygginguna.

## 2.1.2 Sjálfbærni

Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar leggja áherslu á sjálfbæra þróun byggðar, þar sem hægt er að veita íbúum og gestum bæjarfélagsins alla almenna grunnþjónustu, um leið og hugað er að verndun umhverfisgæða. Sjálfbærni, með áherslu á sambættingu náttúru, efnahags og mannlífs, er megin forsenda stefnumótunar varðandi alla landnotkun. Mikilvægt er að nýta auðlindir og gæði svæðisins þannig að unnt verði að skila landinu til komandi kynslóða í jafn góðu eða betra ástandi en það er nú. Því eru skilgreind nothæf svæði í aðalskipulagi m.a. til raforkuframleiðslu, án þess

<sup>14</sup> Menningarstefna í mannvirkjagerð, Menningar- og menntamálaráðuneyti 2014

að valið sé á milli þeirra á aðalskipulagsstigi. Því er beint til deiliskipulags, sem er framkvæmdatengt, að meta mismunandi framkvæmdir og velja þann eða þá kosti sem teljast falla vel að umhverfi þegar áhrif hafa verið metin af meiri nákvæmni út frá fyrirhuguðum framkvæmdum.

### 2.1.3 Samgöngur

Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að góðar almenningssamgöngur bjóðist árið um kring í Snæfellsbæ. Þéttbýlisstaðirnir á norðanverðu nesinu búa við tvær strætóferðir á dag til og frá Reykjavík. Góðar innanbæjarsamgöngur á vegum Snæfellsbæjar eru milli Ólafsvíkur, Rifs og Hellissands. Leitast verði við að tryggja almenningssamgöngur frá Vegamótum um sunnavert nesið á ársgrundvelli.

Mikilvægt er að samgöngur innan bæjarfélagsins séu tryggðar árið um kring. Íbúar í Staðarsveit og Breiðuvík, Arnarstapa og Hellnum þurfa að sækja opinbera þjónustu norður yfir Fróðárheiði og er því brýnt að tryggður verði mokstur alla daga þegar þörf er á.

### 2.1.4 Grunnþjónusta

Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að viðhalda góðri grunnþjónustu, s.s. varðandi leikskóla og grunnskóla, félagsstarf og þjónustu við eldri borgara, heilsugæslu og umönnun. Sjá nánar í umfjöllun um landnotkun fyrir samfélagsþjónustu.

### 2.1.5 Ferðamenn

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er gert ráð fyrir að Snæfellsnes styrkist sem einn af megin áfangastöðum ferðamanna á Íslandi. Því er í aðalskipulaginu leitast við að móta stefnu um ferðamál, sem endurspeglar staðaranda, góða þjónustu og fjölbreytileg hughrif á mismundi svæðum. Greining númerandi ferðamennsku leiðir af sér stefnu um hvernig flæði ferðamanna verður beint um bæjarfélagið. Þannig verði unnt að byggja upp atvinnu og þjónustu, án þess að valda of miklu áreiti á íbúa eða óbætanlegum átroðningi á viðkvæmum svæðum. Straumur ferðamanna er vaxandi og lögð er rík áhersla á að taka tillit til verndunar umhverfis við alla

uppbyggingu. Fylgt verði áherslum í Menningarstefnu í mannvirkjagerð, þar sem lögð er áhersla á tillitsemi við náttúrulegt landslag og byggðarmynstur og vandaða byggingarlist. Vanda skal til allrar hönnunar og nýta hana sem tæki til að draga fram gæði staðanna. Jafnframt verður stuðlað að jafnari dreifingu ferðamanna yfir árið til að skapa grundvöll fyrir atvinnu við ferðamál árið um kring.



Snb

Í aðalskipulaginu er kynnt stefna um að dreifa ferðamönnum um sveitarfélagið til að koma í veg fyrir of mikinn ágang á einstökum svæðum. Ferðapjónusta verði t.d. byggð upp í kringum fornminjar og söguminjar og áfram unnið að uppbyggingu innviða á náttúruverndarsvæðum til að komast hjá umhverfisspjöllum.

### 3 Landnotkun

#### 3.1 Byggðarmynstur og þróun byggðar

Snaefellsbær liggur á utanverðu Snaefellsnesi. Aðlæg sveitarfélög eru Eyja- og Miklholtshreppur að sunnan, en Grundarfjarðarbær og Helgafellssveit að norðan. Bæjarfélagið er um 680 ferkilómetrar að stærð.<sup>15</sup>

Í sunnanverðum Snaefellsbæ er Staðarsveit austast, vestar er Breiðavík, Arnarstapi og Hellnar. Þá tekur Útnesið við með þjóðgarðinum Snaefellsjökli. Að norðan eru þéttbýlisstaðirnir Hellissandur, Rif, Ólafsvík og fyrrum Fróðárreppur.

Í Rifi og Ólafsvík eru góðar hafnir, þar eru fiskveiðar og fiskverkun mikilvægir atvinnuvegir, en ferðapjónustu hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum. Helstu þjónustustofnanir Snaefellsbæjar eru staðsettar á Hellissandi og í Ólafsvík.

Í sunnanverðum Snaefellsbæ eru Arnarstapi og Hellnar og er gerð grein fyrir landnotkun á uppráttum rammahluta aðalskipulags í samræmi við grein 4.9 í skipulagsreglugerð. Þar hefur verið þó nokkur uppbygging á liðnum árum, en íbúum hefur ekki fjölgað að sama skapi, enda mikið um að hús séu nýtt sem fristundahús. Framboð veitinga- og gistiaðstöðu hefur aukist og vegna nálægðar við Þjóðgarðinn Snaefellsjökul er búist við áframhaldandi uppbyggingu. Á Arnarstapa er góð smábátahöfn og þaðan er stunduð smábátautgerð. Á Hellnum og að Búðum eru lendingarstaðir, en vægi þeirra gæti aukist vegna ferðapjónustu.

Í dreifbýli Snaefellsbæjar er stundaður landbúnaður og ýmis þjónusta auk þess sem ferðapjónusta hefur aukist og er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu hennar. Í aðalskipulaginu er haldið í svigrúm til þróunar sem geri bændum kleift að hafa góða afkomu af jörðum sínum með fjölbreytilegri atvinnustarfsemi. Lögð er áhersla á að fyrirhuguð uppbygging taki mið af verndun votlendis og hrauna og byggð verði felld að gæðum umhverfisins.

<sup>15</sup> Landmælingar Íslands.

Mörk dreifbýlisuppráttar og þéttbýlisuppráttar eru skilgreind í aðalskipulaginu. Í Ólafsvík eru mörkin dregin þannig að „dalurinn“ umhverfis bæinn verði áfram hluti þéttbýlis og umlykur hann þéttbýlið sem grænt ræktunar- og útivistarsvæði. Þéttbýlismörkum er breytt þannig að þau liggi upp fyrir lón Rjúkandvirkjunar, svo virkjunin verði öll á upprætti Ólafsvíkur.

Afmörkun Hellissands og Rifs er umfangsmeiri en sjálft þéttbýlið gefur tilefni til, þannig að flugvöllur, efnistökusvæði, tjaldstæði og tómstundabúskapur verði innan þéttbýlisuppráttar. Auk þess er byggðin að Gufuskálum innan þéttbýlismarka. Bæjaryfirvöld Snaefellsbæjar hafa keypt eignir að Gufuskálum og vilja skilgreina það svæði með þéttbýli og þar er gert ráð fyrir ferðapjónustu.

Rammahluti aðalskipulags er hluti aðalskipulags og er notað þar sem ástæða þykir til að gera nánari grein fyrir aðstæðum en unnt er á aðalskipulagsupprætti fyrir dreifbýlið. Gerður er rammahluti aðalskipulags fyrir Arnarstapa og Hellna, því þó þar sé ekki eiginlegt þéttbýli er mikill ágangur á svæðið. Það kallað á skilgreiningu á landnotkun, sem ekki er unnt að sýna með nægjanlegri nákvæmni á dreifbýlisupprætti. Þar eru mörk rammahluta aðalskipulags dregin vestan og norðan við Klifhraun til að sýna með skýrum hætti hverfisvernd á hrauninu. Einnig er hverfisvernd við Nónhól vegna kríuvarps. Mörk rammahluta eru lögð að leiðréttum landamerkjum að suðvestan.

Við þróun byggðar í þéttbýli verði ný hús felld að byggðarmynstri á viðkomandi svæði. Byggð verði lágreist og skjólmyndandi og almennt 1-2 hæðir. Í Ólafsvík og á Hellissandi er þó gert ráð fyrir að á miðsvæðum geti byggð orðið 3ja hæða á fáeinum lóðum.

Í Snaefellsbæ eru 6 **friðlýst mannvirki** og verði þeim sýnd virðing og þeim haldið vel við, sjá kafla 4.2.2 um minjaværnd. Þar eru einnig getið um byggningar sem talin er ástæða til að vernda vegna byggingarlistræns gildis.

Fjallað er um landnotkunarflokkar í samræmi við grein 6.2. í skipulagsreglugerð 90/2013. Í hverjum málaflokkar er fyrst fjallað um upprætti fyrir þéttbýlisstaðina Hellissand, Rif og Ólafsvík á norðanverðu

nesinu miðað við landnotkun á þéttbýlisuppráttum. Þá er fjallað um Arnarstapa og Hellnar í samræmi við landnotkun á upprætti rammahluta aðalskipulags. Loks er fjallað um dreifbýlið í samræmi við dreifbýlisupprátt. *Fremst í hverjum landnotkunarflokkum er texti um viðkomandi flokk úr skipulagsreglugerð.* Þá er gerð grein fyrir markmiðum um landnotkunarflokkinn í svæðisskipulagi eftir því sem við á.

### 3.1.1 Íbúðarbyggð í Snæfellsbæ (ÍB)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir íbúðarhúsnaði og nærbjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

*Byggð í þéttbýli og dreifbýli þjóni íbúum sem best um leið og hún er áhugaverð fyrir ferðamenn.*

**Almenn stefna um íbúðarbyggð:** Í þéttbýli er lögð áhersla á þéttingu byggðar og hafa lausar íbúðarlöðir verið kortlagðar með það að markmið að nýta þær. Við uppbyggingu í þegar byggðum hverfum verði nýbyggingar felldar vel að aðlægri byggð hvað varðar gerð, hæð og form nýbygginga. Byggð verði lágreist og skjólmyndandi, 1-2 hæðir á einbýlis-, par- og raðhúsalóðum, en allt að 3 hæðir á fjölbýlishúsalóð í Ólafsvík. Ef raska þarf nýjum svæðum, verði byggð þéttari en nú tíðkast. Á einbýlishúsalóðum verði nýtingarhlutfall allt að 0,4, á rað- og parhúsalóðum verði nýtingarhlutfall allt að 0,5 og á fjölbýlishúsalóðum allt að 0,8. Við þéttingu byggðar verði hús felld að aðlægum húsum. **Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar hafa mótað sér stefnu um að nýjar umsóknir um leyfisskylda verslun og þjónustu á íbúðarsvæðum verði ávallt grenndarkynntar fyrir nágrönum.**

Aukinn umgangur og umferð fylgir atvinnustarfsemi, t.d. verbúðum og heimagingingu. Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar hafa staðfest samþykkt byggingarfulltrúa um rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum í íbúðarbyggð með hagsmuni íbúa að leiðarljósi. Grenndarkynna skal rekstrarleyfi í íbúðarbyggð í minnst 15 daga frá dagsetningu bréfs. Einnig

er í samþykktinni mótuð skýr stefna um bílastæðakröfur vegna heimagingingar á íbúðarsvæðum.

Gert er ráð fyrir að hreinleg og lítt truflandi starfsemi á íbúðarsvæðum fái að vera þar óréitt.

Í deiliskipulagi skal gæta þess að íbúðir í dreifbýli verði minnst 100 m frá þjóðvegi og 50 m frá tengivegum í samræmi við grein 5.3.2.5 d í skipualgsreglugerð.

Tilfinnanleg vöntun er á íbúðarhúsnæði í dreifbýli á sunnanverðu nesinu og verður leitað lausna til að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu slíks húsnæðis. Byggð í sveitum taki mið af möguleikum til fjölbreytts atvinnulífs þar sem landbúnaður, ferðaþjónusta, útvist, smáiðnaður og heimilisíðnaður verði ráðandi landnýting. Auk þess verði lögð áhersla á vandaða mótnum umhverfis og mannvirkja sem falli vel að byggingarárfi svæðisins og viðkvæmri náttúru. Þess verði ávallt gætt að unnt sé að móta sér lóðir fyrir auka íbúðarhús, án þess að þau hindri þróun landbúnaðar á viðkomandi jörð.

Ef íbúum í Snæfellsbæ fjölgar miðað við lágspá Hagstofu Íslands þarf um 50 íbúðir á skipulagstímabilinu. Þegar er í gildi deiliskipulag fyrir 34 lóðir fyrir íbúðarhús í Ólafsvík og ein lóðin er fyrir fjölbýlishús fyrir um 10 íbúðir.

Á Hellissandi eru 20 óbyggðar lóðir og í Rifi eru 6 lausar lóðir eftir að deiliskipulag fyrir 8 lóðir verður fellt úr gildi.

Í rammahluta aðalskipulags á Arnarstapa verða 8 lausar lóðir þegar deiliskipulag fyrir alls 7 lóðir verður fellt úr gildi. Á Hellnum eru 7 óbyggðar íbúðarhúsalóðir og í „norska þorpinu“ eru fáeinart lausar lóðir þar sem má gera ráð fyrir íbúðarhúsum eða frístundahúsum.


Í dreifbýli er gert ráð fyrir litlum svæðum fyrir íbúðarbyggð við Torfavatn á landi Garða og á jörðum nærrí Búðum, m.a. vegna starfsmanna í ferðaþjónustu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að heimild fyrir allt að 5 íbúðarhús á hverri landbúnaðarjörð dugi riflega út skipulagstímabilið.

Þegar er í gildi deiliskipulag fyrir fleiri íbúðir í þéttbýli á norðanverðu nesinu en gert er ráð fyrir að verði þörf fyrir á öllu skipulagstímabilinu. Einnig eru

lausar lóðir á Arnarstapa og Hellnum taldar fullnægja þörf út skipulagstímabilið. Því er aðeins gert ráð fyrir að nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggðir verði gert í tengslum við núverandi byggð og/eða á röskuðu landi við byggð, þar til ef/þegar forsendur breytast varðandi íbúafjölda.

### 3.1.1.1 Ólafsvík, íbúðarbyggð á þéttbýlisupprætti

Í Ólafsvík einkennist byggðin af 1-2ja hæða einbýlishúsum, fáeinum rað- og parhúsum og örfáum þriggja hæða fjölbýlishúsum. Við alla uppbyggingu verði leitast við að mynda skjól fyrir "stóra" sunnan vindinum. Skilgreind eru fjögur íbúðarsvæði í Ólafsvík.



KJ

ÍB-1: Íbúðarsvæði við Ennisbraut og Engihlíð. Ein laus og óskráð lóð er við Ennisbraut vestan lóðar nr. 18. Lóð að Engihlíð 12 er laus og hún er á hættusvæði A samkvæmt mati á hættu á ofanflóðum. Gerðar hafa verið ráðstafanir vegna ofanflóðavarna, svo lóðin er byggingarhæf. Við Engihlíð 18-22 eru þriggja hæða fjölbýlishús og teljast þær lóðir fullbyggðar. Stærð svæðis  $41.000 \text{ m}^2$  og er nánast fullbyggt.

ÍB-2: Íbúðarbyggð við Bæjartún og Hjarðartún. Íbúðarhús eru innan um opinbera þjónustu. Dæmi eru um einbýlishús, sér hæðir og lítil fjölbýlishús á reitnum. Þar eru allar íbúðarhúsalóðir þegar byggðar og er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu nema ef um er að ræða viðbyggingar. Stærð svæðis  $4.900 \text{ m}^2$  og er það fullbyggt.

ÍB-3: Megin kjarni núverandi íbúðarbyggðar í Ólafsvík vestan Klifbrautar og á há hæðinni. Svæðið einkennist af einnar hæðar einbýlishúsum með kjallara vegna landhalla. Á svæðinu eru um 10 lausar lóðir sem henta fyrir einbýlis- eða parhús, allar neðan við götur. Neðst og nyrst á svæðinu eru fáein gömul hús sem væri vert að endurbyggja í upprunalegu útliti. Grundarbraut 1 er dæmi um hús sem hefur verið gert upp og fellur vel að uppruna sínum. Stærð svæðis  $231.000 \text{ m}^2$  (23.1 ha). Ný hús verði felld að aðlægri byggð varðandi hæðir, mælikvarða og yfirbragð.

ÍB-4: Nýleg byggð og óbyggt svæði austan Klifbrautar nefnd Brekkjan. Á svæðinu eru lausar lóðir sem hafa verið deiliskipulagðar fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á skipulagstímabilinu. Stærð svæðis  $52.000 \text{ m}^2$ . Þar eru 15 óbyggðar lóðir og er í gildi deiliskipulag þar sem sérbýlishús eru einnar hæðar (eða hæð og kjallari) og fyrir eina fjölbýlishúsalóð þar sem má reisa allt að þriggja hæða hús með kjallara að hluta.

Stefna í aðalskipulagi: Í Ólafsvík er dregið verulega úr hugmyndum um þenslu byggðar miðað við gildandi aðalskipulag og lögð er áhersla á að nýta lausar lóðir í þegar byggðum hverfum. Auk þeirra lóða, hefur verið gengið frá deiliskipulagi á Brekkunni austast í Ólafsvík. Þar eru all margar lóðir sem ættu að anna eftirsprung út skipulagstímabilið, ef ekki verða verulegar breytingar á þróun fólkstjóldoa. Byggð verði almennt 1-2 hæðir á íbúðarsvæðum, en á lóðum fyrir fjölbýlishús verði heimilt að reisa allt að þriggja hæða hús. Nýbyggingar taki mið af aðlægri byggð varðandi stærðir og form.

### 3.1.1.2 Hellissandur og Rif, íbúðarbyggð á þéttbýlisupprætti

Á Hellissandi og Rifi er lágreist byggð einbýlishúsa ríkjandi og verði lögð áhersla á að halda í fíngert yfirbragð byggðarinnar og fjölbreytileika. Skilgreind eru sex íbúðarsvæði á Hellissandi.

ÍB-1: Á lóðum vestan Hellisbrautar var athafnasvæði en nú er gert ráð fyrir íbúðarbyggð þar. Á reitnum verði athafnastarfsemi víkjandi, en gert ráð fyrir blöndun, þannig að þar geti verið létt veitingaþjónusta eða önnur hreinleg starfsemi sem fellur vel að íbúðarbyggð. Stærð svæðis er  $6.000 \text{ m}^2$ , hús verði lágreist, ein til tvær hæðir.



SNB

ÍB-2: Núverandi byggð vestan Höskuldsbrautar. Lágreist byggð á einni hæð og nokkuð um óbyggðar lóðir á svæðinu. Stærð svæðis  $79.000 \text{ m}^2$ . Haldið verði í yfirbragð byggðar og nýbyggingar lagi sig að núverandi byggð hvað varðan stærðir og form.

ÍB-3: Núverandi byggð við Naustabúð og norðar. Á svæðinu eru dæmi um lítil gömul hús og nýleg hús. Ekki eru lausar lóðir á svæðinu. Mikilvægt er að halda í fjölbreytileikann á svæðinu með því að viðhalda eldri og nýrri húsum. Stærð svæðis  $41.000 \text{ m}^2$  og er það fullbyggt.

ÍB-4: Byggð á Selholí, beggja vegna við Snæfellsás og svæði sunnan Snæfellsáss og að þjóðvegi. Á svæðinu eru all margar lausar lóðir sem verði byggðar áður en hugað verður að nýjum svæðum. Stærð svæðis  $96.000 \text{ m}^2$ . Ef þörf verður fyrir frekari uppyggingu á skipulagstímabilinu er svigrúm til þess á suðausturhluta svæðissins. Ný byggð skal falla vel að grannhúsum varðandi stærðir og form.

ÍB-5: Hella er íbúðarhús á stakri lóð sunnan þjóðvegar sem haldi velli. Stærð svæðis  $4.200 \text{ m}^2$ .

Skilgreind eru tvö íbúðarsvæði á Rifi.

ÍB-6: Núverandi íbúðarbyggð við Háarif. Þar eru 6 lausar lóðir og er gert ráð fyrir að þær fullnægi eftirspurn eftir lóðum næstu árin. Stærð svæðis  $27.000 \text{ m}^2$ . Gert er ráð fyrir vissri blöndun og er t.d. heimilt að reka kaffihús á lóð við Háarif 3. Ný byggð skal falla vel að grannhúsum varðandi stærðir og form.

ÍB-7: Framtíðar uppyggingarsvæði íbúðarhúsnæðis á túnum vestan Háarifs sem nýtist ef allar lóðir verða fullbyggðar á skipulagstímabilinu. Á reitnum er þegar tankur og dæluhús sem verði breytt í íbúðarhúsnæði. Heimilt er að gera ráð fyrir menningarstarfsemi á jarðhæð í tanknum. Stærð svæðis  $52.000 \text{ m}^2$ . Ný byggð verði 1-2 hæðir og skal falla vel að íbúðarbyggð við Háarif varðandi stærðir og form.

Stefna í aðalskipulagi: Á Hellissandi og í Rifi er dregið verulega úr hugmyndum um þenslu byggðar miðað við gildandi aðalskipulag og verði deiliskipulag vestast í Rifi fellt úr gildi. Lögð er áhersla á að nýta lausar lóðir í þegar byggðum hverfum og á svæðum sem þegar hafa verið deiliskipulögð. Gert er ráð fyrir að þær lóðir anni eftirspurn út skipulagstímabilioð, ef ekki verða verulegar breytingar á þróun fólkfjölda. Íbúðarbyggð verði einnar til tveggja hæða, haldið verði í fingert yfirbragð byggðar og ekki er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum á Hellissandi eða Rifi.

### 3.1.1.3 Arnarstapi og Hellnar, íbúðarbyggð á uppdrætti rammahluta aðalskipulags

Á Arnarstapa og Hellnum hafa fáir heilsársbúsetu og er því ekki um eiginlegt þéttbýli að ræða. Gert er ráð fyrir fjölgun íbúa þar vegna mikillar uppyggingar í ferðaþjónustu og er því gengið frá rammahluta aðalskipulags fyrir svæðið.

ÍB-1: Á Arnarstapa er aðeins skilgreint eitt íbúðarsvæði beggja vegna Arnarbrautar. Gert er ráð fyrir að framtíðaruppbrygging heilsárs húsnæðis verði á þessu svæði. Syðst er Gilbakki og þar eru 5 lóðir lausar þegar deiliskipulagi hefur verðið breytt og 4 lóðir verða felldar út. Auk þess eru fáein stakstæð hús sunnan Arnarbrautar. Þar er m.a. Amtsmannshúsið eða Stapahúsið og er það friðað. Það var byggt á tímabilinu 1774-1787.

Norðan Arnarbrautar er Grundarslóð og þar eru lausar 11 lóðir. Norðar er Eiríksbúð stakstæð. Að Bjargi er stundaður landbúnaður og verði heimatúnin við Bjarg neðan Músaslóðar notuð til landbúnaðar meðan núverandi ábúendur hirða þau eða þar til allar aðrar lóðir í plássinu eru fullbyggðar.

Lögð verði áhersla á að engin mannvirki skyggi á sjónarhorn frá höfninni til Eiríksbúðar og Snæfellsjökuls. Ekki er gert ráð fyrir stækkun íbúðarsvæða og að þessar lóðir fullnægi riflega þörf fyrir lóðir á skipulagstímabilinu.

Stærð svæðis 96.000 m<sup>2</sup>. Ný byggð skal falla vel að grannhúsum varðandi stærðir og form.

ÍB-2 Á Hellnum eru heilsárs hús nyrst á íbúðarsvæði við Brekkustíg. Þar eru 7 óbyggðar lóðir sem gætu fullnægt þörfum fyrir íbúðarhúsnæði um all langt skeið. Í gildi er deiliskipulag sem tryggir heildstætt yfirbragð á reitnum. Suður af þeiri byggð er gert ráð fyrir all stóru svæði fyrir íbúðarbyggð í landi Gíslabæjar. Stærð svæðis 154.000 m<sup>2</sup> (15.4 ha)

ÍB-3 Gert er ráð fyrir möguleika á framtíðar íbúðarbyggð umhverfis þjónustusvæði á Hellnum. Á þjónustusvæðinu er gefið svigrúm fyrir ferðaþjónustu, íbúðir og frístundahús. Stærð svæðis 414.000 m<sup>2</sup> (41.4 ha)

**Stefna í aðalskipulagi:** Við alla uppbyggingu á Arnarstapa og Hellnum verði haft að leiðarlíði að halda í lágreist og fjölbreytilegt yfirbragð byggðarinnar. Ný hús verði ekki hærri en nálæg hús, eða ekki hærri en 1-2 hæðir. Leitast verði við að mynda skjól fyrir norðan vindum við allar íbúðir. Í deiliskipulagi verði skilmálar sem komi í veg fyrir plöntun framandi gróðurtegunda á svæðinu. Á Arnarstapa verður fellt úr gildi deiliskipulag fyrir 3 hús neðan Músaslóðar og svæðið verði óbyggt.

Landeigendur á Hellnum hafa áhuga á að halda stórum svæðum til uppbyggings. Bæjaryfirvöld munu fylgja eftir að uppbyggingu verði stýrt þannig að hún verði í samræmi við raunhæfa þörf á hverjum tíma. Nýjum svæðum á Arnarstapa og Hellnum verði ekki raskað nema fyrir liggi þarfagreining sem sýni fram á þörf umfram lóðir á þegar byggðum og/eða röskuðum svæðum. Bæjaryfirvöld gera ráð fyrir að ekki sé þörf fyrir

uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu umfram það sem þegar hefur verið deiliskipulagt eða er í vinnslu. Við alla uppbyggingu verði tekin fyrir lítil svæði í senn sem byggist út frá núverandi byggð, svo komist verði hjá að raska ósnortnu landi umfram þarfir. Þetta er sérstaklega mikilvægt á Hellnum, þar sem skilgreind eru framtíðarsvæði fyrir íbúðarbyggð og frístundabyggð sem eru langt umfram þarfir á skipulagstímabilinu.

### 3.1.1.4 Íbúðarbyggð á dreifbýlisupprætti

Á all mörgum jörðum í Snæfellsbæ eru nú þegar þrjú íbúðarhús og vilja bæjaryfirvöld heimila allt að 5 íbúðarhús á jörð, sjá kafla 3.2.9. Þetta er talið nauðsynlegt, því vegna aukinnar ferðaþjónustu og fjölbreytilegrar athafnastarfsemi er mikill hörgull á íbúðarhúsnæði á sunnanverðu Snæfellsnesi.

**Stefna í aðalskipulagi:** Gert er ráð fyrir að það svigrúm sem er um fjölda íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum dugi með eftirtöldum undantekningum:

ÍB-1 við Torfavatn á landi Garða er þörf fyrir fjölgun húsa m.a. vegna umsvifa í ferðaþjónustu. Þar er þegar ristið eitt íbúðarhús og gert er ráð fyrir allt að 5 lóðum sem verði um 1 ha að stærð fyrir afkomendur landeiganda. Stærð 103.000 m<sup>2</sup> eða um 10 ha. Þar verði allt að 5 lóðir fyrir íbúðarhús.

Á svæði nærri Búðahótelri eru sýndir 4 íbúðarreitir. Gert er ráð fyrir að á reitum ÍB-2-5 geti risið starfsmannaíbúðir fyrir þá sem starfa á hótelinu og víðar á sunnanverðu nesinu við ferðaþjónustu. Á hverjum reit má gera ráð fyrir allt að 8 íbúðum og við gerð deiliskipulags skal huga að verndun ræktaðs lands, votlendis og hrauna. Virða skal helgunarsvæði við raflínu á svæði ÍB-2.

ÍB-2, stærð 17.000 m<sup>2</sup>.

ÍB-3, stærð 13.000 m<sup>2</sup>.

ÍB-4, stærð 13.000 m<sup>2</sup>.

ÍB-5, stærð 18.000 m<sup>2</sup>.

Hús á íbúðarreitum í dreifbýli verði einnar hæðar og felld vel að umhverfi og byggð.

### 3.1.2 Miðsvæði (M)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar er eftirfarandi markmið:

*Miðbær þéttbýlisstaðanna styrkist sem aðalsamkomustaðir íbúa.*

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar eru skilgreind miðsvæði í Ólafsvík og á Hellissandi. Gert er ráð fyrir að á miðsvæðum verði helstu vaxtarbroddar verslunar og þjónustu, ferðapjónustu og samfélagsþjónustu.

**Almenn stefna um miðsvæði:** Á miðsvæðum er heimilt að gera ráð fyrir allt að 3ja hæða húsum í samræmi við deiliskipulag. Nýtingarhlutfall má verða allt að 0,8. Par má gera ráð fyrir íbúðum á efri hæðum, en almennt verði miðbæjartengd starfsemi á jarðhæð nýrra húsa. Í núverandi íbúðarhúsum á miðsvæðum má halda óbreyttri notkun jarðhæða.

#### 3.1.2.1 Ólafsvík

M-1: Svæðið liggur meðfram Ólafsbraut að norðan og teygir sig norður fyrir götuna nærri Gilinu, þar sem er veitingastaður og hótel. Nýbyggingar verði tveggja til þriggja hæða til að stuðla að heilsteyptri götumynd. Dæmi er um fjögurra hæða húshluta, en bæjaryfirvöld leggjast gegn svo hárrí byggð og verði leitast við að trappa hæð niður að aðlægri byggð. Á reitnum eru tvö hótel, eitt um 50 herbergja, annað er með 15 herbergi.

Gert er ráð fyrir landfyllingu norðan Ólafsbrautar sem verður um 10.000 fermetrar, sjá kafla 3.2.7.1. Landfyllingin gefur færri á tvöfaldri húsaröð og þar með myndast gata norðan við Ólafsbraut sem meðal annars nýtist til að þjóna þeim byggingum sem staðsettar verða við Ólafsbraut. Stærð M-1 er 37.000 m<sup>2</sup>.

M-2: Handan við Sáið teygir miðsvæði sig til norðvesturs á Ólafsbraut nr. 2-8 og Ennisbraut 2. Þar er heimilt að endurbýggja eða reisa allt að tveggja hæða nýbyggingar. Svæði M-2 er 3.500 m<sup>2</sup>.

Gert er ráð fyrir að meðfram Ólafsbraut geti byggð orðið það þétt að götumynd fái yfirbragð miðsvæðis. Æskilegt er að hús sunnan götu verði allt að 3 hæðir, en að byggð trappist niður í 2 hæðir norðan götu að sjó.

**Stefna í aðalskipulagi:** Í deiliskipulagi verði settar kvaðir varðandi byggðarmynstur og þéttleika byggðar, m.a. í þeim tilgangi að stuðla að heilsteyptri götumynd við Ólafsbraut.

#### 3.1.2.2 Hellissandur

M-1: Miðsvæði Hellissands liggur beggja vegna Klettsbúðar. Þar er bæjarskrifstofa Snæfellsbæjar, hótel með 20 herbergjum o.fl. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Stærð svæðis er 25.000 m<sup>2</sup>.

Dæmi eru um íbúðarhús á reitnum sem mega halda velli sem slík. Einnig er gert ráð fyrir íbúðum á efri hæðum nýbygginga.

**Stefna í aðalskipulagi:** Í deiliskipulagi verði settar kvaðir varðandi byggðarmynstur og leitast við að fá sem besta nýtingu á miðsvæði á Hellissandi án þess að nýjar byggingar stingi í stúf við fíngerða byggð á svæðinu. Hús verði ekki hærri en 2-3 hæðir og ef reist eru 3ja hæða hús verði þau með lágu eða litt hallandi þaki.

#### 3.1.3 Verslun og þjónusta (VP)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum."

Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að tryggja íbúum nauðsynlega þjónustu innan bæjarfélagsins og stuðla að hagkvæmni. Á Hellissandi er gert ráð fyrir að beina framtíðar uppbyggingu verslunar og þjónustu að mestu leyti inn á miðsvæði. Í Ólafsvík er allri verslun og þjónustu beint á miðsvæði og svæði fyrir samfélagsþjónustu. Á báðum stöðum er verslun og þjónustu að

óverulegu leyti beint inn á íbúðarsvæði, en þar er þegar starfrækt nærpjónusta sem fellur að íbúðarsvæðum.

**Almenn stefna um verslunar- og þjónustusvæði:** *Gert er ráð fyrir að númerandi verslun og þjónustu fái að halda velli. Vegna aukins ferðamannastraums er gert ráð fyrir aukinni nýtingu núverandi húsnæðis fyrir verslun og þjónustu, en hugsanleg stækkan eða uppbygging verði háð deiliskipulagsgerð.*

Á svæðum fyrir verslun og þjónustu verði hús 1-2 hæðir og í samræmi við deiliskipulag á viðkomandi svæði. Nýtingarhlutfall má verða allt að 0,8 í þéttbýli. Þar má gera ráð fyrir íbúðum, en verslun og þjónustu verði ríkjandi notkun á jarðhæð.

### 3.1.3.1 Hellissandur og Rif

Á Hellissandi eru skilgreindir sex reitir sem verslunar- og þjónustusvæði, einn að Gufuskálum, ein lóð vestan byggðarinnar á Hellissandi, ein lóð á mónum Hellisbrautar og Munaðarhóls, ein sunnan við Útnesveg og ein lóð fyrir hugsanlegt hótel austan við Hellissand. Að öðru leyti er verslun og þjónustu á Hellissandi beint að miðsvæði.

Í Rifi er skilgreindur einn reitur sem verslunar og þjónustusvæði. Hann er við Hafnargötuna og er nú þegar nýttur sem slíkur.

#### Verslun og þjónusta á Hellissandi

VP-1: Að Gufuskálum eru raðhús, parhús og einbýlishús. Bæjaryfirvöld hafa áhuga á að stuðla að ferðapjónustu á svæðinu, t.d. með áherslu á fornminjarannsóknir og náttúruskoðun og hafa keypt húsin að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Stærð svæðis 30.000 m<sup>2</sup>. *Gert er ráð fyrir að hægt sé að endurbyggja hús á einum grunni á svæðinu og lagfæra eða endurbyggja núverandi hús. Að öðru leyti er uppbygging háð gerð deiliskipulags, samþykki skipulagsyfirvalda Snæfellsbæjar og leyfi Umhverfisstofnunar, því svæðið er innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Þar er gert ráð fyrir að verði áfram heilsárs búseta í fáeinum íbúðum, en ferðapjónusta í öðru húsnæði.*

VP-2: Gert er ráð fyrir verslun og þjónustu á stakri lóð vestan þéttbýlisins að Hellissandi. Hvíta húsið hefur verið endurbyggt og er nýtt sem menningarhús fyrir listamenn. Stærð svæðis 1.200 m<sup>2</sup>. *EKKI er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu, en ef það breytist skal ganga frá deiliskipulagi. Stærð og gerð viðbyggingar/nýbyggingar verði í takt við núverandi hús eða einnar hæðar með lítt hallandi þaki.*

VP-3: Viðvík er stakt hús sunnan þjóðvegar sem hefur verið nýtt sem íbúðarhús. Gert er ráð fyrir breytttri notkun og þar verður heimilt að reka verslun, þjónustu og veitingastað. Stærð svæðis 7.500 m<sup>2</sup>. *Ganga skal frá deiliskipulagi ef fyrirhuguð verður áframhaldandi uppbygging á reitnum.*

VP-4: Verslunin Blómsturvelli er í jaðri íbúðarbyggðar og er gert ráð fyrir áframhaldandi verslunarrekstri þar. Stærð svæðis 2.000 m<sup>2</sup>. *Vegna nálægðar við íbúðarbyggð er ekki gert ráð fyrir auknu byggingarmagni fyrir verslun og þjónustu á lóð, en einnig er heimilt að hafa íbúðarhúsnæði á lóðinni.*

VP-5: Bensínstöð og verslun undir merkjum N1 er við Útnesveg. Staðsetning liggr vel við umferð um þjóðveginn, án þess að beina henni inn í bæinn. Góð tengsl eru við Sjóminjasafnið og fyrirhugaða þjóðgarðsmiðstöð sem og skilgreint miðsvæði. Stærð svæðis 2.200 m<sup>2</sup>. *Vegna góðrar staðsetningar er líklegt að þörf verði fyrir viðbyggingu. Þá verði gert deiliskipulag miðað við einnar hæðar byggingu.*

VP-6: Gert er ráð fyrir lóð fyrir hótel austan við Hellissand. Stærð svæðis er 5.700 m<sup>2</sup>. *Þar verði lágreist einnar eða tveggja hæða hús.*

**Stefna í aðalskipulagi:** *Í deiliskipulagi fyrir verslun og þjónustu á Hellissandi verði settar kvaðir þannig að hús falli vel að fingerðu yfirbragði byggðarinnar.*

#### Verslun og þjónusta í Rifi

VP-7: Nyrst í Rifi er gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu. Staðsetning hentar vel fyrir hótel, veitingarekstur eða aðra þjónustustarfsemi, því þaðan er stórbrotið útsýni yfir Breiðafjörð og til

Snæfellsjökuls. Stærð svæðis er 7.700 m<sup>2</sup>. Á reitnum má reisa lágreista tveggja hæða byggingu sem verði feld vel að landi.

VÞ-8: Virkið, þar er rekið gistiheimili með 7 herbergjum, en unnið er að fjölgun í 22 herbergi og gistsal. Það er í góðum tengslum við umferð, hafnarsvæði og athafnasvæði í Rifi. Stærð svæðis. 4.100 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri.

**Stefna í aðalskipulagi:** Í Rifi er verslunar- og þjónustulóð í tengslum við hafnarsvæði og athafnasvæði. Þar er byggð stórgerðari en á Hellissandi og svæðið hefur þegar verið deiliskipulagt miðað við slíkt yfirbragð. Nyrst í Rifi verði gert deiliskipulag og gerðar strangar kröfur um að fella byggð vel að landi.

### 3.1.3.2 Arnarstapi og Hellnar, rammahluti aðalskipulags

Vegna fjölgunar ferðamanna um Snæfellsnes er gert ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu á Arnarstapa og Hellnum, en þeir staðir þjóna sem jaðar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á sunnanverðu nesinu.

Á Arnarstapa er lagt til að byggja upp verslun og þjónustu við Arnarbraut og þar er þegar risið hótel. Tilfinnanleg þörf er fyrir verslun og aðra þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn sem eiga leið um, en ferðamannastráumur hefur stóraukist um Arnarstapa á liðnum árum. Til að mæta aukinni þörf hefur nýlega verið gengið frá tveimur deiliskipulögum fyrir verslun og þjónustu við Arnarbraut.

Á Hellnum er gert ráð fyrir að byggja upp verslunar- og þjónustusvæði næri Hellnakirkju, en þar er nú þegar kominn vísir að slíkri starfsemi. Gert er ráð fyrir að svæðið þjóni fyrirhugaðri íbúðar- og frístundabyggð sem gert er ráð fyrir að þróist á svæðinu og auknum fjölda ferðamanna. Einnig er ein verslunar- og þjónustulóð við ströndina.

#### Verslun og þjónusta á Arnarstapa

VÞ-1: Arnarstapi, Arnarbraut. Þegar er hafin uppbygging verslunar og þjónustu norðan Arnarbrautar. Á lóð sunnan götunnar er risið hótel sem er rekið ásamt smáhýsum. Alls eru þar um 50 herbergi og áhugi er á að reisa um 40 herbergja hótel til að styðja við heils árs rekstur.

Þjónustusvæðið norðan götunnar er stækkað verulega í átt að þjóðvegi og næst þjóðvegi er skapað svigrúm fyrir umferðarsækna þjónustu, t.d. vegna skoðunarferða. Einnig er þjónustusvæði stækkað lítillega til vesturs til að auka möguleika á ferðaþjónustu í beinum tengslum við núverandi þjónustu á svæðinu. Stærð svæðis 134.000 m<sup>2</sup> (13.4 ha) Svæðið hefur að hluta til verið deiliskipulagt.

VÞ-2: Gert er ráð fyrir að Búð verði verlslun og þjónusta. Stærð svæðis er um 1.340 m<sup>2</sup>. Á reitnum er heimil verslun og þjónusta sem getur samræmst íbúðarbyggð. Þar er einnig heimilt að hafa íbúðarhúsanæði.

VÞ-3: Gert er ráð fyrir möguleika á veitingarekstri eða annarri þjónustu í núverandi úthúsum að Eyri. Stærð svæðis 2.500 m<sup>2</sup>. Lögð er áhersla á að svæðið verði snyrt og heimilt er að hafa íbúðir á efri hæð.

**Stefna í aðalskipulagi:** Þegar hefur verið gengið frá deiliskipulagi fyrir fáeinan lóðir fyrir verslun og þjónustu á Arnarstapa. Í deiliskipulagi fyrir verslun og þjónustu verði settar kvaðir um húsgerðir sem falli að fingerðu byggðarmynstri á Arnarstapa.

#### Verslun og þjónusta á Hellnum

VÞ-4: Á reitnum er Hótel Hellnar og þar eru nú 39 herbergi, eftir að byggt var við hótelid. Stærð svæðis 24.000 m<sup>2</sup>. Þegar hefur verið samþykkt deiliskipulag fyrir áframhaldandi uppbyggingu, m.a. fyrir starfsmannaherbergi. Lögð er áhersla á lágreist yfirbragð og að byggingar verði brotnar upp í nettar einingar.

VÞ-5: Á reitnum er „norska þorpið“ að vestan, en þar er gert ráð fyrir blöndun íbúðarhúsa, frístundahúsa og ferðaþjónustu. Þar eru 8 lausar lóðir í jaðri þyrringarinnar og gætu á sumum þeirra risið heils árs íbúðarhús. Fyrirhugað er að reisa allt að 70 herbergja hótel á reitnum og tengja það núverandi húsakosti. Auk þess er gert ráð fyrir möguleika á hótelri neðan við við norsku húsin. Stærð svæðis 90.000 m<sup>2</sup>. Við gerð deiliskipulags vegna áframhaldandi uppbyggings verði haldið í lágreist og fingert yfirbragð.

VÞ-6: Við ströndina er heimilt að gera upp gamalt hús og reka þar kaffihús, veitingastað eða aðra þjónustu sem samrýmist byggð á svæðinu. Auk þess er heimilt að reisa þar starfsmannaþúðir vegna ferðapjónustu. Stærð svæðis 4.800 m<sup>2</sup>. *Mikilvægt er að endurbótum hússins verði hraðað, því það stafar nú þegar hætta af því.*

**Stefna í aðalskipulagi:** Þegar hefur verið gengið frá deiliskipulagi fyrir hluta af svæðum fyrir verslun og þjónustu á Hellnum. Í deiliskipulagi fyrir verslun og þjónustu verði settar kvaðir um húsgerð sem falli vel að byggðarmynstri.

### 3.1.3.3 Dreifbýli Snæfellsbæjar

Í Snæfellsbæ eru fáein hótel í dreifbýli og á nokkrum stöðum er ferðapjónusta. Vegna fjölgunar ferðamanna um svæðið er gert ráð fyrir nokkurri uppbyggingu og breyttri notkun núverandi húsnæðis. Á landnotkunarkorti er sýnt tákni fyrir ferðapjónustu á jörðum þar sem þegar er ferðapjónusta umfram heimildir á landbúnaðarsvæðum, eða hún er fyrirhuguð.

VÞ-1: Gaul/Stekkjarvellir, lítið umfang, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-2: Foss, ferðapjónusta, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-3: Ölkelda, ferðapjónusta vegna ágangs í náttúrulega ölkeldu, lítið umfang.

VÞ-4: Álfavatn, ferðapjónusta, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-5: Lindabrekka, ferðapjónusta, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-6: Efri-Hóll, ferðapjónusta, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-7: Slitvindastaðir, ósk um eitt svæði við núverandi hús, ferðapjónusta, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-8: Traðir, gistiheimili veitingahús og hótel með rekstrarleyfi. Þar eru 8 herbergi og fyrirhugðuð áframhaldandi uppbygging. Svæðið er tvískipt og er alls 41.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-9: Neðri-Hóll, stærð svæðis 4.800 m<sup>2</sup> vegna ferðapjónustu.

VÞ-10: Ytri-Tunga, veitingarekstur í uppgerðum úтиhúsum, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-11: Kirkjuhóll, ferðapjónusta, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-12: Gistiheimilið Hof, Hofgörðum er með rekstaraerleyfi, , stærð svæðis 90.000 m<sup>2</sup>. Þar er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Þar eru 8 smáhýsi með alls 16 herbergjum og 5 hótel íbúðir.

VÞ-13: Hoftún, ferðapjónusta, 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-14: Hoftún, þjónustusvæði norðan Kúku, ferðapjónusta. 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-15: Langaholt að Ytri-Görðum, þar er 40 herbegja hótel með rekstrarleyfi, 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-16: Hraunsmúli, ferðapjónusta, 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-17: Lýsudalur, þar er torfbær, reiðhöll, fræðslumiðstöð íslenska hestins og sýningarvöllur. Stærð svæðis 45.200 m<sup>2</sup>.

VÞ-18: Lýsudalur, Gistiheimilið Kast er hótel með rekstrarleyfi. Þar eru alls 27 herbergi, veitingasalur og fyrirhuguð er áframhaldandi uppbygging. Stærð svæðis 30.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-19: Lýsuhóll, ferðapjónusta við gamla bæinn 11.000 m<sup>2</sup>, reiðhöll og gisting

VÞ-20: Lýsuhóll, þar er hótel með rekstrarleyfi, 6 smáhýsi og 2 stærri hús með alls 14 herbergjum. Þar hefur verið reist reiðhöll og er hestatengd ferðapjónusta, 16.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-21: Lýsuhóll, nýtt svæði fyrir ferðapjónustu á fallegu svæði ofan votlendis, um 14.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-22: Bláfeldur, ferðapjónusta utan túna, 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-23: Hólkot, ferðapjónusta, 19.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-24: Böðvarsholt, en þar er rekstrarleyfi fyrir sveitagistingu og þar eru 5 herbergi. Við uppbyggingu verði leitast við að hlifa ræktuðu landi, 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-25: Kálfárvellir, ferðapjónusta, tjaldstæði og þjónustuhús, um 20.000 m<sup>2</sup>.

VÞ-26: Búðir, samþykktar hafa verið teikningar fyrir stækkun svo þar verði allt að 55 herbergi. Stærð reits er um 10.000 m<sup>2</sup> og telst lóðin fullbyggð, þegar lokið verður við framkvæmdir samkvæmt samþykktum teikningum.

VÞ-27 og 28: Öxl, gisting með starfsleyfi. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu beggja vegna bæjarhlaðsins, en þar eru nú 7 herbergi í ferðapjónustu. Stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>.

VP-29: Stóri-Kambur í Breiðuvík, þar er ferðaþjónusta tengd hestamennsku og gistiþjónustu. Þar eru nú tvær íbúdir með rekstrarleyfi og fyrirhuguð er frekari uppbygging. Stærð svæðis er 16.000 m<sup>2</sup>.

VP-30: Litli-Kambur, fella ferðaþjónustu að votlendi og ræktuðu landi, 20.000 m<sup>2</sup>.

VP-31: Gröf, við áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu verði votlendi og ræktuðu landi hlíft, 20.000 m<sup>2</sup>.

VP-32: Brimilsvellir, en þar er rekstrarleyfi fyrir gistingu, þar eru 10 herbergi. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu í tengslum við hestamennsku, 20.000 m<sup>2</sup>.

**Stefna í aðalskipulagi:** Á landbúnaðarsvæðum þarf að sýna landnotkun fyrir verslun og þjónustu ef umfang gistiþjónustu/heimagistingar er meira en 5 herbergi og fyrir meira en 10 manns. Viða er fyrirhugað meira umfang og er þar gerð grein fyrir ferðaþjónustu með tákni á korti. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á varfærnislega uppbyggingu og að haldið verði í yfirbragð sveitarinnar, m.a. með því að nýta núverandi húsakost þegar það hentar. Bera skal stærð nýrra gistiðaða undir bæjaryfirvöld hverju sinni og verði stærð bygginga og fjöldi gistiþjónustu metin með tilliti til umhverfis og aðstæðna og út frá eftirspurn á hverjum tíma. Vegna nýbygginga skal leggja áherslu á góða hönnun í samræmi við Menningarstefnu í mannvirkjagerð og brjóta húskroppa upp í stærðir og form sem falla vel að byggingarárfinn svæðisins. Hús verði 1 – 2 hæðir í dreifbýli.

Hótel í dreifbýli verði ekki stærri en allt að 70 herbergi. Á Hellnum hefur verið sampykkt deiliskipulag fyrir allt að 70 herbergja hótel, á Búðum fyrir allt að 50-55 herbergja hótel, en aðrir gistiðaðir í dreifbýli eru minni. Lögð áhersla á að haldið verði í fíngert yfirbragð í dreifbýlinu.

### 3.1.4 Samfélagsþjónusta (S)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir stofnanir og fyrtækni sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

**Markmið U6:** Aðgengi að leik- og grunnskólum sé gott og umhverfi þeirra sé vandað og til fyrirmynnar.

**Lögreglustöðin** í Snæfellsbæ er til húsa á hafnarsvæðinu í Ólafsvík og þjónar öllu bæjarfélaginu. Hún heyrir undir Lögregluna á Vesturlandi. A aðalskipulagsuppdrætti er syndur punktur sem táknað samfélagsþjónustu, þó ríkjandi landnotkun á reitnum sé hafnarsvæði. Þar starfa fjórir lögreglumenn og vinna tveir saman á vöktum.

**Slökkviliðið** er með starfsstöð í Ólafsvík og í því eru um 20 slökkviliðsmenn. Með því að hafa eina öfluga starfsstöð er unnt að hafa vel þjálfað og öflugt slökkvilið sem bregst fljótt og vel við.

**Heilbrigðiseftirlit** Vesturlands er rekið af sveitarfélögum á Vesturlandi og Snæfellsbær fær þjónustu þaðan.



HH

**Félags- og skólaþjónusta** Snæfellinga annast alla félagsþjónustu og skólaþjónustu í Snæfellsbæ, á grundvelli gildandi laga þar að lútandi, reglugerðum og staðbundnum reglum byggðasamlagsins á hverjum tíma. Auk forstöðumanns starfa nú hjá FSS sálfræðingur og félagsráðgjafi félagsþjónustu, skólasálfræðingur, talmeinafræðingur, náms- og

starfsráðgjafi, ráðgjafarþroskabjálfí, umsjónarþroskabjálfí, félagsráðgjafi og fagstjóri barnaverndar. Aðrir starfsmenn FSS í Snæfellsbæ eru 2 starfsmenn Smiðunnar, sem er dagvinnustofa sem býður atvinnutengd úrræði fólks með skerta starfsgetu, þá sinna 3-4 starfsmenn grunnþjónustu sveitarfélagsins, sem er heimajónusta og persónuleg aðstoð, liðveisla fatlaðra og akstursþjónusta, alls 5.4 stöðugildi.

**Félagsþjónustan** sinnir barnavernd, málefnum fatlaðs fólks, innflytjenda, aldraðra, öryrkja og annarra með skerta starfsgetu og sér um húsaleigubaetur, fjárhagsaðstoð, almenna ráðgjöf, sálfræðiþjónustu, heimajónustu og persónulega aðstoð, akstursþjónustu og liðveislu.

**Skólapjónustan** veitir sérfræðiþjónustu við stjórnendur, starfsfólk, nemendur og foreldra leik- og grunnskóla, m.a. ráðgjöf, umsjón endurmenntunar, sálfræðiþjónustu og sér um greiningar, skólafélagsráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og þjónustu talmeinafræðings og þroskabjálfá. Nemendur Fjölbautaskóla Snæfellinga sem eiga lögheimili á Snæfellsnesi eiga, líkt og aðrir íbúar á þjónustusvæði stofnunarinnar, kost á sálfræðiþjónustu FSS án endurgjalds.

**Grunnskólar** eru í Ólafsvík, á Hellissandi og Lýsuhóli. Þeir anna eftirspurn, nema forsendur varðandi fólkstjólda breytist verulega.

**Leikskólar** eru í Ólafsvík, á Hellissandi og Lýsuhóli. Þeir anna eftirspurn nema þegar koma óvenju stórir árgangar, en í Ólafsvík hefur íbúð verið notuð til að anna slíkum toppum.

Lögð er áhersla á að haldið verði uppi háu þjónustustigi varðandi heilbrigðismál. Í Ólafsvík er **heilsugæsla** á vegum Heibrigðisstofnunar Vesturlands og sinnir fjölbreyttri þjónustu.

Fyrir utan almenna læknisþjónustu með viðtalstínum og vaktþjónustu veitir heilsugæslan eftifarandi þjónustu: Almenna hjúkrunarþjónustu, heilsueflingu, heimahjúkrun, mæðraeftirlit, skólaheilsugæslu, ung- og smábarnavernd. Einnig sykursýkismóttöku, rannsóknir eins og blöðrannsóknir og röntgenmyndatökur, krabbameinsskoðun fyrir konur, ónæmisaðgerðir, starfsmannaheilsuvernd og sjúkraflutninga. Reglulega koma sérfræðilæknar eins og augnlæknir og háls-, nef- og eyrnalæknir. Auk þess er tannlæknastofa á staðnum, sjúkrapjálfari og sálfræðingur með aðstöðu á heilsugæslustöðinni.

**Nýlegt dvalar- og hjúkrunarheimili** er í Ólafsvík og er áætlað að það muni anna fyrirséðri þörf á skipulagstímabilinu.

**Kirkjur** eru í Ólafsvík, á Hellissandi, Hellnum, Búðum, Brimilsvöllum og Staðarstað. Þær hafa allar verndargildi og verði lögð áhersla á að halda þeim vel við.

**Almenn stefna um samfélagþjónustu:** *Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að veita íbúum Snæfellsbæjar áfram góða samfélagþjónustu á öllum sviðum. Íbúum hefur fækkað lítillega á síðustu árum í Snæfellsbæ, en bæjaryfirvöld hafa að markmiði að snúa þeiri þróun við til að standa undir fjölbreytilegri þjónustu.*

### 3.1.4.1 Ólafsvík

Í Ólafsvík er að finna fjölbreytta samfélagþjónustu. Þar er hluti af grunnskóla og leikskólum bæjarfélagsins, tónlistarskóli og bókasafn. Þar er einnig Dvalarheimili aldraða, hjúkrunarheimili, heilsugæsla og pósthús. Safn er í Pakkhúsini og kirkja er í bænum. Eitt af þremur félagsheimilum Snæfellsbæjar er staðsett í Ólafsvík

S-1: Skóli. Grunnskólinn í Ólafsvík nýtur góðrar lóðar og beinna tengsla við íþróttasvæði og sundlaug. Þar er lítið svigrúm til stækkunar. Huga þarf vel að umferðaröryggi barna við Ennisbraut, en þar er all mikil umferð. Stærð svæðis er  $9.500 \text{ m}^2$ . *Gert er ráð fyrir að ekki þurfi að stækka skólann, en ef það breytist þarf að útfæra leiksvæði barna af kostgæfni.*

S-2: Sundlaug. Sundlaugin er vel staðsett og nýtt útisvæði þar sem eru heitir pottar hefur stórbætt aðstöðuna. Stærð svæðis er  $2.600 \text{ m}^2$ . Gengið hefur verið frá bílastæðum við sundlaug við gatnamót Ennisbrautar og Bæjartúns og umferðarflæði var breytt til að bæta öryggi.

S-3: Pósthús er á all rúmri lóð og er gert ráð fyrir að bílastæði á lóðinni gætu samnýst fyrir sundlaug og skóla. Stærð svæðis er  $2.300 \text{ m}^2$ . *Ekki er gert ráð fyrir stækkan húss og hefur lóð verið minnkuð til að auka svigrúm fyrir bílastæði og aukið umferðaröryggi við sundlaug.*

S-4: Tónlistarskóli og bókasafn eru í fyrrum heilsugæslustöð og íbúðarhúsi læknis í Ólafsvík og staðsetning er hentug. Auk þess eru starfsstöðvar tónlistarskólans að Lýsuhóli og á Hellissandi. Stærð svæðis er 1.900 m<sup>2</sup>. *Unnið er að endurbótum hússins og er mikilvægt að stuðla að aðgengi fyrir alla.*

S-5: Dvalar- og hjúkrunarheimili. Stefnt er að því að byggja upp sterkan kjarna samfélagsþjónustu á svæðinu í kringum Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar. Meðal annars er gert ráð fyrir íbúðum fyrir fatlaða á svæðinu og væri þá hægt að samnýta ýmsa þjónustu með dvalarheimilinu. Pakkhúsið er næst Giliu og er mikil bæjarprýði. Það var byggt árið 1884, er friðað og hefur verið gert upp. Í pakkhúsini er rekið safn. Stærð svæðis er 9.700 m<sup>2</sup>. Á svæðinu eru fáein íbúðarhús sem mega halda velli. *Gert er ráð fyrir að íbúðarbyggð víki smám saman og þar skapist möguleiki á frekari uppbryggingu þjónustu og starfsmannaíbúða. Einnig er svigrúm fyrir þróun verslunar og þjónustu á reitnum.*

S-6: Ólafsvíkurkirkja var vígð 19. nóvember 1967. Hún setur mikinn svip á umhverfi sitt og skal tryggja rými og ásýnd að henni. Hún er mikilvægt kennileiti í Ólafsvík, hönnuð af Hákon Hertevig og er gott dæmi um byggingarlist frá síðari hluta 20. aldar. Mikilvægt er að halda henni vel við og varðveita upprunalegt útlit. Stærð svæðis er 5.300 m<sup>2</sup>. *Lögð er áhersla á verndun Ólafsvíkurkirkju.*

S-7: Leikskóli er við Gilið. Stærð svæðis 4.200 m<sup>2</sup>. *Tryggja þarf umferðaröryggi og bílastæði við leikskólann. Lítið svigrúm er til frekari stækkunar og er mikilvægt að vanda frágang lóðar og nýta hana sem best.*

S-8: Heilsugæslustöð er á svæði þar sem var hætta á snjóflóðum og hefur fallið flóð á hana. Gerð hafa verið varnarvirki og er hún nú á hættusvæði A, sem telst ásættanlegt. Stærð svæðis 5.300 m<sup>2</sup>. *Ekki verði frekari uppbrygging á lóðinni.*

S-9: Félagsheimilið Klif er stórt og veglegt hús. Stærð svæðis 16.000 m<sup>2</sup> (1.6 ha). *Æskilegt er að tryggja aukna notkun Klifs, t.d. fyrir ráðstefnur, veitingar fyrir ferðabjónustuhópa eða annað sem gæti verið þörf fyrir á mismunandi tíum.*

**Stefna í aðalskipulagi:** Í Ólafsvík er lögð áhersla á að tryggja svæði fyrir áframhaldandi þróun samfélagsþjónustu. Leikskólalóðin er það lítil, að ef þörf verður fyrir stækjun þarf að vanda alla hönnun og frágang þannig að útisvæði nýtist sem best. Einnig þarf að gera ráðstafanir til að tryggja umferðaröryggi svo hægt verði að nýta útvistarsvæði í Giliu og ofan byggðar án þess að farið verði með börnin yfir umferðargötur. Á öðrum lóðum og svæðum fyrir samfélagsþjónustu er gott rými fyrir áframhaldandi þróun.

### 3.1.4.2 Hellissandur og Rif

Á Hellissandi er hluti af grunnskóla Snæfellsbæjar og leikskóli. Eitt af þremur félagsheimilum Snæfellsbæjar er staðsett á Hellissandi. Gamla björgunarsveitarhúsið Líkn er ætlað sem menningarhús. Sjóminjasafn og Ingjaldshólskirkja eru sunnan þjóðvegar. Einnig er gert ráð fyrir að reisa þjóðgarðsmiðstöð fyrir Snæfellsjökulspjóðgarð við Hellissand sunnan vegar.

S-1: Þjóðgarðsmiðstöð fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul er fyrirhuguð vestast á Hellissandi, sunnan vegar. Haldin var opin hugmyndasamkeppni um hönnun þjóðgarðsmiðstöðvarinnar og vann tillaga ARKÍS samkeppnina. Þar hefjast framkvæmdir á árinu 2017 og búast má við að byggingin hafi aðdráttarafl vegna byggingarlistræns gildis. Stærð svæðis 11.300 m<sup>2</sup>.

S-2: Sjóminjasafn er austan lóðar fyrir þjóðgarðsmiðstöð. Þar er fagurt umhverfi og gönguleiðir tengja lóðirnar og nánasta umhverfi. Stærð svæðis er 9.400 m<sup>2</sup>. *Gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri safnsins og að þar geti þróast verslun og veitingabjónusta.*

S-3: Félagsheimilið Röst á Hellissandi var um tíma notað sem ráðhús Snæfellsbæjar. Stærð svæðis er 5.000 m<sup>2</sup>. *Eftir flutning ráðhúss á miðsvæði við Klettsbúð er æskilegt að meta hvernig hægt er að stuðla að aukinni notkun félagsheimilisins. Þar mætti t.d. halda fundi, minni ráðstefnur og skemmtanir fyrir heimamenn og aðkomuhópa.*

S-4: Grunnskóli og íþróttahús eru við Keflavíkurgötu. Gerðar hafa verið úrbætur vegna aðkomu og rútuaksturs vegna öryggis barna. Lóðin er vel

frá gengin og í tengslum við opið svæði við Höskuldsá. Stærð svæðis er 14.000 m<sup>2</sup>. Ekki er talin þörf fyrir uppbyggingu á skipulagstímabilinu, en svæðinu verði áfram vel við haldið.



Arkís arkitektar

S-5: Leikskóli er vel staðsettur varðandi umferðaröryggi og tengsl við gott útivistarsvæði. Stærð svæðis er 6.800 m<sup>2</sup>. *Ekki er talin þörf á stækku leikskólans nema um verulega fjölgun barna verði að ræða.*

S-6: Í gamla slysavarnarhúsinu verður rekin listamiðstöð/menningarhús. Stærð svæðis 900 m<sup>2</sup>.

S-7: Ingjaldshóll er forn kirkjustaður og sóknarkirkju er fyrst getið þar árið 1317, en núverandi kirkja var vígð í október 1903. Við kirkjuna er safnaðarheimili og kirkjugarður. Stærð svæðis er 27.000 m<sup>2</sup>. *Mikilvægt er að halda kirkjunni vel við og að áfram verði hlúð að kirkjugarði og umhverfi hennar.*

S-8: Mastur, endurvarpi er sunnan þjóðvegar, nærri Ingjaldshólskirkju. Stærð svæðis er 1.000 m<sup>2</sup>.

**Stefna í aðalskipulagi:** Á Hellissandi er bæjarskrifstofan í góðu húsnæði, leikskólarlóð og skólarlóð eru rúmgóðar og í tengslum við opin svæði. Áætlað er að á reitum fyrir samfélagsþjónustu sé nægjanlegt rými fyrir áframhaldandi þróun samfélagsþjónustu á skipulagstímabilinu.

### 3.1.4.3 Arnarstapi og Hellnar

Ekki er gert ráð fyrir neinni samfélagsþjónustu á Arnarstapa, nema þjónustu í Hellnakirkju.

S-1: Hellnakirkja var vígð 1945 og er bárujárnsklædd timburkirkja. Hún stendur fallega á hæðardragi á Hellnum þar sem hún setur mikinn svip á staðinn. Stærð svæðis er 6.600 m<sup>2</sup>. *Hellnakirkja er ekki friðuð, en hana ber að vernda og halda henni og umhverfi hennar vel við.*

### 3.1.4.4 Dreifbýlið

S-1: Í Staðarsveit er kirkja og prestssetur að Staðastað. Kirkjustaður á Staðastað á sér langa sögu og er mikilvægt fyrir sunnavert nesið að halda prestsetri þar. Núverandi kirkja er steinkirkja reist á árunum 1942-1945. Stærð svæðis er um 800 m<sup>2</sup>. *Æskilegt er að halda kirkjunni vel við og vernda hana.*

S-2: Að Lýsuhóli er einstök heit ölkelduvatnslaug, félagsheimili og skóli. Stærð svæðis er 34.000 m<sup>2</sup>. *Fyrirhugaðar eru umhverfisbætur við laugina og endurbætur á henni. Opnunartími verði lengdur og hugmyndir eru uppi um gestastofu. Lýsuhólsskóli og leikskóli að Lýsuhóli þjóni áfram íbúum í sunnanverðum Snæfellsbæ.*

S-3: Búðakirkja var endurreist fyrir tilstuðlan Steinunnar Sveinsdóttur árið 1848. Kirkjan var endurreist í upprunalegri mynd og vígð árið 1987. Kirkjan er á friðlandi og hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Stærð svæðis fyrir kirkju og kirkjugarð er 2.900 m<sup>2</sup>. *Búðakirkja er mikið augnayndi og mikilvægt er að gert verði deiliskipulag fyrir Búðir, þar sem aðkomu og umhverfi kirkjunnar verði gerð skil.*

S-4: Að Brimilsvöllum er kirkja sem var vígð árið 1923. Stærð svæðis fyrir kirkju og kirkjugarð er 800 m<sup>2</sup>. *Æskilegt er að halda kirkjunni vel við og vernda hana.*

**Stefna í aðalskipulagi:** Lögð er áhersla á að halda í þá samfélagsþjónustu sem er til staðar í sunnanverðum Snæfellsbæ. Skóli og leikskóli að Lýsuhóli þjóni börnum á sunnanverðu nesinu og er það mikilvægt til að koma í veg fyrir akstur með börn um Fróðárheiði að vetrarlagi. Þar er einnig heimilt að reka verslun og ferðapjónustu.

Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að hafa starfandi prest með búsetu að Staðastað, sem þjóni við kirkjur í sunnanverðum Snæfellsbæ. Nú þegar er mikið um hjónavígslur í kirkjunni að Búðum og má búast við að slíkri þjónustu vaxi fiskur um hrygg vegna aðráttarafls svæðisins.

### 3.1.5 Athafnasvæði (AT)

Úr skiplagsreglugerð: "Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfust mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

Markmið U14: Matvælaframleiðsla fari fram í beinum og nánum tengslum við náttúruna og með sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi

Markmið U15: Hráefni við strandlengjuna verði nýtt með sjálfbærum hætti

#### Almenn stefna um athafnasvæði:

Mótuð verði stefna í aðalskipulagi um hvar er þörf fyrir atvinnuhúsnaði og hvernig þörfum verði mætt.

Mikilvægt er að nýta lóðir á athafnasvæðum vel, því takmarkað framboð er á lausum athafnalóðum og lítið er um ónotað húsnæði nema hús sem ætlað var fyrir vatnsverksmiðju. Athafnasvæði í þéttbýli eru m.a. staðsett við hafnarsvæði. Þar er að finna lítt mengandi fiskverkun og aðra matvælaframleiðslu sem tengist sjávarfangi auk ýmiss konar annarrar starfssemi. Athafnasvæði eru einnig á svæðum sem henta fyrir lítt mengandi iðnað og annan matvælaiðnað en vinnslu sjávarafurða.

#### 3.1.5.1 Ólafsvík

Í Ólafsvík er skilgreint athafnasvæði við hafnarsvæðið og við Dalbraut.

AT-1: Athafnasvæði er við hafnarsvæðið og afmarkast af Snoppuvegi til austurs, Norðurtanga til suðurs, Ólafsbraut til vesturs og sjó til norðurs. Á reitnum er fjölbreytileg starfsemi, verksmiðjur, geymslur og all margir íbúar. Þar er einnig Vör-Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun. Stærð svæðis er 28.703 m<sup>2</sup>.



KJ

AT-2: Dalbraut. Svæðið við Dalbraut er skilgreint sem athafnasvæði, en þar er nú þegar víslar að athafnastarfsemi í formi lítt mengandi iðnaðar. Framtíðar uppbyggingu fyrir athafnastarfsemi verður beint á þetta svæði og á reitnum verði svigrúm fyrir þjónustu og smáiðnað, verkstæði og hjóla og/eða bílaleigu. Stærð svæðis er 47.000 m<sup>2</sup>.

AT-3: Á lóðinni að Dalbraut 2 er gert ráð fyrir áframhaldandi athafnastarfsssemi. Stærð svæðis er  $3.100 \text{ m}^2$ .

**Stefna í aðalskipulagi:** *Gert er ráð fyrir að áfram þróist fjölbreytileg starfsemi á reit við hafnarsvæði, s.s. þjónusta við ferðamenn og einnig verði heimilt að hafa þar íbúðir á efri hæðum.*

Á reitum við Dalbraut er æskilegt að á jarðhæðum verði hreinleg atvinnustarfsemi. Íbúðir eru heimilar á efri hæðum, en athafnastarfsemi er ríkjandi á reitnum og ef íbúðir hamla athafnastarfsemi víki þær. Í deiliskipulagi verði lögð áhersla á að athafnsvæðið gangi ekki nærrí tjörnunum í Hvalsá og næsta nágrenni þeirra, en þær setja sterkan svip á aðkomu Ólafsvíkur. Skilgreint verði gróðurbelti milli athafnsvæðisins og nærliggjandi íbúðarsvæðis. Í næsta nágrenni er tjaldsvæði og mögulegt framtíðar íþróttasvæði auk fallegra útvistarsvæða og því þarf að vanda til uppbyggingar á svæðinu.

### 3.1.5.2 Hellissandur og Rif

Á Hellissandi eru skilgreind tvö athafnsvæði, eitt við Hellisbraut og annað við Naustabúð. Athafnsvæði er skilgreint vestan Hafnargötu á Rifi og er það í góðum tengslum við hafnarsvæðið, enda megin starfsemin þar tengd höfninni.

#### Athafnsvæði á Hellissandi.

AT-1: Hellisbraut 1. Gert ráð fyrir athafnsvæði og áframhaldandi starfsemi á reitnum. Stærð svæðis er  $6.100 \text{ m}^2$ .

AT-2: Naustabúð. Þegar er athafnastarfsemi á lóðum nr. 1, 5 og 7 við Naustabúð. Stærð svæðis er  $4.700 \text{ m}^2$ .

**Stefna í aðalskipulagi:** *Ef núverandi starfsemi á Hellisbraut 1 leggst af, má nýta húsakost til fjölbreytilegrar lítt mengandi atvinnustarfsemi, t.d. fyrir markað með sjávarfang. Á reit við Naustabúð er heimilt að hafa íbúðir á efri hæðum, í bland við hreinlega athafnastarfsemi á svæðinu.*

#### Athafnsvæði í Rifi.

AT-3: Vestan Hafnargötu er athafnsvæði. Þar er nokkuð svigrúm til viðbygginga í samræmi við gildandi deiliskipulag. Þegar er hafin áhugaverð þróun á reitnum með Frystiklefanum, en þar er boðið upp á menningartengda starfsemi, m.a. leiksýningar. Þar er einnig gistiþjónusta með rekstrarleyfi. Á reitnum er einnig bifreiðaverkstæði o.fl, en gert er ráð fyrir að á reitnum geti þróast aukin verslun og þjónusta. Heimilt er að gera ráð fyrir íbúðum á efri hæðum. Stærð svæðis er  $49.000 \text{ m}^2$ .

**Stefna í aðalskipulagi:** *Gert er ráð fyrir að á athafnsvæði vestan Hafnargötu megi verða fjölbreytileg atvinnustarfsemi sem er lítt mengandi og ekki truflandi fyrir íbúðarbyggð. Ef/þegar geymslusvæði hafnarinnar verður fært frá Háarifi 2, er æskilegt að á lóðinni verði þjónusta við íbúa og ferðamenn.*

### 3.1.5.3 Arnarstapi og Hellnar

EKKI eru athafnsvæði á Arnarstapa eða Hellnum. Þar eru sorpilát á afmörkuðum svæðum sem falla undir landnotkun á viðkomandi svæðum.

### 3.1.6 Iðnaðarsvæði (I)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirkir, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni."

Í svæðisskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

Markmið U20: Snæfellsnes sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum.

Markmið U39: Flokkun úrgangs og endurnýting aukist.

**Almenn stefna um iðnaðarsvæði:** Í aðalskipulaginu er mótuð stefna um að bæjarfélagið verði áfram án mengandi stóriðju og starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins.

Það er stefna bæjaryfirvada Snæfellsbæjar að nýta vatnsafl og vindorku í bæjarfélaginu til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við stefnu um sjálfbæra þróun. Mikilvægt er að tryggja öryggi, því flutningslína frá Vatnshömrum að Vegamótum er eina línan sem þjónar öllu Snæfellsnesi. Hún var lögð árið 1974, en ekki eru uppi áform um endurnýjun hennar á næstu árum. Af þessari ástæðu er talið mikilvægt að stuðla að raforkuframleiðslu í bæjarfélaginu til að minnka þörf fyrir aðflutta raforku. Rafmagnstruflanir eru nokkuð tíðar og þá keyrir RARIK dísel varaflstöð sem er við Rjúkandavirkjun. Péttbýlisstaðir á norðanverðu nesinu eru á köldu svæði og er því mjög brýnt að hafa alltaf aðgang að nægu rafmagni.

Aðalskipulag er tengt landnotkun og bæjaryfirvöld vilja stuðla að sjálfbærri orkuframleiðslu með því að skilgreina landnotkun fyrir iðnaðarsvæði þar sem talið er koma til greina að gera vatnafsvirkjanir og vindmyllugarða. Landeigendur voru hvattir til að koma óskum um vatnsaflsvirkjanir á framfæri. Á EFLU var gerð forathugun þar sem metin voru áhrif vatnsaflsvirkjana m.a. út frá sýnileika mannvirkja, jarðraski og áhrifum á fossa. Mat aðalskipulagsnefndar sem byggt var á forathugun EFLU leiddi til þess að fallið var frá nokkrum virkjanahugmyndum og í örðrum tilvikum voru aðeins minni útfærslur heimilaðar, sérstaklega til að sporna við óæskilegum umhverfisáhrifum á fossa og umhverfi. Huga skal að verndun bakkagróðurs sbr. grein 56 í lögum um náttúrvvern.

Gert var frummat áhrifa af tveimur vindmyllugörðum á og nærrí Gufuskálum, einum milli Hellissands og Rifs og einum vindmyllugarði á landi Elliða í Staðarsveit. Mismunandi kostir voru metnir út frá **nálægð við byggð, ásýnd, skuggaflökti og hljóðvistarmörkum**. Fallið var frá svæðum milli Hellissands og Rifs og í landi Elliða og eru þau ekki sýnd í aðalskipulagstillögu. Ef vindmyllugarðar verða raunhæfur kostur, skal meta umhverfisáhrif út frá áður nefndum páttum, en auk þess út frá áhrifum á fuglalíf, samfélagslegum áhrifum, auk hagkvæmni og annarra þátta sem burfa þykir í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum og fordæmi úr örðum verkefnum. Sjá kafla 3.1.6.2.

Eftirfarandi texti um virkjanakosti er byggður á forathugun á vatnsaflsvirkjunum frá EFLU, upplýsingum frá RARIK og stefnumótun Snæfellsbæjar.

Ekki þarf leyfi Orkustofnunar vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW, nema orka frá raforkuveri sé afhent inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið. Ávallt þarf að sækja um leyfi fyrir stærri orkuver en 1 MW og orkuver 10 MW eða stærri þurfa að komast á rammaáætlun.

Bæjaryfirvöld í Snæfellsbæ vilja stuðla að ör- og smávirkjunum þar sem aðstæður leyfa og þar sem þær valda litlum áhrifum á umhverfið. Í aðalskipulaginu er vatnsaflsvirkjunum og vindorkuverum í Snæfellsbæ skipt í þrjá flokka:

**Örvirkjanir** eru 200 kW eða minni og eru þær tilkynningarskyldar til Snæfellsbæjar og framkvæmdaleyfisskyldar. Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að reisa örirkjun á landbúnaðarsvæðum ef bæjaryfirvöld samþykka framkvæmd, þ.e. vatnsorkuver með allt að 200 kW uppsett afli. Slíkar virkjanir kalla ekki á breytingu aðalskipulags, ef um lítt sýnilega framkvæmd er að ræða, nema virkjun sé á viðkvæmu svæði eða verndarsvæði. Örvirkjanirnar sem hafa verið metnar í frummati og staðist ofannefnd skilyrði eru sýndar á dreifbýlisuppröðrætti til upplýsinga.

**Litlar virkjanir** eru í aðalskipulagi þessu skilgreindar 200 kW til 1 MW, en virkjanir sem eru 200 kW til 10 MW eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu. Slík vatnsaflsvirkjun er almennt með uppistöðulón og önnur mannvirkji, er aðalskipulagsskyld og sýnt er takn fyrir iðnaðarsvæði við stöðvarhús á landnotkunaruppröðrættum.

Ávallt skal gera grein fyrir **virkjunum yfir 1 MW** í aðalskipulagi. Slík framkvæmd kallar á mat á umhverfisáhrifum og að gerð sé grein fyrir henni í aðalskipulagi. Rjúkandavirkjun var nýlega stækkuð í 1.8 MW og lón verður hækkað um 1 m til að auka rekstraröryggi. Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum virkjunum yfir 1 MW í Snæfellsbæ.

Metið verði hvort aðrar sjálfbærar orkunýtingarleiðir en vatnsaflsvirkjanir henta í Snæfellsbæ, t.d. fjarvarmaveitur, varmaskiptar og litlar vindmyllur. Vegna mikillar framþróunar við virkjun vindorku taka bæjaryfirvöld jákvætt í örirkjanir sem verði keyrðar á vindorku í lágri og lítt sýnilegri útfærslu.

Gögn vegna Múlavirkjunar voru kynnt fyrir bæjaryfirvöldum Snæfellsbæjar og var ekki gerð athugasemd við fyrihugaðar framkvæmdir. Virkjunin liggar að mörkum Snæfellsbæjar að norðan.

Starfsleyfi er fyrir sorpurðun í Fíflholtum til 20 ára. Stefnt er að því að safna lífrænum úrgangi í Snæfellsbæ, til að stuðla að moltugerð til jarðvegsbóta og draga úr sorpflutingum. Að öðru leyti er sorpflokkun þegar vel sinnt í bæjarfélaginu og verði áfram leitað leiða til að stuðla að sem mestri endurvinnslu.

Í aðalskipulaginu er leitast við að tryggja nægjanlegt framboð iðnaðarlóða í Snæfellsbæ fyrir starfsemi sem talin er samrýmast hreinleika svæðisins.

### 3.1.6.1 Ólafsvík

Í Ólafsvík eru nú þegar nokkur iðnaðarsvæði. Vestast í bænum, við Útnesveg, er iðnaðarsvæði undir Enni, en þar er snjóflóðahætta og byggð víkjandi. Austast í bænum er iðnaðarsvæði ofan Ólafsbrautar og þrjú svæði tengjast Rjúkandavirkjun,

I-1: Enni. Iðnaðarsvæði neðan við Enni er víkjandi vegna snjóflóðahættu. Þar er nú sorpflokkun en einnig verður gert ráð fyrir möguleika á svæði fyrir sorpflokkun á iðnaðarsvæði við Rif. Stærð svæðis er 33.000 m<sup>2</sup>. Ekki verði byggt eða stuðlað að nýrri starfsemi á reitnum.

I-2 : Austast í bænum ofan Ólafsbrautar er iðnaðarsvæði. Þar eru Vegagerðin og RARIK með aðstöðu, þar er hausabúrrkun sem fer illa í nágrenni við byggð vegna lyktarmengunar. Æskilegt er að koma fyrir aukinni hreinsun á fráloftun. Stærð svæðis er 75.000 m<sup>2</sup>. Á reitnum er rými fyrir framtíðaruppbyggingu.

I-3 : Rjúkandavirkjun, virkjunarhús í Ólafsvík. Húsið ber keim af stílhreinum arkitektúr og er mikilvægt að halda því vel við og vernda yfirbragð þess. Stærð svæðis er 8.000 m<sup>2</sup>.

I-4 : Tengivirkri og aðveisitustöð. Gert er ráð fyrir óverulegri stækkun reits fyrir nýtt yfirbyggjt tengivirkri Landsnets með utanhúss spólum og spennahúsi RARIK í stað útvirkis sem fyrir er. Sækja þarf um byggingarleyfi. Stærð svæðis er 4.900 m<sup>2</sup>.

I-5: Rjúkandavirkjun, uppistöðulón og stíflumannvirki. Gert er ráð fyrir möguleika á að hækka lónið um allt að 1 m til að tryggja rekstraröryggi virkjunarinnar. Vegna landslags hefur hækkan stíflu lítil og staðbundin áhrif, því mjög bratt er að lóninu. Stærð svæðis með hækkan er 9.500 m<sup>2</sup>.



HH

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Vegna nálægðar við byggð er lögð áhersla á að við númerandi starfsemi og hugsanlega uppbyggingu á reit I-2 austarlega í bænum verði fullkommen hreinsun svo komist verði hjá óþægindum vegna mengunar.

### 3.1.6.2 Hellissandur og Rif

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er gert ráð fyrir tveimur iðnaðarsvæðum fyrir vindmyllugarða. Einn er við Gufuskála og annar milli Hellissands og Gufuskála. Með því vilja bæjaryfirvöld stuðla að sjálfbærni bæjarfélagsins við öflun raforku og auknu öryggi við afhendingu rafmagns. Forkönnun þriggja mismunandi kosta var gerð hjá EFLU og er gerð grein fyrir þeim í umhverfisskýrslu, en fallið var frá kosti milli Hellissands og Rifs. **Sjá fylgirit 2, forathugun vegna virkjunar vindorku.**

Í skipulagstillöggunni eru skilgreind ný iðnaðarsvæði í gryfjum eftir efnistöku. Svæðið er lítt áberandi og hentar því vel fyrir grófari iðnað. Þar er m.a. gert

ráð fyrir starfsemi steypustöðvar og flokkunarstöð, enda fer slík starfsemi ágætlega saman.

*Vindmyllugarðar.* Á skipulagsupprætti eru afmörkuð tvö svæði fyrir vindmyllur, eitt að Gufuskálum og eitt milli Gufuskála og Hellissands. Ef/þegar kemur að framkvæmdum þarf að meta umhverfisáhrif og rannsaka svæðin með tilliti til fuglalífs og fluglína helstu fuglategunda sem þar er að finna. Einnig verða metin sjónræn áhrif, hljóðvist, nálægð við byggð og skuggaflökt auk annarra þátta skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Nákvæm staðsetning vindmylla innan svæðis yrði valin eftir því hvað best þykir m.t.t. orkunýtingar, ásýndar og annarra umhverfisáhrifa. Áhrif verði metin miðað við bestu vindmyllur á þeim tíma, en framþróun er mjög ör. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að aðeins kemur til greina að nota hljóðlátasta og besta fáanlega búnað hverju sinni. Gerð er grein fyrir samanburði kosta í umhverfisskýrslu.

I-1a: Gert er ráð fyrir að fjarskiptamastur við Gufuskála víki og vindmyllugarður verði þar sem nú er mastur og stög. Svæðið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og sést viða. Stærð svæðis er 201.000 m<sup>2</sup> (20.1 ha).

I-1b: Lítioð svæði fyrir vindmyllugarð við Krossavík, milli Gufuskála og Hellissands er utan þjóðgarðs. Það er minna að flatarmáli, nærrí þéttbýli á Hellissandi, en vel sýnilegt frá þjóðgarðinum. Stærð svæðis er 53.000 m<sup>2</sup>, (5.3 ha).

I-2: Iðnaðarsvæði við Höfða. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði sem verði m.a. í efnisnámu ofan vegar við Hólsbreið og Höfða. Iðnaðarsvæðið er samofin efnistökusvæði E-2, sem verði fullnýtt og síðan breytist landnotkun hluta efnistökusvæðis í iðnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir að flytja steypustöðina á iðnaðarsvæði I-2 í gryfju þegar efnistöku lýkur. Stærð svæðis er 134.000 m<sup>2</sup> (13.4 ha).

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Bæjaryfirvöld vilja að gestir Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sjái sjálfbærni í verki með því að hafa vindmyllugarð í tengslum við þjóðgarðinn. Ef/þegar hugað verður að framkvæmdum skal hafa samráð við Isavia og Samgöngustofu vegna nálægðar vindmyllugarða

við flugvöllinn í Rifi. Gert er ráð fyrir að ef reistar verði vindmyllur hafi þær veruleg áhrif á umhverfi sitt og metin verða umhverfisáhrif framkvæmdar. Áhrif verði metin með áherslu á sýnileika miðað við þá hæð á myllum sem henta á þeim tíma, hljóðvist, nálægð við byggð, skuggaflökt, samfélagsleg áhrif og áhrif á fuglalíf, auk annarra þátta sem lagðir hafa verið til grundvallar í slíkum verkefnum. Á svæði I-1a er gert ráð fyrir uppsettu afli allt að 9 vindmyllum og 8.1 MW og á svæði I-1b allt að 3 vindmyllum og allt að 3.0 MW.

TAFLA 1 Töflutexti.

SVÆÐI	LÝSING	FJÖLDI VINDMYLLA [STK]	UPPSETT AFL [MW]	HÆÐ VINDMYLLU [M]	STÆRD SVÆÐIS [HA]
I - 1a	Við Gufuskála	9/4	8,1/3,0	55/74,5*	20.1
I - 1b	Norð- austan Gufuskála	3/1	2,7/3,0	55/74,5*	5.3

\*Hæð vindmylla er án spaða, með spöðum bætast við 20-30 metrar.

### Tafla 3: Vindorka

Varðandi mat vindorku sjá kafla 8.7 en niðurstaða mats leiddi til að gerðar eru eftirtaldar kröfur:

- Svæði fyrir vindmyllur sem sýndar eru í aðalskipulagi fari í mat á umhverfisáhrifum
- Mæla skal vind í mismunandi hæð til að meta farsæla hæð á myllum.
- Gera skal sýnileikamyn dir frá mismunandi svæðum, í byggð og þjóðgarði. Sýna mis háar myllur.

- Meta skal þörf fyrir framleiðslu rafmagns á Snæfellsnesi og getu kerfis sem viðtaka.
- Fylgjast skal með flugleiðum fugla, meta gróðurfar, votlendi og önnur verndarsvæði.
- Meta út frá stærðarmörkum rammaáætlunar ef virkjað afl verður yfir 10 MW.

Við Rif er lögð áhersla á að iðnaðar- og efnistökusvæðin nái ekki út fyrir kambana og nýta skal stalla í landi þannig að byggingar á iðnaðarsvæði verði lítt sýnilegar í umhverfinu. Gæta þarf að útsýni frá Ingjaldshóli og ásýnd þangað, við uppbyggingu svæðisins.

### 3.1.6.3 Dreifbýli

Í svæðisskipulagi er mörkuð almenn stefna um að dreifing raforku um allt Snæfellsnes verði tryggð. Í þeim tilgangi verði leitað leiða til að auka raforkuöryggi og lækka orkukostnað á svæðinu. Enn fremur verði unnið að því að allar raflínur verði lagðar í jörðu.

Vegna gerðar aðalskipulags hafa víða í dreifbýlinu komið fram óskir um örþirkjanir og litlar vatnsaflsvirkjanir, en vatnsaflsvirkjanir sem eru yfir 200 kW eru sýndar á landnotkunarupprætti.

Óskað var eftir möguleika á örþirkjunum sem nýta vindorku og vindmyllugarði á jörðinni Elliða. Gerð var forathugun vegna hans hjá EFLU, en bæjarstjórn ákvað að falla frá vindmyllugarði þar vegna vindafars. Einnig komu fram óskir um vindmyllugarð í landi Gauðar eftir að forathugun var gerð, en bæjaryfirvöld félust ekki á hann vegna nálægðar við Löngufjörur og fjölsóttar reiðleið.

I-1, vatnsaflsvirkjun í Stóru-Furu. Ef hugað verður að framkvæmdum skal tilkynna um framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Stærð allt að 220 kW.

I-2, vatnsaflsvirkjun í Barnalæk. Ef hugað verður að framkvæmdum skal meta umhverfisáhrif ef inntak verður ofan fossa (340 kW), en ef inntak verður neðan fossa er um örþirkjun að ræða (70 kW).

I-3, vatnsaflsvirkjun í Lýsu. Veiði er í Lýsuvatni og þarf að meta áhrif á fisk þar. Ef hugað verður að framkvæmdum skal tilkynna um framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Stærð allt að 700 kW.

I-4, vatnsaflsvirkjun í Bláfeldará. Ef hugað verður að virkjun fleiri en einnar kvíslar skal tilkynna um framkvæmd til Skipulagsstofnunar og meta samlegðaráhrif virkjana. Stærð gæti verið allt að  $190+100+110$  kW.

I-5, vatnsaflsvirkjun í Kálfá. Ekki er fallist á að virkja báðar kvíslar vegna mikilla umhverfisáhrifa. Metnir voru mis stórir kostir (230, 160 og 250 kW) og tilkynna skal um framkvæmd til Skipulagsstofnunar ef einhver þeirra verður valinn. Ef virkjað verður neðan fossa er um örþirkjun að ræða (70 kW) sem er tilkynningarskyld til Snæfellsbæjar.

**Gerð er grein fyrir forathugun vatnsaflsvirkjana í fylgiriti 1 og niðurstöðu mats í umhverfisskýrslu.**

Samantekt í töflu hér að framan er unnin á EFLU um vindorku og sýnir frummat þeirra kosta sem komu til greina.

Þar hafa helstu upplýsingar verið teknar saman um vindorkunýtingu á fjórum svæðum sem voru metin í forathugun innan Snæfellsbæjar. Tilgangurinn er að skýra betur umfang þeirrar greiningar sem unnin var fyrir svæðin fjögur. Bæjarstjórn ákvað að falla frá hugmyndum um vindmyllugarð milli Hellissands og Rifs og í landi Elliða og eru þeir ekki sýndir í aðalskipulagstillögu.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Bæjaryfirvöld vilja stuðla að sjálfbærni í orkuöflun og öryggi í raforku. Forathugun vatnsaflsvirkjana var gerð af EFLU og við yfirferð og mat aðalskipulagsnefndar var ákveðið að sleppa fáeinum virkjunum sem óskað var eftir eða sýna þær í aðalskipulagi í minni útfærslu, vegna umhverfisáhrifa á viðkvæmum svæðum og áhrifa á fossa.

Ekki er gert ráð fyrir vatnsaflsvirkjunum yfir 1 MW í dreifbýli Snæfellsbæjar. Ef slík framkvæmd verður fyrirhuguð kallar það á breytingu aðalskipulags og mat á umhverfisáhrifum.

**Litlar virkjanir** 200 kW til 10 MW eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu. Slik vatnsaflsvirkjun er almennt með uppistöðulón og önnur mannvirkir, er aðalskipulagsskyld og sýndur er reitur fyrir iðnaðarsvæði við stöðvarhús.

Ekki er gert ráð fyrir vindmyllugarði í dreifbýli Snæfellsbæjar.

**Varðandi virkjanir í dreifbýli, sjá forathugun vatnsaflsvirkjanakosta í fylgiriti 1 og forathugun vindorku í fylgiriti 2.**

### 3.1.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda."

**Almenn stefna um efnistöku- og efnislosunarsvæði:** Bæjaryfirvöld vilja tryggja aðgang að góðu efni sem þörf er á innan bæjarmarkanna. Lögð er áhersla á góða umgengni við alla efnistöku og sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir alla efnistöku. Það er háð stærð og umfangi efnistöku hvort tilkynna þarf til bæjarfélagsins eða Skipulagsstofnar um fyrirhugaða efnistöku í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrufum. Efnistöku- og efnislosunarsvæði eru skilgreind í aðalskipulaginu og umfang og áhrif metin á svæðum sem talin eru hafa umhverfisáhrif. Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun er gert ráð fyrir að efnistaka til eigin nota sem er minni en 5 vörubílar á ári verði ekki metin sérstaklega, nema á viðkvæmum svæðum og eru námur til einkanota ekki sýndar á aðalskipulagsuppdráttum. Ef efnistaka er við vötn eða ár, skal hafa verndun bakkagródurs í huga, sbr. grein 56 í lögum um náttúrvernd.

Vegagerðin hefur skráð helstu efnistökustaði á Snæfellsnesi og jafnframt var á vegum Snæfellsbæjar unnið að yfirliti um námur í bæjarféluginu. Við ákvörðun efnistökustaða, efnislosunar- og efnisgeymslustraða við gerð aðalskipulags hefur verið haft samráð við Vegagerðina, framkvæmdaaðila í Snæfellsbæ, landeigendur og hafnarstjóra Snæfellsbæjar.

Lögð er áhersla á að nýta allt efni sem best og er því gert ráð fyrir efnisgeymslusvæðum. Eðli slíkra svæða er að þar geta íbúar jafnt sem bæjaryfirvöld skilað af sér nothæfu efni sem hægt er að nýta síðar. Ef slík svæði eru áveðurs, er mikilvægt að mynda skjól fyrir vind til að koma í veg fyrir efnisfok frá þeim. Varðandi efnistöku voru umhverfisáhrif metin og yfirferð aðalskipulagsnefndar leiddi til þess að fallið var frá tveimur efnistökustöðum í hrauni. **Sjá fylgirit 3 um forathugun á efnistökustöðum.**

#### 3.1.7.1 Ólafsvík

Í Ólafsvík er aðeins skilgreint eitt efnistökusvæði.

E-1-Ól: Ólafsvíkurenni, efnistökusvæði sem hefur verið í notkun um nokkurra ára skeið, gengið var frá deiliskipulagi af því árið 2009 í samráði við Umhverfisstofnun, en ganga þarf frá gildistöku þess. Stærð svæðis er 9.700 m<sup>2</sup>. Þar er einnig efnisgeymsla.

Í Enni var mikið sár eftir vegskeringu. Þar skal nýta ónotað efni og lagfæra rask til að draga úr umhverfislytum. Samkvæmt mælingu á staðnum verða teknir allt að 39.000 m<sup>3</sup>. Áfram má nýta efni sem hrynr úr fjallinu og gæti valdið hættu á skriðum eða snjóflóðum. Þar verði um sjálfbæra efnistöku að ræða í samræmi við hrún úr fjallinu.


#### 3.1.7.2 Hellissandur og Rif

Fjögur efnistökusvæði eru skilgreind á þéttbýlisupprætti fyrir Hellissand og Rif, en þau eru öll sunnan og austan við Rif. Tvö þeirra eru nokkuð umfangsmikil, annars vegar strandlengjan austan við Rif og hins vegar svæðið austan flugvallar. Einnig eru skilgreind efnistökusvæði við Höfða.

##### Efnistökustaðir við Rif

E-1-Rif: Háuhöfðar – grjótnáma. Efnistökusvæði var endurmetið 2013 og 2016. Stærð mögulegs grjótvinnslusvæðis er liðlega 2 ha og rúmmál vinnanlegs bergs er um eða yfir 200 þúsund m<sup>3</sup>. E-1 hentar vel til grjótnáms og er lítt sýnilegt frá umhverfinu.

E-2-Rif: Höfðar – gömul grjótnáma sem Vegagerðin og hafnarstjóri Snæfellsbæjar vilja nýta áfram. Hluti af gömlu efnisnámunni verður nýttur undir iðnaðarsvæði og sem efnisgeymslusvæði, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að fullnýta raskað svæði. Stærð svæðis er 108.000 m<sup>2</sup> (10.8 ha).



Skýringakort - efnistöku- og efnislosunarstaðir - mælikvarði 1 : 200.000

Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031

Á svæði E-2 verði þess gætt að ekki verði hreyft við útbrún svæðisins svo svæðið verði áfram lítt sýnilegt frá þjóðvegi. Nýting hér eftir gengur fyrst og fremst út á að ganga vel frá svæðinu.

E-3-Rif: Laxá á Breið – Leitast er við að halda efnistöku sjálfbærri, þannig að jafnvægi haldist í efnisframburði og efnistöku. Magn efnis sem verður tekið er því breytilegt frá einu ári til annars og í samræmi við framburð. Stærð svæðis er  $437.000 \text{ m}^2$  (43.7 ha).

E-4-Rif: Harðikambur – Leitast er við að halda efnistöku sjálfbærri, tekið er efnis sem sjór ber á land á vestari hluta svæðisins. Á austari hluta svæðisins er tekið steypuefni. Bæjaryfirvöld hafa sett relgur um magn sem taka má á ári hverju. Stærð svæðis er  $125.000 \text{ m}^2$  (12.5 ha).

Á svæðum E-3 og E-4 verði þess gætt að efnistaka verði sjálfbær, þannig að efnistaka sé í takt við framburð ár og efnis sem sjór flytur á land hverju sinni. E-3 1-2 þús m<sup>3</sup> á ári og E-4 hámark 1 þús m<sup>3</sup> árlega.

Engin efnistökusvæði eru skilgreind á Arnarstapa og Hellnum.

### 3.1.7.3 Dreifbýli

Í Dreifbýli Snæfellsbæjar eru skilgreindir megin efnistökustaðir og eru þeir merktir með E og númeri. Á skýringarkorti eru einnig sýndir efnistökustaðir merktir með E og númeri. Það eru litlir efnistökustaðir, ætlaðir til heimanota og efnistaka verði allt að 5 vörubílar á ári. Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun er talið að umhverfisáhrif af þeim verði almennt lítill og þau ekki metin sérstaklega nema ef kemur í ljós ástæða til annars og er ekki gerð grein fyrir þeim á landnotkunarkortum aðalskipulags.

Efnistökustaðir á dreifbýlisupprætti eru merktir frá austri til vesturs að sunnanverðu og svo hrингinn og til austurs að norðan. **Varðandi forathugun efnistöku á jörðum, sjá fylgirit 3.**

E-1: Gaul-Stekkjarellir, stærð svæðis  $4.500 \text{ m}^2$  og er hægt að taka 7-8 þús m<sup>3</sup>.

E-2: Furubrekk/Foss, stærð svæðis  $38.000 \text{ m}^2$ , gamall efnistökustaður, náma verði fullnýtt og síðan gengið frá svæðinu.

E-3: Ölkelda, stærð svæðis  $5.600 \text{ m}^2$  og alls um 4-5 þús m<sup>3</sup>.

E-4: Ölkelda/Álfvatn, gamall melur og mikið efni, stærð svæðis  $29.000 \text{ m}^2$  og hægt að taka um eða yfir 3 þús m<sup>3</sup>.

E-5: Staðastaður, stærð svæðis  $42.900 \text{ m}^2$  og 4-5 þús m<sup>3</sup>.

E-6: Ytri-Tunga, stærð svæðis  $51.000 \text{ m}^2$ , gömul náma, mikið efni allt að 10 þús m<sup>3</sup>.

E-7: Lýsuhóll, stærð svæðis  $6.200 \text{ m}^2$ , taka 1-2 þús m<sup>3</sup> á nokkurra ára fresti til að áin flæði síður yfir bakka sína.

E-8: Bláfeldur, stærð svæðis  $8.700 \text{ m}^2$ , sjálfbær efnistaka úr farvegi, magn háð framburði.

E-9: Kinnarland/Öxl, stærð svæðis  $8.900 \text{ m}^2$ , efnistökustaður verði fullnýttur og gengið frá honum.

E-10 a og b: Rjúpnaborgir á Fróðárheiði, stærð svæðis  $25.000 \text{ m}^2$ . Efnistaka nauðsynleg til að draga úr snjósöfnun. Vegargerðin mun taka 15-20 þús m<sup>3</sup>.

E-11: Fróðárheiði við Miðfell, stærð svæðis  $32.000 \text{ m}^2$ , gömul náma en mikið efni eftir. Burðarhæft efni.

E-12: Syðri-Knarrartunga/Knörr, stærð svæðis  $16.000 \text{ m}^2$ , tekin eru 2-3 þús m<sup>3</sup> á ári.

E-13: Stóri-Kambur, stærð svæðis  $5.200 \text{ m}^2$ , sjálfbær efnistaka framburðar.

E-14: Stóri-Kambur, stærð svæðis  $4.700 \text{ m}^2$ , sjálfbær efnistaka framburðar.

E-15: Stapaland, Smálækjarhlíð, stærð svæðis  $21.000 \text{ m}^2$  náman verði fullnýtt, en í námubotninum er mikið efni. Gengið verði frá námu að efnistöku lokinni.

E-16: Miðvellir, stærð svæðis  $25.000 \text{ m}^2$ , sjálfbær efnistaka vegna framburðar.

E-17: Malarrif, grjótnáma stærð svæðis  $12.159 \text{ m}^2$  og 30-40 þús m<sup>3</sup>.

E-18: Malarrif, efnisgeymslusvæði, stærð svæðis  $3.200 \text{ m}^2$ .

E-19: Gufuskálar, stærð svæðis  $30.000 \text{ m}^2$  og 1-2 þús m<sup>3</sup>, sjálfbær notkun vegna framburða, ganga snyrtilega frá svæði jafn óðum.

E-20: Gufuskálar, stærð svæðis  $19.000 \text{ m}^2$ , sjálfbær efnistaka vegna framburðar.

E-21: Gufuskálar, stærð svæðis  $2.100 \text{ m}^2$ , sjálfbær notkun vegna framburðar, gengið snyrtilega frá svæði jafn óðum.

E-22: Fróðá, stærð svæðis  $54.000 \text{ m}^2$ , sjálfbær efnistaka, aðeins má taka efni í samræmi við efnismagn sem sjór ber á land árlega. Laga þarf svæði eftir númerandi efnistöku.

E-23: Fróðá, stærð svæðis  $14.000 \text{ m}^2$ , hægt að taka um 10 þús m<sup>3</sup>, verði fullnýtt í fyllingar og ganga frá námu. Efnistökustaðurinn var færður eftir auglýsingu í samræmi við nýjar upplýsingar um hnit frá Vegagerðinni.

E-24: Fróðárheiði, stærð svæðis 14.000 m<sup>2</sup>, hægt að taka um 3-4 þús m<sup>3</sup>, ganga frá og loka. Raskað og ógróið land, en sést frá vegi.

E-24b: Einnig óskaði Vegagerðin eftir möguleika á efnistöku úr stapa austan Valavatns, stærð svæðis um 2.700m<sup>2</sup>. **Par verði eingöngu tekið efni vegna uppbyggings vegar um Fróðárheiði ef allt annað nothæft efni þrýtur.**

E-25: Neðri- og Efri-Hrísar og Porgilsstaðir, stærð svæðis 11.000 m<sup>2</sup>, sjálfbær efnistaka vegna framburðar.

E-26: Mávahlíð, stærð svæðis 20.000 m<sup>2</sup>, mikið líparítefni, ljóst efni sem fellur almennt ekki vel að umhverfi í Snæfellsbæ.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Lögð er áhersla á að umgengni verði góð á og við efnistökusvæði, raskað verði sem minnstum svæðum, þau fullnýtt og gengið frá þeim jafn óðum. Með því móti verði tryggt að lítil svæði verði opin.

Efnistöku- og efnisgeymslusvæði að Malarrifi eru á viðkvæmu svæði innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. E-17 er grjótnáma í Malarrifi og E-18 er efnisgeymslusvæði. Par er fyrirhugað að taka grjót í varnargarð við höfnina á Arnarstapa. Ómar Bjarki Smárason hefur metið grjótnámið fyrir Hafnarstjórn Snæfellsbæjar og gert tillögu að vinnslu sem raski umhverfi sem minnst. Par er gert ráð fyrir að raska um 1.2 ha lands, þykkt hraunlags er um 6-8 m. Par ætti að vera hægt vinna af svæðinu hátt í 100.000 m<sup>3</sup> af sprengdu efni og er efnistakan því tilkynningarskyld í samræmi við 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum, gr. 2.03.

### 3.1.8 Frístundabyggð (F)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærbjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhysi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum."

**Almenn stefna um frístundabyggð:** Nokkur frístundasvæði eru skilgreind í bæjarfélaginu. Þau stærstu eru á Arnarstapa og Hellnum. Svæðið nýtur vinsælda meðal ferðamanna, það liggur við jaðar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og hefur þótt aðskilegt að beina frístundabyggð þangað. Í dreifbýli verði staðsetning frístundabyggðar skilgreind þannig að ekki verði raskað hraunum eða votlendi og túnum verði hlíft eftir föngum. Leitast verði við að fella frístundabyggð að jaðri ræktaðs lands. Breytilegt nýtingarhlutfall er skilgreint á mismunandi svæðum og er frá 0.02 til 0.05.

Ef ákvæði í deiliskipulagi eru strangari á viðkomandi svæðum, gilda ávallt strangari ákvæðin. Í deiliskipulagi skal gæta þess að frístundahús í dreifbýli verði minnst 100 m frá þjóðvegi og 50 m frá almennum vegum í samræmi við grein 5.3.2.5 d í skipualgsreglugerð.

*Ef nota á frístundahús í dreifbýli til ferðapjónustu umfram 90 daga á ári eða á ársgrundvelli, þarf að sækja um heimild til Snæfellsbæjar og skrá viðkomandi hús sem atvinnuhúsnæði. Ávallt skal ganga frá deiliskipulagi ef fyrirhugað er að reisa frístundahús á svæðum fyrir frístundabyggðir í dreifbýli sem verða notuð fyrir ferðapjónustu. Þetta á við um allt dreifbýli að meðtöldum svæðum fyrir frístundabyggð á rammahluta aðalskipulags.*

#### 3.1.8.1 Ólafsvík

Eitt frístundasvæði er við Ólafsvík.

F-1: Frístundabyggð austast í Ólafsvík. Par er í gildi deiliskipulag fyrir 10 lóðir sem gætu t.d. hentað fyrir brotflutta íbúa og hestafólk. Svæðið tengist góðum útvistarsvæðum og gönguleiðum og er stutt frá hesthúasvæði.

Hámarks nýtingarhlutfall verði ekki hærra en 0.02 og er þá haft í huga að unnt sé að hafa hestagerði á lóð. Stærð svæðis er 87.000 m<sup>2</sup> eða 8.7 ha. *EKKI er gert ráð fyrir fjölgun lóða eða stækkan svæðis.*

#### 3.1.8.2 Hellissandur og Rif

Þrjú frístundasvæði eru skilgreind sunnan þjóðvegar við Hellissand. Eitt þeirra er almennt svæði, annað er ætlað til almennrar útleigu í tengslum við tjaldstæði og það þriðja er stök lóð frístundahúss. Nýtingarhlutfall á lóðum verði hvergi hærra en 0.05.

F-1: Frístundabyggð suðvestan við Hellissand. Svæðið er skjólgott, þar er gert ráð fyrir fáeinum lóðum fyrir frístundahús og er stærð svæðis 19.438 m<sup>2</sup>. *Við gerð deiliskipulags skal fella götu og litla byggingarreiti í hraunbolla og setja ströng ákvæði um að ekki verði rask utan byggingarreita.*

F-2: Sunnan tjaldstæðis er gert ráð fyrir örfáum smáhýsum sem verði til almennrar útleigu í tengslum við tjaldstæðareksturinn. Með því móti verði stuðlað að því að sem flestir geti notið þessa stórbrotna svæðis. Stærð

svæðis er 5.500 m<sup>2</sup>. Við gerð deiliskipulags skal fella litla byggingarreiti í hraunbolla og setja ströng ákvæði um að ekki verði rask utan byggingarreita.

F-3: Hruni við Hellissand er eitt stakstætt frístundahús. Stærð svæðis er 2.400 m<sup>2</sup>. Ekki gert ráð fyrir fjölgun húsa þar.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Í deiliskipulagi á svæðum F-1 og F-2 verði lögð áhersla á að fella húsin vel að landi og leggja þau í bolla í hrauninu.

### 3.1.8.3 Rammahluti dreifbýlis, Arnarstapi og Hellnar

Nyrst á Arnarstapa er frístundasvæði við Sölvaslóð, sem er nánast fullbyggt og frístundasvæði við jaðar Hellnahrauns er fullbyggt. Einnig er skilgreint nokkuð rúmt svæði sem afmarkast af Múslaslóð að vestan, Sölvaslóð að norðan og Álfaslóð að austan, en þangað verði framtíðar uppbyggingu frístundahúsa beint.

Á Arnarstapa er gert ráð fyrir að heimilt nýtingarhlutfall á frístundalóðum verði 0.02 til 0.05, nema strangari skilgreining sé í deiliskipulagi.

F-1: Álfafell er stakstætt hús sem hefur verið nýtt sem frístundahús. Hluti lóðarinnar neðan hrauns er skilgreindur fyrir frístundabyggð. Stærð svæðis er 30.000 m<sup>2</sup>. Ef hugað verður að frekari uppbyggingu, verði hús lögð neðan hraunjaðars og hrauni verði ekki raskað.

F-2: Nyrst á Arnarstapa er í gildi deiliskipulag fyrir 11 lóðir fyrir frístundahús við Sölvaslóð og eru þær allar þegar byggðar. Stærð svæðis er 38.000 m<sup>2</sup>.

F-3: Við Múslaslóð, Álfaslóð og á suðurhluta Sölvaslóðar er í gildi deiliskipulag fyrir all mörg frístundahús. Þar eru á annan tug lausra frístundalóða og er gert ráð fyrir að þær anni eftirspurn allt skipulagstímbilið. Stærð svæðis er 215.000 m<sup>2</sup> eða 21.5 ha.

F-4: Við Móa eru deiliskipulagðar 9 frístundalóðir sem allar eru fullbyggðar Stærð svæðis er 23.000 m<sup>2</sup>.

F-5: Næst Hellnahrauni við Jaðar og Lækjarkbakka er í gildi deiliskipulag fyrir 27 lóðir og eru þær allar þegar byggðar. Stærð svæðis er 71.000 m<sup>2</sup>, eða 7.1 ha.

Á Hellnum er gert ráð fyrir að frístundabyggð geti umlukið þorpið.

F-6: Sunnan við Hellnahraun er lítið frístundasvæði á landi Skjaldartraðar. Þar eru þegar fjögur hús. Stærð svæðis er 38.435 m<sup>2</sup>. Ef hugað verður að frekari uppbyggingu, verði hús felld vel að landi í deiliskipulagi og viki frá skráðum minjum.

F-7: Stök lóð er við ströndina úr landi Gíslabæjar. Þar er í gildi deiliskipulag frá 1988 fyrir eitt frístundahús. Stærð svæðis er 4.000 m<sup>2</sup>.

Umfangsmikil frístundasvæði eru sunnan, vestan og norðvestan við Hellnaplássið.

F-8: Sunnan við þorpið er stórt frístundasvæði á landi Melabúðar, Gíslabæjar og Laugarbrekku. Ekki liggur fyrir deiliskipulag nema af litlu svæði í norðaustur horni svæðisins. Þar eru fáein eldri hús og fáein ný samkvæmt nýlegu deiliskipulagi. Fjórar lóðir eru enn óbyggðar. Stærð svæðis er 886.000 m<sup>2</sup> eða 88.6 ha.

F-9: Suðaustan við Hellna er umfangsmikið svæði á landi Brekkubæjar, Skjaldartraðar og Laugarbrekku. Aðeins er í gildi nýlegt deiliskipualg fyrir þjár lóðir á landi Laugarbrekku, austan við eldra frístundahús. Stærð svæðis er 1.255.000 m<sup>2</sup> eða 125.5 ha.

F-10 er að mestu á landi Skjaldartraðar og þar er ekki í gildi deiliskipulag. Stærð svæðis er 241.000 m<sup>2</sup> eða 24.1 ha.

**Stefnumörkun á Arnarstapa:** Á svæði F-1 verði lögð áhersla á að ekkert rask verði á hrauni, en það nýtur hverfisverndar. Þar verði hámarks nýtingarhlutfall á þeim hluta lóðar sem er skilgreindur sem frístundasvæði allt að 0.02. Á svæðum F-2, F-3, F-4 og F-5 er í gildi deiliskipulag. Heimilt er að leyfa nýtingarhlutfall allt að 0.04 ef ekki eru strangari ákvæði í deiliskipulagi.

Nónhóll er frístundahús við hverfisverndarsvæði vegna kríuvarps á Arnarstapa. Þar er gert ráð fyrir að byggð fái að standa en verði víkjandi.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir F-6 á Hellnum, en hugsanlegt er að húsum geti fjöldað ef gert verður deiliskipulag. Nýtingarhlutfall má verða allt að 0.02. Fyrir F-7 er í gildi gamalt deiliskipulag.



KJ

**Stefnumörkun á Hellnum:** Vegna mikils umfangs frístundasvæða á Hellnum verði ekki gert deiliskipulag af nýjum svæðum, nema að undangenginni þarf greiningu. Þegar þörf verður á að byggja á svæðum F-8, F-9 og F-10, verði gerður yfirlitsuppdráttur fyrir svæði viðkomandi jarðar og mótuð skýr áfangaskipting. Framkvæmdum verði beint á lítil afmörkuð svæði næst númerandi byggð og þau verði fullnýtt áður en nýjum svæðum verði raskað. Nýtingarhlutfall verði ekki hærra en 0.03.

### 3.1.8.4 Dreifbýli

Frístundabyggðir og stök frístundahús eru víða um Snæfellsbæ. Þegar hafa komið fram óskir landeigenda um fyrihuguð frístundasvæði á jörðum sínum. Ekki þarf að gera grein fyrir svæði fyrir frístundabyggð nema tvö standi saman eða fleiri hús séu saman í þyrringu. Á svæðum fyrir frístundabyggð verði gert ráð fyrir að hver lóð verði að jafnaði ekki minni en  $3.000 \text{ m}^2$  nema frístundabyggð verði tryggt bakland með lóðum. Fyrir hvert svæði er getið um hámarks fjölda húsa við gerð deiliskipualgs. Við alla uppyggingu frístundahúsa í dreifbýli skal gera ráð fyrir einnar hæðar húsum, eða einni hæð með risi. Uppbygging á svæðum sem eru á náttúrumínjaskrá eru háð samráði við UST og svæði á friðlandi háð leyfi UST.

F-1: Brautarholt / Bergsholt, þar má reisa allt að 3 hús. Stærð svæðis  $9.300 \text{ m}^2$ .

F-2: Ellíði, lóð er fullbyggð, eitt stakt hús, stærð svæðis  $3.000 \text{ m}^2$ .

F-3: Ellíði, lóð er fullbyggð, eitt stakt hús, stærð svæðis  $1.800 \text{ m}^2$ .

F-4: Ölkelda, á svæðinu eru 3 hús og mætti gera deiliskipulag fyrir 3 hús til viðbótar. Stærð svæðis  $18.000 \text{ m}^2$ .

F-5: Ölkelda, nýtt svæði í hlíðarfæti. Gera má deiliskipulag í áföngum og verði allt að 50 hús á svæðinu. Stærð svæðis  $347.000 \text{ m}^2$  eða  $34.7 \text{ ha}$ .

F-6: Álfavatn, gera má deiliskipulag fyrir allt að 5 hús, stærð svæðis  $21.000 \text{ m}^2$ .

F-7: Neðri-Hóll, gera má ráð fyrir tveimur frístundahúsum. Stærð svæðis  $5.000 \text{ m}^2$ .

F-8: Slitvindastaðir, þar er eitt frístundahús og gert ráð fyrir 6 lóðum alls, stærð svæðis  $34.000 \text{ m}^2$ .

F-9: Ytri-Tunga, gera má ráð fyrir um 12 frístundahúsum. Stærð svæðis  $61.000 \text{ m}^2$ .

F-10: Kirkjuhóll, þar er eitt frístundahús, en gera má ráð fyrir að þau verði allt að 8. Stærð svæðis  $41.000 \text{ m}^2$ .

F-11: Porgeirsfell, gera má ráð fyrir allt að 10 lóðum sem verði tæpur ha að stærð. Stærð svæðis  $96.000 \text{ m}^2$  eða  $9.6 \text{ ha}$ .

F-12: Porgeirsfell, gera má ráð allt að 6 stórum lóðum. Stærð svæðis  $58.000 \text{ m}^2$ .

F-13: Garðar, fáein hús í tengslum við íbúðarhús afkomenda landeiganda. Stærð  $5.000 \text{ m}^2$ .

F-14: Lýsuhóll, möguleg framtíðaruppgjögging, gæti tengst ferðapjónustu. Gera má ráð fyrir allt að 7 húsum á reitnum. Stærð svæðis um  $20.000 \text{ m}^2$ .

F-15a: Barðastaðir, Gera má deiliskipulag fyrir allt að 5 hús, því hluti svæðis er votlendi sem ætti ekki að raska. Stærð svæðis 37.000 m<sup>2</sup>. Lögun svæðis breytt. Við gerð deiliskipulags verði hús felld að hrauni þannig að bau raski því ekki.

F-15b: Barðastaðir, stærð svæðis 40.000 m<sup>2</sup>. Par er í gildi deiliskipulag fyrir 5 frístundahús.

F-15c og d: Barðastaðir, stærð svæða 21.000 m<sup>2</sup> og 16.000 m<sup>2</sup>. Reitir ætlaðir fyrir alls fjögur frístundahús afkomenda landeiganda. Huga skal að hættu vegna ágangs sjávar. Hús verði lágreist og einnar hæðar.

F-16: Hólkot, gera má ráð fyrir 2-3 húsum. Stærð svæðis 8.000 m<sup>2</sup>.

F-17a, b,c og d: Kálfárvellir 29.200 m<sup>2</sup>, 60.000 m<sup>2</sup> 67.000 m<sup>2</sup> og 12.000 m<sup>2</sup>. Gera má ráð fyrir 2-4 frístundahúsum á hverjum reit.

F-18: Bjarnarfoss, gera má ráð fyrir allt að 5 húsum, en sneiða skal hjá votlendi. Stærð svæðis 18.000 m<sup>2</sup>.

F-19: Ósakot, gera má deiliskipulag fyrir allt að 3 hús. Stærð svæðis 10.400 m<sup>2</sup>.

F-20: Gamli-Kaupstaður, gera má deiliskipulag fyrir allt að 3 hús til viðbótar við númerandi hús, stærð svæðis 68.000 m<sup>2</sup>. Vanda skal staðsetningu húsa við gerð deiliskipulags vegna nálægðar við friðland og strönd.

F-21: Langatún, ein lóð 9.000 m<sup>2</sup>. Vanda skal staðsetningu húss við deiliskipulagsgerð.

F-22: Kinnarland, stærð svæðis 191.000 m<sup>2</sup>. Svæðið er þegar deiliskipulagi fyrir allt að 11 frístundahús.

F-23: Hraunhöfn, Þegar er 1 hús á reitnum og gera má ráð fyrir að þeim fjölgji um 4. Stærð svæðis 48.000 m<sup>2</sup>. Huga sakal að verndun votlendis á hluta svæðisins.

F-24: Ytri-Knarrartunga, gera má deiliskipulag fyrir allt að 4 hús, stærð svæðis 14.000 m<sup>2</sup>.

F-25: Ytri-Knarrartunga, þar er eitt hús og er heimilt að reisa annað, stærð svæðis um 5.000 m<sup>2</sup>.

F-26: Miðhús, stærð svæðis 71.000 m<sup>2</sup>. Unnið er eftir deiliskipulagi fyrir 9 hús. Ljúka þarf frágangi deiliskipulagsins.

F-27: Húsanes, heimilt er að gera deiliskipulag fyrir allt að 10 hús. Stærð svæðis 48.000 m<sup>2</sup>.

F-28: Stóri-Kambur, stærð svæðis 61.000 m<sup>2</sup>. Deiliskipulag var gert fyrir allt að 12 hús, Ljúka þarf frágangi deiliskipulags.

F-29: Litli-Kambur, stærð svæðis 63.000 m<sup>2</sup>. Við gerð deiliskipulags verði allt að 12 hús felld vel að landi vegna landhalla. Ekki skal raska votlendi neðan svæðisins.

F-30: Gröf, stærð svæðis 49.000 m<sup>2</sup>. Par er unnið eftir deiliskipulagi fyrir 6 lóðir. Ljúka þarf frágangi deiliskipulags.

F-31a: Hamraendar, Faxastaðir og ½ Stóru-Hnausar, gert er ráð fyrir þyrringu allt að 6 húsa fyrir afkomendur landeigenda. Stærð svæðis 32.000 m<sup>2</sup>.

F-31b,c og d: Hamraendar, Faxastaðir og ½ Stóru-Hnausar, þrjár lóðir alls um 115.000 m<sup>2</sup> (alls um 11.5 ha). Þegar hefur verið byggt á lóðum. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna náttúruverndar og nálægðar við hraun.

F-32 og F-33: Klettakot, stærð svæða 25.000 m<sup>2</sup> og 34.000 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir allt að 4 lóðum á hvoru svæði fyrir afkomendur.

F-34: Forna-Fróðá: stærð svæðis 13.000 m<sup>2</sup>. Unnið eftir gömlu deiliskipulagi fyrir 4 hús. Ganga þarf frá deiliskipulagi.

F-35: Mávahlíð, (Tröð/Fagrahlíð), stærð svæðis 93.000 m<sup>2</sup>. Í gildi er deiliskipulag fyrir tvö húsum. Gera má ráð fyrir fjölgun húsa um allt að 12 hús, en gera þarf deiliskipulag ef af því verður. F-35a 45.000 m<sup>2</sup> en þar eru nú þegar 3 frístundahús og 35b 30.000 m<sup>2</sup>, en þar eru 2 hús. Takmörkuð fjölgun húsa möguleg. Gera þarf deiliskipulag.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Gera skal grein fyrir landnotkun frístundasvæða í aðalskipulagi ef þar eru tvö frístundahús saman eða fleiri hús saman í þyrringu. Ganga skal frá deiliskipulagi ef á jörð verða alls 3 frístundahús eða fleiri, án tillits til þess hvort bau standa stök eða í þyrringu. Á landbúnaðarjörðum má reisa allt að 3 stakstæð frístundahús án þess að sýnt sé svæði fyrir frístundabyggð í aðalskipulagi. Ávallt skal fella frístundabyggð vel að landi og við uppbyggingu skal vernda hraun, votlendi o.fl. í samræmi við 61. grein laga um náttúruvernd. Við alla uppbyggingu skal hlífa ræktuðu landi og góðu ræktunarlandi.

## 3.2 Lítt byggð svæði

### 3.2.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar."

#### Vaktaðir ferðapjónustustaðir

Margir staðir í Snæfellsbæ hafa mikið aðráttarafl. Með stórauknum ferðamannastraumi er mikilvægt að beina ferðalöngum á valin svæði og vakta viðkvæma staði. Umhverfisstofnun vaktar þau svæði sem eru friðlýst.

**Alls staðar á ferðamannastöðum verði notað varanlegt efni sem fellur vel að umhverfinu og öll mannviki láti lítið yfir sér.**

Í dreifbýli í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er gert ráð fyrir að Snæfellsnes styrkist sem einn af megin áfangastöðum ferðamanna á Íslandi. Lögð er áhersla á að við mótn innviða á ferðamannastöðum endurspegli allar framkvæmdir staðaranda. Lögð verði áhersla á umhverfisvernd með gerð stíga sem beini gangandi ferðalöngum á leiðir sem þola umferð og þannig dregið úr hnjasíki utan stíga. Fylgt verði áherslum í Menningarstefnu í mannvirkjagerð, þar sem lögð er áhersla á tillitsemi við náttúrulegt landslag, byggðarmynstur og vandaða byggingarlist.

Bæjaryfirvöld vilja stuðla að góðu flæði og dreifingu ferðamanna um bæjarfelið, til að virða þolmörk íbúa og svo eftirsótt svæði skaðist ekki af of miklum ágangi. Unnið verði að stefnumótum um umferð, þannig að þegar umferð einkabíla verður of mikil, muni strætó flytja fólk milli helstu staða á útnesinu og/eða milli bílastæða og skoðunarstaða. Einnig er æskilegt að setja reglur um salerni í strætó/rútum sem fara um svæðið.

#### Staðir sem Umhverfisstofnun vaktar

Innan friðlýstra svæða og þjóðgarðs eru víða framkvæmdir, enda hefur svæðið mikið aðráttarafl. Þar annast Umhverfisstofnun vöktun og eftirfylgni. Á þessum svæðum skal ávallt vinna deiliskipulag ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

AF-U-1: **Búðahraun** er friðlýst að hluta til. Stærð friðlandsins er um 1.000 ha. Þar eru fornar leiðir og farið er um þær með göngu- og hestamannahópa. Unnið er að verndaráætlun á vegum Umhverfisstofnunar. Mikilvægt er að vakta svæðið og meta þolmörk, því búast má við auknum ágangi á svæðinu vegna fyrirhugaðrar stækunar Hótelssínar. Einu framkvæmdir utan lóðar hótelssínar verði við stígagerð, til að vernda land fyrir ágangi.

AF-U-2: Ströndin að **Arnarstapa og Hellnum** er friðlýst. Stærð svæðisins er um 134.4 ha. Unnið er að gerð deiliskipulags á vegum Umhverfisstofnunar, m.a. til að skilgreina gönguleiðir og verja land ágangi utan stíga. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að efnisnotkun mannvirkja, s.s. útsýnispalla verði samræmd, úr varanlegum efnum sem falla vel að umhverfi. Vakta þarf svæðið og meta þolmörk vegna stóraukins ágangs bæði á umhverfi og íbúa.

AF-U-3: **Bárðarlaug** er friðlýst. Stærð náttúrvættisins er um 43.6 ha. Æskilegt er talið að leitast við að koma í veg fyrir ágang þar og að ekki verði um eiginlega mannvirkjagerð að ræða.

AF-U-4: **Svalpúfa** nýtur vaxandi vinsælda sem viðkomustaður og tengist þægilegri gönguleið til Malarriðs. Svæðið er um 6.000 m<sup>2</sup>. Þar er aðeins gert ráð fyrir stígagerð, en gengið verði frá deiliskipulagi ef fyrirhugaðar verða frekari framkvæmdir.

AF-U-5: Að **Malarriði** hefur verið innréttuð gestastofa í gömlum úthúsum. Þar er fyrirhugað að laga aðkomu, útisvæði og bílastæði og er unnið í samræmi við framkvæmdaupprátt. Efni sem verður fjarlægt við gerð bílastæða verður nýtt við gerð bílastæða við Vatnshelli. Talin er þörf á veitingarekstri á Malarriði og skal ganga frá deiliskipulagi þar. Stærð svæðis er um 21.000 m<sup>2</sup>. Malarriðsviti er friðaður.

AF-U-6: Við **Vatnshelli** hafa verið gerð bílastæði og komið fyrir bráðabirgða snyrtungum án deiliskipulags. Unnið er að stækkan bílastæða og nauðsynlegt er að reisa þar þjónustuhús með snyrtungum. Gangi skal frá deiliskipulagi vegna framkvæmda. Stærð svæðis er um 6.000 m<sup>2</sup>.

AF-U-7: **Djúpalónssandur og Dritvík**. Á Djúpalónssandi hefur Vegagerðin gert bílastæði og reist hefur verið þjónustuhús með snyrtungum án

deiliskipulags. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gert alvarlegar athugasemdir um stærð rotþróar við snyrtingar.

EKKI er svigrúm til stækkunar bílastæða á svæðinu, en hugmyndir eru um bílastæði ofan vegar í gamalli efnisnámu og að lagður verði göngustígur þaðan. Þar verði gert rútustæði, svo hægt sé að sleppa fólkí út og sækja það á ákveðnum tíma. Laga þarf efnisnotkun á staðnum, en göngustígur fellur illa að umhverfi bæði varðandi efni og lit. *Gera skal deiliskipulag af um 70.000 m<sup>2</sup> svæði á djúpalónssandi sem verði tengt deiliskipulagi svæðis ofan vegar þegar bílastæðum verður beint þangað. Einnig þarf að ganga frá um 19.000 m<sup>2</sup> deiliskipulagi af Dritvík, þar sem gengið verði frá stíg sem verði felldur vel að landi til að draga úr hættu á umferð um viðkvæmar menningarmínjar. Við stígagerð skal nota efni sem er í samræmi við efnisáferð á staðnum.*

AF-U-8: Gerður hefur verið stígur og tröppur upp **Saxhól**. Efnisval og litur fellur vel að umhverfi og er framkvæmd litt áberandi frá þjóðvegi. EKKI eru fyrirhugaðar frekari framkvæmdir, en ef um frekari framkvæmdir verður að ræða síðar, skal skilgreina svæði og gera deiliskipulag.

AF-U-9: Að **Skálasnagavita** er þróngt bílastæði en gerðir hafa verið timburstígar og pallar. Nauðsynlegt er að gera úrbætur á bílastæði og þegar ráðist verður í framkvæmdir skal gera deiliskipulag af framkvæmdasvæði (um 4.000 m<sup>2</sup> svæði).

AF-U-10: **Öndverðarnes** er mikilvægur viðkomustaður og þar er brunnurinn Fálki og fleiri merkar fornminjar. Ganga skal frá deiliskipulagi af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði áður en framkvæmdir hefjast. EKKI er gert ráð fyrir uppyggingu annarra mannvirkja en frágangi lítils bílastæðis og göngustígum.

AF-U-11: Þegar hefur verið samþykkt deiliskipulag af framkvæmdasvæði í **Skarðsvík**. Þar er gert ráð fyrir bætu aðgengi og þjónustuhúsi með snyrtingum. *Efnisval og mannvirki falli vel að umhverfi.*

AF-U-12: Unnið er að bílastæðum við **Gufuskálabyrgi** út frá framkvæmdauppdrætti. *Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að gengið verði frá deiliskipulagi af Gufuskálasvæðinu, því það hefur mikið verndargildi og þar gæti þróast minjagarður. Deiliskipulag taki til byggðar og helstu minjasvæða og taki til um 120 ha svæðis.*

AF-U-13: Búist er við vaxandi ferðamannastraumi í **Eysteinsdal**. Mikilvægt er að hafa í huga að svæðið tengist fjarsvæðum vatnsbóla. Á vegum Umhverfisstofnunar verði gengið frá deiliskipulagi fyrir Eysteinsdal og nágrenni á um 50 ha svæði. Gert er ráð fyrir litlu bílastæði og lágmarks stígagerð sem tengist fallegum gönguleiðum í ósnortinni náttúru. Ef þörf verður fyrir lítið þjónustuhús, verði lokað kerfi til að ekki verði hætta á mengun frá hugsanlegri hreinlætisaðstöðu.

AF-U-14: **Snæfellsjökull** er óbyggt svæði. Í austanverðum jöklinum er mörkuð útlína afþreyingarsvæðis fyrir skíðamennsku á um 970 ha svæði. Ef um framkvæmdir vegna skíðamennsku verður að ræða, verði ávallt gætt að því að fjarsvæði vatnsbóla nær upp í jökul. Hugsanlegar framkvæmdir vegna skíðasvæðis verði afturkræfar og án fráveitu.

Fylgst verði með ágangi og gripið til frekari ráðstafana ef þurfa þykir, t.d. verði settir „slotttimar“ fyrir rútur og rukkað bílastæðagjald til að tempra fjölda á svæðinu. Í Snæfellsjökli er afmarkað afþreyingarsvæði fyrir skíðamennsku og aðra útvist.


#### Staðir sem Snæfellsbær og/eða landeigendur vaka

Snæfellsbær vill tryggja verndun viðkvæmra staða og svæða sem ekki eru friðlyst, með því að stuðla að framkvæmdum til að verja umhverfi og stýra umferð um svæðin.

Á landi í eigu ríkis og Snæfellsbæjar hefur Snæfellsbær komið að umsóknum um þarfagreiningu og hönnun og einnig umsóknum vegna framkvæmda. Þar annast bæjaryfirvöld vöktun og eftirfylgni.

Dæmi eru um staði sem þola lítinn ágang og gæti þurft að takmarka stærð á bílum sem þangað koma.

AF-S-1: Þegar hefur verið gert bílastæði og gönguleið að **Bjarnarfossi**, til að stýra umferð, þannig að ágangur verði minni fyrir íbúa. Framkvæmdir eru á ríkislandi og hefur þeim verið fylgt eftir af hálfu Snæfellsbæjar í samráði við ríkið. Ef um frekari framkvæmdir verður að ræða skal ganga frá deiliskipulagi og er hugsanlegt framkvæmdasvæði um 2.3 ha.



Skýringakort - ferðamannastaðir - mælikvarði 1 : 200.000

Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031

AF-S-2: Á vegum Umhverfisstofnunar er unnið að gerð deiliskipulags fyrir friðlýsta strönd að **Arnarstapa og Hellnum**. Ágangur utan friðlýsta svæðisins er mikill. Þar er nauðsynlegt að tryggja umferðaröryggi og góða aðkomu að göngustígum sem þegar hafa verið gerðir. Styra þarf aðgangi ferðamanna, m.a. með takmörkunum á bílastæðum og þar verði bílastæði skilgreind fyrir rútur. Próaðar verði lausnir sem gera rútum kleift að sleppa fólk út nálægt eftirsóknarverðum stöðum og fara þaðan á fjarlægari stæði, án þess að bakka. Bæjaryfirvöld munu beita sér fyrir gerð deiliskipulags utan friðlýsta svæðisins til að tryggja umferðaröryggi, stuðla að vandaðri hönnun og frágangi á bílastæðunum, götum og svæðum meðfram þeim. Leitast verði við að koma í veg fyrir að rútur og bílar leggi meðfram götum og skapi hættu fyrir gangandi vegfarendur og tekur stærð svæðis mið af framkvæmdasvæði.

AF-S-3: Umferð í **Sönghelli** er vaxandi og ágangur þar er svo mikill að nauðsynlegt er að grípa til ráðstafana. Þar hefur verið sótt um styrk til gerðar þarfagreiningar og hönnunar. Bæjaryfirvöld munu fylgja framkvæmdum eftir í samræmi við niðurstöður hönnunar og þarfagreiningar. Gert er ráð fyrir að þar verði eingöngu unnið að stígagerð og bílastæði til að raska svæði sem minnst. Stærð svæðis er allt að 6.000 m<sup>2</sup>.

AF-S-4: **Áningarstaður** til fuglaskoðunar er í Rifi þar sem er strangt bann við skotveiði. Stærð svæðis er um 12.000 m<sup>2</sup>. Þar er lítið skýli til fuglaskoðunar, borð og bekkir og er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu.

AF-S-5: **Svöðufoss**. Snæfellsbær hefur komið að hönnun og framkvæmdum við aðstöðu við Svöðufoss. Þar er aðeins gert ráð fyrir bílastæði og gönguleiðum sem m.a. liggja gefa yfirsýn yfir friðlýstar rústir. Þegar hefur verið unnið að framkvæmdauppdrætti fyrir svæðið og er unnið eftir honum.

### Staðir sem landeigendur vakta

Á vegum Snæfellsbæjar geta landeigendur fengið aðstoð við umsóknir um styrki til þarfagreiningar og hönnunar á einkalandi. Framkvæmdir, vöktun og eftirfylgni er þar á vegum landeigenda.

AF-E-1: **Ölkelda** í Staðarsveit hefur mikið aðráttarafl. Snæfellsbær mun aðstoða við umsókn um styrki til þarfagreiningar og hönnunar ef leitað verður eftir því af hálfu landeiganda. Land er í einkaeigu og framkvæmdir yrðu á vegum landeiganda. Ágangur ferðamanna kallar á gerð bílastæðis og göngustigs að ölkeldunni, til að takmarka umferð og rask utan þess svæðis.

AF-E-2: Mikil umferð er í fjörunni við **Fúluvík** í landi Ytri Tungu og Grenhóls. Þar er dæmi um sjálfsprottinn ferðamannastað og er ásókn í að koma þangað og sjá seli. Sótt hefur verið um styrk til þarfagreiningar og hönnunar, en þar er land í einkaeigu og framkvæmdir verða á vegum landeigenda. Mikill ágangur ferðalanga kallar á skýra afmörkun bílaumferðar og gerð göngustigs til að verja gróður fyrir ágangi.

AF-E-3: Þegar hefur verið sótt um framlög til að ganga frá bílastæði og stígum við **Rauðfeldargjá**. Þar hefur gróður mikið látið á sjá, enda er mikil umferð þar og afmarkaða þarf gönguleið. Rauðfeldargjá er dæmi um stað sem þolir illa mikinn fjölda og þar væri eðlilegt að takmarka stærð bíla. Ekki er gert ráð fyrir neinum byggingum þar.

#### 3.2.1.1 Ólafsvík

AF-1: Tjaldstæði í Fossárdal er eina afþreyingar- og ferðamannasvæðið í Ólafsvík. Þar er nýtt þjónustuhús og aðbúnaður á tjaldstæðinu hefur verið bættur, bæði fyrir tjöld og ferðavagna. Tjaldstæðið er á skjólgóðu svæði í beinum tengslum við útvistarstíga um dalinn sem umlykur Ólafsvík að vestan, sunnan og austan. Tjaldstæðið er rekið af Snæfellsbæ. Stærð svæðis er 13.929 m<sup>2</sup>. Á tjaldstæðinu má byggja upp viðbótar þjónustu ef/þegar þörf verður á því. Einnig er gert ráð fyrir að auka þjónustu með raftengingum fyrir hjólhýsi og ferðabíla.

#### 3.2.1.2 Hellissandur og Rif

AF-1: Tjaldstæði sunnan vegar á Hellissandi er fellt inn í lygna hraunbolla. Þaðan er stórbrotið útsýni, mikil náttúrufegurð og góð tengsl við gönguleiðir, sjóminjasafnið og íþróttasvæði. Gert er ráð fyrir möguleika á að reisa fáein fristundahús sunnan tjaldstæðisins, sem verði leigð út til

almennings í tenglsum við tjaldstæðið. Tjaldstæðið er rekið af Snæfellsbæ. Stærð svæðis er 33.000 m<sup>2</sup>.



SNB

### 3.2.1.3 Arnarstapi og Hellnar

AF-1: Tjaldstæði á Arnarstapa er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Þæta þarf þjónustuaðstöðu fyrir gesti tjaldstæðisins, en tjaldstæðið er rekið af einkaaðila. Á þjónustusvæði sunnan tjaldstæðis hafa verið reist nokkur smáhýsi. Stærð svæðis er 20.000 m<sup>2</sup>.

### 3.2.1.4 Dreifbýli

Víða eru afþreyingar- og ferðamannasvæði á lögbýlum í Snæfellsbæ, t.d. tjaldstæði. Auk þess hafa komið fram all nokkrar óskir um ný svæði. *Bæjaryfirvöld taka jákvætt í afþreyingarsvæði á lögbýlum.* Allar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi og þess verði gætt að raska ekki viðkvæmum svæðum, s.s. hraunum og votlendi.

**Stefna í aðalskipulagi fyrir allt bæjarfélagið:** Í kafla 3.2.1 er fjallað um vaktaða ferðamannastaði, en hér er fjallað um aðra ferðamannastaði í dreifbýli Snæfellsbæjar.

AF-1: Staðarstaður/Traðir, áningaráhlíð við reiðleið, því reiðleið með strönd er rofin að áningaráhlífi neðan Lýsuhóls. Stærð svæðis ræðst af samningum.

AF-2: Traðir, tjaldsvæði og þjónustuhús, stærð svæðis 27.000 m<sup>2</sup>.

AF-3: Ytri-Garðar, ferðapjónustuhús norðan við Langaholt, áframhaldandi uppbygging og afþreying fyrirhuguð. Stærð svæðis 6.000 m<sup>2</sup>.

AF-4: Ytri-Garðar, afþreying fyrir ferðamenn nærri veki fyrirhuguð, um 4.000 m<sup>2</sup>.

AF-5: Lýsudalur, tjaldsvæði, gróðurhús og heitir pottar, stærð svæðis 6.200 m<sup>2</sup>.

AF-6: Lýsuhóll, útsýniskláfur fyrir neðan Ánahyrnu. *Ef hugað verður að framkvæmdum verði umhverfisáhrif metin.*

AF-7: Neðan Lýsuhóls austan Vatnsholts er gert ráð fyrir áningahólf, því reiðleið með strönd er rofin. Stærð svæðis ræðst af samningum.

AF-8: Hólkot, veiðihús, stærð svæðis 1.600 m<sup>2</sup>.

AF-9: Hraunhöfn, tjaldstæði, stærð svæðis 4.000 m<sup>2</sup>.

AF-10: Litli-Kambur, tjaldstæði með sturtu og salernisaðstöðu, stærð svæðis 26.000 m<sup>2</sup>.

*Ganga þarf frá bílastæði og áningarstað við þjóðveginn í landi Staðastaðar og við aðkeyrslu að sjó austan Vatnsholts, vegna hestaferða. Útvistarleið með sjónum er hættuleg og gert er ráð fyrir að útvistarleið verði rofin milli áningarstaðanna, frá Tröðum að Lýsuhóli, vegna erfiðra aðstæðna og slysaþættu.*

### 3.2.2 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthusabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfinga-svæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

*Markmið U7: Góð aðstaða sé til iökunar marvíslegra íþrótta*

**Almenn stefna um íþróttasvæði:** Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að stuðla að íþróttastaðunum í Snæfellsbæ. Íþróttasvæði innan þéttbýliskjarna bjóða upp á tækifæri til iökunar margvíslegra íþróttagreina. Einnig er íþróttasvæði við skóla og laug að Lysuhóli. Golfvellir eru austan við Ólafsvík og í Staðarsveit. Auk þess er í aðalskipulagi gert ráð fyrir golfvelli við Hellissand og á Hellnum.

### 3.2.2.1 Ólafsvík

Íþ-1: Íþróttavöllur sunnan Ennisbrautar. Völlurinn er aðal íþróttavöllur bæjarfélagsins og nýtur tengsla við grunnskóla og sundlaug. Þar hefur öll aðstaða verið bætt, en þar er lítið svigrúm til aukinnar uppbyggingar vegna þrengsla. Stærð svæðis er 21.000 m<sup>2</sup>.



HH

Íþ-2 : Gert er ráð fyrir reit fyrir létt fótboltahús í Mjóadal sunnan byggðar við Hjallabrekku í Ólafsvík. Stærð svæðis er 8.400 m<sup>2</sup>.

Íþ-3: Á dalsvæði austan byggðar er skilgreint rúmgott svæði fyrir mögulega uppbyggingu íþróttaaðstöðu í framtíðinni. Stærð svæðis er 43.000 m<sup>2</sup>. *Ef/begar af framkvæmdum verður skal gera deiliskipulag af svæðinu.*

Íþ-4: Hesthúsabyggð er austarlega í Ólafsvík sunnan iðnaðarsvæðis. Við hesthúsabyggðina hefur þróast tómstundabúskapur. Svæðið er skilgreint sem íþróttasvæði, þar sem hestaþróttin er í fyrirrumi. Reiðleið liggur um hesthúsabyggðina og gefur góðar tengingar til austurs og vesturs. *Gengið hefur verið frá deiliskipulagi fyrir reiðhöll og hesthúsabyggð á svæðinu. Þar er nú ný reiðhöll og nokkur hesthús.* Stærð svæðis er 103.974 m<sup>2</sup> eða 10.3 ha.

### 3.2.2.2 Hellissandur og Rif

Íþróttasvæði eru sunnan við byggð á Hellissandi. Einnig er gert ráð fyrir svæði fyrir sparkvelli og 18 holu golfvelli á svæðinu.

Íþ-1: Íþróttavöllur er sunnan þjóðvegar á Hellissandi. Völlurinn er í góðum tengslum við útvistarsvæði og stíga. Það veldur hættu að krakkar þurfa að fara yfir þjóðveginn til að komast á íþróttasvæðið og verði öryggismál leyst. Stærð svæðis 86.000 m<sup>2</sup> og þar er heimilt að reisa vallarhús og stækka áhorfendapalla.

Íþ-2: Austan við íþróttavöllinn er gert ráð fyrir golfvelli. Gerð var tillaga að deiliskipulagi af honum, en ekki var gengið frá gildistöku þess. Stærð svæðis er um 40 ha eða rúmir 400.000 m<sup>2</sup>. *Bæjaryfirvöld vilja halda opnum möguleika á uppbyggingu golfvallar og vallarhúsi.*

### Arnarstapi og Hellnar

Skilgreint er svæði fyrir golfvöll á landi Skjaldartraðar á Hellnum.

Íþ-1: Staðsetning allt að 9 holu golfvallar er á fallegu svæði nærri jaðri Hellnahrauns í landi Skjaldartraðar á Hellnum. Stærð svæðis er 225.000 m<sup>2</sup> eða 22.5 ha.

### **3.2.2.3 Dreifbýli**

Íþ-1 Íþróttavöllur er við skóla að Lýsuhóli. Stærð svæðis er 51.000 m<sup>2</sup>. Þar er vallarhus og ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna nálægðar við skóla og búningsklefa sundlaugar.

Íþ-2: Golfvöllur Ólafsvíkur er í landi Fróðár og þar er 9 holu völlur. Skilgreint er svæði svo hægt verði að stækka völlinn í allt að 18 holur.

**Stefna í aðalskipulagi fyrir allt bæjarfélagið:** Bæjaryfirvöld vilja stuðla að áframhaldandi aukningu íþróttaiðkunar. Fótbolti er í mikilli sókn og er lögð áhersla á að stuðla að góðum aðbúnaði við æfingar. Því er fyrirhugað að reisa létt fótboltahús í Ólafsvík. Hestamennska fær að halda velli við Ólafsvík og Hellissand og tryggt er land fyrir golfvelli í bæjarféluginu. Lögð er áhersla á að gerð verði hjólateið um þjóðgarð og allt bæjarfélagið í samráði við Vegagerðina og Umhverfisstofnun.

### **3.2.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K)**

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti."

Í Snæfellsbæ eru kirkjugarðar víða um bæjarfélagið.

#### **3.2.3.1 Ólafsvík**

K-1: Í Ólafsvík er kirkjugarður staðsettur við Snoppuna norðan Ennisbrautar. Garðurinn er fallega staðsettur í tengslum við sjóinn. Á aðalskiplagsupprætti er gert ráð fyrir endanlegri stærð kirkjugarðsins með fyrirhugaðri stækkun. Stærð svæðis er 11.000 m<sup>2</sup>.

#### **3.2.3.2 Hellissandur og Rif**

K-1: Kirkjugarður er við Ingjaldshólskirkju. Kirkja og kirkjugarður eru á fallegu svæði og þar er svigrúm til stækkunar ef/þegar þurfa þykir. Stærð svæðis er 8.300 m<sup>2</sup>.

#### **3.2.3.3 Arnarstapi og Hellnar**

K-1: Kirkjugarður er við Hellnakirkju, sem liggur fallega í landi. Þar er ekki teljandi svigrúm til stækkunar. Fyrri landeigendur Laugarbrekku og

Brekkubæjar gáfu land undir kirkjuna og kirkjugarðinn, en ekki hefur verið gengið frá lóðarmálum. Stærð garðsins er 1.240 m<sup>2</sup> eftir að hann var stækkaður til vesturs.

#### **3.2.3.4 Dreifbýli**

Að Staðastað er kirkjugarður og þar er svigrúm til stækkunar.

Á Búðum er kirkjugarður og er ekki gert ráð fyrir stækkun hans, en skiptaparf út jarðvegi til að unnt verði að nýta skipulögð leiði. Kirkjan er friðuð og allt umhverfi viðkvæmt fyrir raski og breytingum. Allar framkvæmdir eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar

Kirkjugarður er við Brimilsvallakirkju og í Vatnsholti er heimagrafreitur.

**Stefna í aðalskipulagi fyrir allt bæjarfélagið:** Leitast er við að tryggja nægjanlegt land fyrir kirkjugarða í öllu bæjarféluginu. Víðast er svigrúm til stækkunar, en í Ólafsvík kann að þurfa að finna nýtt svæði fyrir kirkjugarð undir lok skipulagstímabils.

### **3.2.4 Opin svæði (OP)**

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir útvist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útvist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útvistar."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

*Markmið U8: Möguleikar til almennrar útvistar; hreyfingar, slökunar og endurnæringar, séu fjölbreyttir.*

**Almenn stefna um opin svæði:** Lögð er áhersla á að þéttbýlisstaðir njóti tengsla við fjölbreytileg útvistarsvæði með góðum stíglengingum. Við trjárað ber að forðast framandi tegundir og planta þannig að gróður skyggi ekki á fagurt útsýni.

#### **3.2.4.1 Ólafsvík**

Í Ólafsvík eru sýnd leiksvæði án númera, þau eru merkt sem OP og er gert ráð fyrir að þau þjóni sem nærlieksvæði. Einnig er gert ráð fyrir opnu svæði

milli Klifbrekku og Fossabrekku þar sem er mögulegt að rækta gróðurbelti milli íbúðarsvæðis og athafnasvæðis.

OP-1: Dalurinn umlykur Ólafsvík að sunnan, austan og vestan. Þar er fjölbreytilegt útvistarsvæði, skógrækt og skemmtilegar gönguleiðir. Alls staðar í Ólafsvík er stutt í tengsl við dalinn og er mikilvægt að varðveita þau. Stærð svæðis er 885.000 m<sup>2</sup> eða 88.5 ha.

OP-2: Fjaran neðan Ennisbrautar og nærsvæði hennar er skilgreind sem opið svæði, en þar er gert ráð fyrir sjóvarnargarði. Stærð svæðis er 26.966 m<sup>2</sup>.

OP-3: Gilið setur mikinn svip á miðsvæði Ólafsvíkur. Allur frágangur er til fyrirmynðar og er lögð áhersla á að halda í einkenni svæðisins. Stærð svæðis er 13.000 m<sup>2</sup>.

OP-4: Sjómannagarðurinn er fallegur gróðurreitur sem er lítt áberandi, nánast falinn milli húsa. Þar er skjolgott og hlýlegt umhverfi, sem gefur einstaka upplifun. Stærð svæðis er 5.200 m<sup>2</sup>.

OP-5: Við félagsheimilið Klif er fallegt opið svæði. Gert er ráð fyrir gönguleið sjávarmegin við húsið sem mun tengjast gönguleið meðfram ströndinni að hafnarsvæði. Ef fylling neðan Ólafsbrautar verður framkvæmd, verði ávallt gert ráð fyrir tengingu göngustígs meðfram sjónum að Klifi. Stærð svæðis er 19.000 m<sup>2</sup>.

### 3.2.4.2 Hellissandur og Rif

Á Hellissandi og Rifi eru sýnd leiksvæði án númera og eru þau merkt sem OP og er gert ráð fyrir að þau þjóni sem nærleiksvæði.

OP-1: Vestast á Hellissandi hefur verið gerð tillaga að útvistarsvæði með dvalarrýmum til breytilegra nota. Svæðið tengist ströndinni og þar er stórbrotið útsýni til fjalls og fjöru. Stærð svæðis er 18.000 m<sup>2</sup>.

OP-2: Vestan við Selhól er opið svæði sem er aðgengilegt frá leikskóla og mörgum íbúðarhúsum. Austast er brattlent og svæðið hentar til fjölbreytilegra leikja og útvistar. Stærð svæðis er 12.000 m<sup>2</sup>.

OP-3: Austan Háarifs er opið svæði sem teygir sig til norðurs að sjónum. Þar er fjölbreytilegt umhverfi, gönguleið og margt að skoða, m.a. merkar minjar. Stærð svæðis er 93.000 m<sup>2</sup> eða 9.3 ha.

OP-4: Opið svæði fyrir fuglaskoðun er við tjarnir í Rifi. Stærð svæðis er 12.000 m<sup>2</sup> og er áningarstaður sem Snæfellsbær vaktar. *Þar er nett fuglaskoðunarhús, borð og bekkir og ekki er gert ráð fyrir frekari uppyggingu.*

### 3.2.4.3 Arnarstapi og Hellnar

Á Arnarstapa eru sýnd leiksvæði án númera, merkt sem OP.

OP-1 Stapagil er skilgreint sem opið svæði og *þar verði útvistar- og listagil þar sem m.a. er unnt að halda steinhöggsnámskeið undir berum himni*. Á svæðinu eru seftjarnir sem verði hreinsaðar svo þær njóti sín. Stærð svæðis er 27.000 m<sup>2</sup>.

OP-2 er nokkuð stórt opið svæði um miðbik þéttbýlis á Arnarstapa. *Þar má koma fyrir litlum boltavelli og afþreyingu fyrir íbúa og ferðalanga*. Stærð svæðis er 20.000 m<sup>2</sup>.

OP-3 er lítið en mikilvægt opið svæði umhverfis Bárð Snæfellsás. Vegna mikils ágangs er mikilvægt að hlúa að því. Stærð svæðis er 2.600 m<sup>2</sup>.

Á Hellnum er merkt opið svæði sem þjónar sem leiksvæði í þyrpingu við Brekkustíg. Um miðbik Hellnáþorpsins er fléttad inn langt og grannt leiksvæði og er það ekki merkt sérstaklega.

OP-4 er stórt svæði norðaustan byggðarinnar. Þar er náttúrvættið Bárðarlaug og mikilvægar minjar að fornu Laugarbrekku. Stærð svæðis er 949.000 m<sup>2</sup> eða 94.9 ha.

Í dreifbýli eru öll svæði í beinum tengslum við landbúnaðarsvæði og/eða óbyggð svæði og þar eru ekki skilgreind opin svæði.

**Stefna í aðalskipulagi fyrir allt bæjarfélagið:** *Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er lögð áhersla á að alls staðar sé auðvelt að nálgast opin*

svæði frá þétri byggð. Mikilvægt er að halda leiksvæðum og öðrum opnum svæðum og ganga frá þeim sem eru ófrágengin.

Fylgjast skal með ágangi að Bárðarlaug og Fornu Laugarbrekku og grípa til aðgerða ef/begar talið er að svæðið þoli ekki ágang án þess að laskast.

### 3.2.5 Vegir, götur og stígar (VE)

Úr skipulagsreglugerð: "Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis."

Í svæðisskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

Markmið U24: *Uppbygging ferðaleiða og áfangastaða sé markviss út frá lykilþemum í ferðamennsku sem skilgreind eru í þessari áætlun, á grunni greiningar á svæðinu, samráðs við vinnuhópa og samhengi við þemu sem þegar er vístir að, ýmist á Vesturlandi sem heild eða á Snæfellsnesi sérstaklega.*

Markmið U25: *Vegir og stígar svæðisins þróist í samræmi við þarfir íbúa og fjölgun ferðamanna.*

Markmið U29: *Megin hringleiðin umhverfis Snæfellsnes og þverun þess um Vatnaleið og Fróðárheiði, sé örugg og greiðfær allan ársins hring.*

Markmið U30: *Tengingar inn á svæðið séu greiðfærar.*

Markmið U31: *Tilteknun vegum sé viðhaldið sem ferðamannavegum og þeir útfærðir og kynntir sem slíkir.*

**Almenn stefna um vegi götur og stíga:** Í aðalskipulaginu er mótuð samgöngustefna um að tryggja greiðar samgöngur innan sveitarfélagsins með áherslu á að halda samgönguleiðum innan sveitarfélags opnum summar sem veturnar. Mikilvægt er að tryggja samgöngur um dreifbýlið í sunnanverðum Snæfellsbæ yfir vetrarmánuðina, bæði vegna skólaaksturs í skólahverfi Lýsuhólsskóla og til að tryggja almenningssamgöngur og styðja við atvinnustarfsemi á þessu svæði. Einnig þarf að halda opnum leiðum yfir Fróðárheiði og um þjóðgarðinn fyrir jökul til að íbúar sunnan Fróðárheiðar eigi greiða leið að þeirri grunnþjónustu sem er á norðanverðu Snæfellsnesi, s.s. læknispjónustu og brunavörnum. Einnig þarf að sinna

sérþjónustu við Lýsuhólsskóla, sem kemur frá höfuðstöðvum GSNB og tónlistarskóla. Með vaxandi ferðamannastraumi og lengingu ferðamannatímans verður að halda leiðum opnum og þjóna aukinni vetrarumferð. Snæfellsnesvegur er stofnvegur og liggur um sunnanvert Snæfellsnes til vesturs og yfir Fróðárheiði. Þaðan liggur hann um norðanvert Snæfellsnes annars vegar vestur til Hellissands og hins vegar austur eftir Snæfellsnesi. Fyrir Jökul liggur Útnesvegur sem er tengivegur. Landsvegur liggur um Jökulháls til Ólafsvíkur og niður Eysteinsdal. Notkun hans er takmörkuð við sumarumferð. Að bæjum liggja héraðsvegir og þeir liggja einnig niður að höfnum þéttbýlisstaða. Stórátak hefur verið gert varðandi vegi í Snæfellsbæ á síðusutu árum.

Brýnt er að ljúka lagfæringum norður hluta vegar um Fróðárheiði. Einnig þarf að breikka veg um Staðarsveit og laga missig á nokkrum stöðum.

Við gerð deiliskipulags í dreifbýli skal gæta þess að íbúðir og frístundahús verði minnst 100 m frá stofnvegum og 50 m frá tengivegum í samræmi við grein 5.3.2.5 d í skipulagsreglugerð. Leita skal leyfis Vegagerðarinnar vegna nýrra vegtenginga og hafa samráð við Vegagerðina vegna verulegrar aukningar umferðar, útfærslu biðstöðva og útskota.

Lögð er áhersla á að stuðla að bættri lýðheilsu og aukinni sjálfbærni í samgöngum, með því að bæta aðstæður fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Tryggðir verða greiðir útvistarstígar sem þjóna sem göngu-, hjóla- og reiðleiðir. Stuðlað verði að góðu aðgengi að helstu fjallgönguleiðum og reiðleiðum í Snæfellsbæ. Þess skal þó ávallt gætt að hafa fullt samráð við landeigendur við lagningu og eða kynningu á útvistarleiðum og gæta þess að umferð um slíkar leiðir valdi ekki óbærilegum ágangi og ónæði fyrir íbúa.

Í aðalskipulaginu eru skilgreindar útvistarleiðir sem geta hentað til göngu-, hjóla- og hestaferða. Haft verði samráð við aðlæg sveitarfélög og landeigendur um tengingar milli byggðarlaga.

Æskilegt er að settir verði skilmálar um hönnun umferðarmannvirkja við ströndina og innan þjóðgarðs. Þetta á t.d. við um gönguleiðir og útsýnispalla í tenglsum við þær. Æskilegt er að útsýnispallar falli vel að landinu, láti lítið yfir sér og að vandað sé til efnisvals. Gengið verði frá deiliskipulagi fyrir framkvæmdir í þjóðgarði og á friðuðum svæðum innan

Snæfellsbæjar, hönnun og efnisval verði vandað og leitað leyfis hjá bæjaryfirvöldum strax á hönnunarstigi.

**Almenningssamgöngur:** Mikilvægt er að auka vægi almenningssamgangna fyrir íbúa og vegna aukinnar ferðaþjónustu á svæðinu. Almenningssamgöngur skulu liggja í gegnum byggðina á norðanverðu og sunnanverðu Snæfellsnesi. Nauðsynlegt er að vera með skilvirkar samgöngur í gegnum byggðina m.a. til að tryggja þjónustu við íbúa sem og vaxandi uppbyggingu á þjónustu við ferðamenn. Settar verða strangari reglur um umferð, ef/pegar talin verður þörf á að verja viðkvæm svæði fyrir of miklum ágangi.

### 3.2.5.1 Ólafsvík

Stofnvegur liggur um miðsvæði Ólafsvíkur og er mikilvægt að halda áfram aðgerðum til að draga úr umferðarhraða og tryggja umferðaröryggi. Gert er ráð fyrir hringtorgi sem dragi úr umferðarhraða á gatnamótum Olafsbrautar, Ennisbrautar og Norðurtanga. Þegar hefur verið unnið átak til að auka öryggi gangandi á svæðum nærrí skóla- og íþróttamannvirkjum í Ólafsvík.

Útvistarstígar eru um Dalinn sem umlykur Ólafsvík á þrjá vegu. Þar er lygnt og víða falleg dvalarsvæði.

Lagður hefur verið útvistarstígar milli Ólafsvíkur og Rifs.

**Stefna í aðalskipulagi:** Unnið verði áfram að ráðstöfunum til að halda niðri umferðarhraða á Ólafsbraut og Ennisbraut. Götur verði endurhannaðar með öryggi gangandi í huga. Áfram verður unnið að gerð útvistarstíga um Dalinn og víðar.

### 3.2.5.2 Hellissandur og Rif

Gamli þjóðvegurinn lá í gegnum Hellissand, en nýi stofnvegurinn liggur sunnan byggðarinnar. Lögð er áhersla á að áframhaldandi uppbygging íbúða verði norðan vegar, svo börn þurfi ekki að fara yfir þjóðveg á leið til skóla. Tengivegur liggur niður að Rifshöfn.

Gert er ráð fyrir gönguleið milli Hellissands og Rifs nærrí sjó í fallegu umhverfi, en þar verði ekki gerður stígur. Gerður hefur verið góður

útvistarstígar norðan þjóðvegar, sem tengist stígakerfi á Hellissandi og í Rifi. Einnig hefur verið lagður útvistarstígar milli Ólafsvíkur og Rifs.

**Stefna í aðalskipulagi:** Unnið verði áfram að ráðstöfunum til að halda niðri umferðarhraða á þjóðveginum. Gera þarf ráðstafanir sem tryggja gangandi örugga leið að íþróttasvæði, Sjómannagarði og fyrirhugaðri þjóðgarðsmiðstöð sunnan vegar.

### 3.2.5.3 Arnarstapi og Hellnar

Tengivegur liggur niður að Arnarstapahöfn og þarf að gera ráðstafanir til að draga úr umferðarhraða og auka öryggi gangandi. Vegna mikils ferðamannastraums á Arnarstapa er lögð áhersla á að leysa umferð á einfaldan hátt. Snúningspláss er fyrir rútur nærrí höfninni og gert er ráð fyrir að þar sé ferðalöngum sleppt út. Þeir gangi á stíg meðfram ströndinni, að stytta Bárðar Snæfellsáss og að þjónustusvæði þar sem verða stæði fyrir fáeinan rútur sem bíða farþega. Á þessu svæði er landið nú þegar farið að láta á sjá vegna mikils ágangs. Bæjaryfirvöld hafa hug á að setja stærðartakmarkanir á rútur sem fara um Arnarstapa.

Unnið hefur verið að stígagerð og hefur Umhverfisstofnun og húseigendur á svæðinu komið að því verki. Unnið er að deiliskipulagi á vegum Umhverfisstofnunar sem tekur til friðlands meðfram ströndinni. Unnið verður áfram að stígagerð til að beina ferðalöngum á ákveðnar leiðir.

Skráð þjóðleið liggur um Klifhraun og gegnum Arnarstapa, en er horfin inn í núverandi götu á stuttum kafla. Hún liggur vestan við Bárð Snæfellsáss og áfram suður til Hellna nærrí sjó. Miðgata liggur upp frá frístundasvæði á Arnarstapa og um hraunið til Hellna fjær sjó.

Á Hellnum er talið æskilegt að gera gönguleið niður að Gróuhóli frá bílastæði við Hellnakrikju, meðfram kirkjugarðinum, niður á veg og svo með fram veginum að Gróuhóli.

**Stefna í aðalskipulagi:** Vegna mikils ágangs ferðamanna á Arnarstapa og Hellnum er nauðsynlegt að grípa til umferðarstýringar og annarra ráðstafana. Bílastæði við Bárð Snæfellsáss annar vart eftirspurn. Stærð á rútum verði takmörkuð þegar þurfa þykir og þeim gert að sleppa farbegum út nærrí skoðunarstöðum og leggja á rútustæðum fjær, þar sem þær bíði

farþega. Nauðsynlegt er að ganga frá deiliskipulagi eða hverfisskipulagi þar sem farið verði yfir umferð um svæðið. Á Arnarstapa verða fáein rútustæði nærri Arnarbæ, en til lengri tíma verði gert stæði fyrir rútur nærrí Útnesvegi.

Á Hellnum verði gerð rútustæði við kirkju og farþegar gangi eftir stíg niður á Gróuhól og að ströndinni. Móta þarf útvistarleið í gegn um Hellna í samráði við heimamenn og út frá gömlu þjóðleiðinni.

EKKI er gert ráð fyrir að fólki stæðum á Arnarstapa og Hellnum úr hófi fram, en tryggja þarf aðgengi þeirra sem erfitt eiga með gang að helstu útsýnisstöðum.

#### 3.2.5.4 Dreifbýli

Stofnvegurinn um dreifbýli Snæfellsbæjar er með bundnu slitlagi að öðru leyti en því að enn á eftir að endurbyggja veg í norðanverðri Fróðárheiði. Landsvegur um Jökulháls til Ólafsvíkur og um Eysteinsdal er opinn með takmörkunum um sumarfærð.

**Stefna í aðalskipulagi:** Mikilvægt er að styrkja axlir þjóðvegar um Snæfellsnes og breikka veginn til að draga úr slysahættu. Nauðsynlegt er að gera útskot á völdum útsýnisstöðum til að draga úr hættu á að fólk stoppi á veginum.

Ferðaþjónusta við hestamenn er vaxandi atvinnugrein á svæðinu. Vegna vinnu við aðalskipulag var farið yfir útvistarstíga með landeigendum og leitast við að tryggja góðar reið-, göngu- og hjólaðiðir um Snæfellsbæ í sátt við landeigendur. Við gerð nýrra útvistarleiða skal forðast þveranir við stofn- og tengivegi. Ganga þarf frá bílastæði og áningarástað við þjóðveginn í landi Staðastaðar og neðan vegar nærri aðkeyrslu að Lysuhóli vegna hestaferða, því gert er ráð fyrir að útvistarleið við sjó verði rofin frá Tröðum að Vatnsholti vegna erfiðra aðstæðna. Þar getur útvistarleið með sjónum verið hættuleg og er ekki heimilt að fara þar um nema með leyfi landeiganda.

#### 3.2.6 Flugvellir (FV)

Úr skipulagsreglugerð: "Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

*Markmið U34: Mögulegt sé að lenda minni flugvélum og þyrlum á Snæfellsnesi.*

Í Snæfellsbæ hafa verið tveir lendingarstaðir, í Rifi og á Dagverðará.

##### 3.2.6.1 Rif

FV-1: Flugvöllurinn í Rifi geginn mikilvægu hlutverki hvað varðar almannavarnir og sjúkraflug og þjónar hann sem vara flugvöllur vegna hættu á Vestfjörðum. Þar er birgðastöð fyrir landhelgisgæsluna vegna björgunarflugs. Aðalbrautin er klædd, en þverbraut er malarbraut. Völlurinn er nú skilgreindur sem lendingarstaður, því þar er aðeins neyðarlýsing. Hann uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til flugvalla varðandi lýsingu, ljós eru ekki í samræmi við nýjan staðal og þar að auki eru ljós ónýt vegna vontunar á viðhaldi. Stærð svæðis er 391.439 m<sup>2</sup> eða 39.9 ha.

**Stefna í aðalskipulagi:** Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að ljósum og yfirborði flugvallarins verði vel við haldið og munu óska eftir því við innanríkisráðuneyti að völlurinn verði þannig úr garði gerður að hann verði skráður aftur sem flugvöllur. Öryggissvæði flugbrauta eru skilgreind á korti miðað við að völlurinn verði aftur skráður sem flugvöllur. Heimilt er að reisa þjónustuhús við flugvöllinn.

##### 3.2.6.2 Dreifbýli

Lendingarstaður á Dagverðará var tekinn af skrá fyrir um áratug. Ástand hans var það lélegt að hann uppfyllti ekki kröfur um lendingarstaði á þeim tíma.

**Stefna í aðalskipulagi:** Lendingarstaður að Dagverðará er sýndur til upplýsinga og er ætlaður fyrir litlar flugvélar og þyrlur.

### 3.2.7 Hafnir (H)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

Markmið U33: Höfnum og hafnarsvæðum sé vel við haldið. Við skipulag þeirra sé bæði hugað að hagsmunum hefðbundins sjávarútvegs og að hafnsækinni/sjávartengdri tómstundaiðkun og ferðaþjónustu.

Sjávarútvegurinn hefur verið aðalburðarstoð atvinnulífs í Snæfellsbæ og eru reknar þrjár lifandi hafnir í bæjarféluginu: í Ólafsvík, Rifi og á Arnarstapa. Auk þess eru **lendingarstaðir** á Hellnum og að Búðum, sem heyra undir Hafnarstjórn Snæfellsbæjar. Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er satíundi stærsti á landinu og er alltaf líf á bryggjunum. Í Snæfellsbæ er mikil útgerð bæði hjá stórum bátum og smábátum en í seinni tíð hafa smábátarnir stækkað og orðið öflugri. Á strandveiðunum á sumrin landa um hundrað bátar á dag þegar mest er. Mikill fiskur er í Breiðafirði og koma margir aðkomubátar til veiða og eykur það umsvif á hafnarsvæðum og einnig fjölda fólks í bæjarféluginu.

Mikil vinna hefur verið lögð í að gera hafnarsvæðin aðgengileg og er frágangur til fyrirmynðar.

**Almenn stefna um hafnir:** Með nýrri skipulagsreglugerð er skilgreining á hafnarsvæðum strangari en í eldri reglugerð. Nú er gert ráð fyrir að hreinlegur matvælaiðnaður heyri undir athafnasvæði og er því hluti þess sem áður var skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði breytt í athafnasvæði.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að móta hafnarsvæði á þann hátt að þar þrifist blómleg atvinnustarfsemi og mannlíf sem laðar að sér jafnt heimamenn og gesti. Horft er til þess að hafnarsvæði búi yfir ákveðnum gæðum umfram aðra staði og laði að sér fólk. Hér er átt við nálægðina við sjóinn, útsýni og sýnilegt atvinnulíf sem áhugavert er að fylgjast með. Því

er talið mikilvægt að á hafnarsvæðum í bæjarféluginu verði tekið tillit til þessara gæða og þau nýtt til að styrkja athafnalíf bæjarfélagsins. Æskilegt er að á eða við hafnarsvæði sé ýmiss konar verslun og þjónusta sem þjóni jafnt gestum sem starfsmönnum svæðisins, t.d. veitingastaðir, söfn, verslanir og gistiaðstaða. Á lóðum á hafnarsvæðum má nýtingarhlutfall verða allt að 0.7.


#### 3.2.7.1 Hafnir í þéttbýli

Ólafsvík H-1: Ólafsvíkurhöfn er meðalstór fiskihöfn en hafnarsvæðið er minna en í gildandi aðalskipulagi og breytist norðvestur hluti þess í athafnasvæði. Stærð svæðis er 122.864 m<sup>2</sup> eða 12.3 ha.

Rútusvæði verði ofarlega á hafnarsvæðinu og göngustígur innan hafnarsvæðis og að sjálfrí höfninni. Nú þegar hefur verið lagður góður stígur meðfram sjónum.

Ýmsar framkvæmdir hafa verið í Ólafsvíkurhöfn á undanförnum árum. M.a var unnið að lengingu Norðurtangabryggju og byggingu trébryggju við enda hennar. Þá var unnið að umhverfismálum á og við hafnarsvæðið. Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að lengja Norðurgarð um 120 m, færa og lengja framenda Suðurgarðs, lengja og breikka Norðurbakka ásamt landfyllingu þar og lengja Norðurtangabryggju og stækka trébryggju við enda hennar.

Gert er ráð fyrir landfyllingu norðan Ólafsbrautar sem verður um 23.000 fermetrar og um 150.000 þúsund rúmmetrar. Framkvæmdin fellur undir flokk A í grein 2.01 í viðauka 1 um lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að grjótkantur til varnar fyllingu verði tekinn úr grjótnámu í Rifi, en fyllingarefní að mestu með dælingu. Landfyllingen gefur færi á tvöfaldri húsaröð og þar með myndast gata norðan við Ólafsbraut sem meðal annars nýtist til að þjóna þeim byggingum sem staðsettar verða við Ólafsbraut. Ekki er gert ráð fyrir verulegum áhrifum á umhverfið, þar sem sandur sem nú safnast á fyrirhuguðu fyllingsrvæði, mun að framkvæmdum loknum safnast austan fyllingar. Umhverfisáhrif grjótnáms í Rifi hafa þegar verið metin.



KJ Óafsvíkurhöfn

**Stefna í aðalskipulagi:** Við Óafsvíkurhöfn verður vaxandi þjónusta og aðstaða fyrir ferðafólk, en mikilvægt er að gera deiliskipulag sem afmarkar opin svæði þannig að slysahætta aukist ekki. Fyrirhuguð landfylling við hafnarvæðið verður mun minni en áætlað var í eldra aðalskipulagi. Þar verði fyrst og fremst hafnarstarfsemi, en einnig blöndun hafnsækinnar þjónustustarfsemi og t.d. veitingastaðir með sjávarfangi, bátaferðir og önnur þjónusta við ferðamenn.

**Rif H-1:** Rifshöfn er meðalstór fiskihöfn. Unnið hefur verið að stækkun Rifshafnar á liðnum árum og er fyrirhugað að halda áfram úrbótum. Í norðvestur horni hafnarinnar er smábátaaðstaða en þar er lítið svigrúm fyrir hafnsækna ferðapjónustu. Norðurgarðurinn var lengdur út að Töskuvita og nýr Suðurgarður byggður þannig að hafnarminnið færðist utar. Þá var Austurkantur lengdur, byggt nýtt hafnarhús og unnið að umhverfismálum á hafnarvæðinu. Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að lengja bæði Austurkant og Norðurpil til suðurs. Stærð svæðis er 392.000 m<sup>2</sup> eða 39.2 ha.

Gert er ráð fyrir fyllingu austan við Rifshöfn sem verði allt að 137.000 fermetrar að stærð og um 750.000 rúmmetrar. Nú þegar berst mikið af

sandi inn á þetta svæði, efni sem áður fór í innsiglinguna til Rifshafnar. Verður það efni notað í fyllinguna og einnig verður fyllt með dælingu og öðru því efni sem nothæft er í fyllingar. Efni í grjótvörn sem eftir er að byggja, verður tekið úr grjótnámu í Rifi, en umhverfisáhrif hennar hafa þegar verið metin. Heildar áhrif framkvæmdar verða því ekki mjög mikil, en framkvæmdin fellur undir flokk A í grein 2.01 í viðauka 1 um lög um mat á umhverfisáhrifum og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Þegar framkvæmd verður lokið er mögulegt að byggja um 300 m langt stálþil sem nýtist sem viðlegukantur fyrir stór skip.



KJ Rifshöfn

**Stefna í aðalskipulagi:** Fyrirhugað er að ganga frá fyllingu austast í höfninni. Gert er ráð fyrir að efni verði tekið úr grjótnánum og malarnánum í Rifi, en auk þess verður sandur sem dæla þarf reglulega úr höfninni notaður í fyllingar. Búist er við auknum ágangi í hafnsækna ferðapjónustu.

*Ef það gengur eftir, verði gert deiliskipulag þar sem þess verði gætt að koma í veg fyrir aukna slysahættu á hafnarsvæðinu.*

### 3.2.7.2 Aðrar hafnir

#### Arnarstapi, Hellnar og Búðir

Arnarstapahöfn er vel nýtt fyrir smábátaútgerð. Sigling milli Arnarstapa og Hellna er ævintýri líkust, landið minnir á síbreytilega skulptúra. Á Hellnum er hafnarmannvirki, en ekki hefur verið hafnarstarfsemi þar síðustu ár. Við höfnina er lítið kaffihús sem laðar til sín gesti.



KJ Höfnin á Arnarstapa H-1: Arnarstapahöfn er lífleg smábáthöfn og setur sterkan svip á svæðið. Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að byggja 50.0 m. langan grjótgarð norðanmegin í höfninni sem er nauðsynlegt svo ásættanleg kyrrð verði í höfninni. Tryggja þarf að ágangur ferðamanna rýri ekki gæði hafnarinnar og að hún fái viðeigandi vægi í bæjarmyndinni. Stærð svæðis er 10.700 m<sup>2</sup>.

H-2: Höfnin á Hellnum hefur verið tekin af hafnarskrá, en gert er ráð fyrir að halda í landnotkun hafnarsvæðis. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að metið

verði hvort þar er unnt að reka höfn vegna hafnsækinnar ferðaþjónustu. Við höfnina er lítið kaffihús sem nýtur mikilla vinsælda. Gert er ráð fyrir að það fái að vera til frambúðar í rekstri á hafnarsvæðinu. Stærð svæðis er 8.500 m<sup>2</sup>.

**Stefna í aðalskipulagi:** Gert er ráð fyrir að gera 50 m grjótgarð norðan hafnarinnar á Arnarstapa og taka grjót í hann úr bjargi við Malarrif. Umhverfisáhrif af efnistökum og hafnarframkvæmdum verða metin. Með þeirri stækjun er unnt að skapa aukið svigrúm fyrir fiskibáta og hafnsækna ferðaþjónustu.

Búist er við auknum ágangi í hafnsækna ferðaþjónustu, bæði til skoðunar á hinni stórbrotnu strönd milli Arnarstapa og Hellna og hugsanlegrar hvalaskoðunar. Ef það gengur eftir, verði gert deiliskipulag fyrir Arnarstapahöfn, þar sem þess verði gætt að koma í veg fyrir aukna slysahættu. Einnig vilja bæjaryfirvöld stuðla að því að á Hellnum verði ferðamannahöfn, svo unnt verði að bjóða upp á siglingu milli Arnarstapa og Hellna. Einnig gæti verið aðskilegt að endurvekja lendingarstað á Búðum sem ferðamannahöfn.

### 3.2.8 Veitur (VH)

Úr skipulagsreglugerð: "Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við."

Í svæðisskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

Markmið U35: Fjarskiptakerfi séu mjög góð; nettengingar og sjónvarps- og útvarpssendingar.

Markmið U37: Fyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum sé tryggður góður aðgangur að heitu vatni.

Markmið U38: Örugg dreifing raforku sé tryggð um allt Snæfellsnes.

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er fjallað um vatnsveitu með vatnsbólum. Leitast er við að gera grein fyrir veitum innan bæjarfélagsmarkanna og helgunarsvæðum þeirra á aðalskipulagsupprætti. Snæfellsbær áskilur sér þó rétt að geta krafist flutnings á veitum, ef leyfi fyrir þeim eru ekki til staðar.

**Rafveita.** Nokkuð hefur verið um rafmagnstruflanir og rafmagnsleysi í Snæfellsbæ á síðustu árum. Landsnet vinnur að lagningu 66 kV jarðstrengs á milli Ólafsvíkur og Gundarfjarar til að bæta áreiðanleika og afhendingaráryggi og er gert ráð fyrir að verklok verði fyrir árslok 2018. Helgunarsvæði jarðstrengs er 10 m, þar af 3 m öryggissvæði og 3.5 m athafnasvæði beggja vegna strengsins. Frá Vegamótum til Ólafsvíkur um sunnanverðan Snæfellsbæ er 66 kV loftlína, en helgunarsvæði loftlína er 25 m fyrir 66 kV spennu. Dreifilína verður sett í jörð og er því verki að mestu lokið. Ræktun á helgunarsvæðum verði í samráði við Landsnet. Áfram má búast við óöryggi í afhendingu rafmagns, því eina tenging Snæfellsness við rafmagnsnetið er um línu frá Vatnshömrum að Vegamótum. Línan er gömul, en ekki er fyrirhugað að endurnýja hana á næstu árum.

Í kerfisáætlun Landsnets 2011-2015 kemur fram að áreiðanleiki afhendingar á Snæfellsnesi sé lægri en meðaláreiðanleiki kerfisins, enda er einföld tenging við flutningskerfið og takmarkað varafl. Horfa þarf til þess að ófullnægjandi framboð á öruggu rafmagni á svæðinu getur skert lífsgæði, heft uppbyggingu ferðamannaiðnaðar og annars smáiðnaðar.

**Raforkuþörf og sjálfbærni:** Miðað við 2.000 manna byggð á köldu svæði þyfi um 6 MW í afli fyrir rafhitun, en aukin uppsetning á varmadælum hefði áhrif til lækkunar. Ef mest allt það vatnsafl sem gert er ráð fyrir í aðalskipulaginu yrði virkjað, yrðu það um 3.5 MW og með varmadælum og rafmagni frá Rjúkandavirkjun (1.8 MW), gæti það annað miklum hluta eftirspurnar eftir rafmagni í Snæfellsbæ.

Vindmyllusvæði á Gufuskálum gæti gefið allt að 8.1 MW. Ef það svæði yrði virkjað, væri því um afhendingu rafmagns á raforkunetið að ræða, en ekki innfluting rafmagns á svæðið og þá þyrti tengingu við línu Landsnets.

**Stefna í aðalskipulagi:** Sýndir eru 66 kV háspennustrengir á aðalskipulagsuppdráttum. Virða skal helgunarsvæði þeirra sem er 10 m við jarðstengi og 30 m við loftlínur. Dreifilínur eru sýndar til upplýsinga og við endurnýjun þeirra er lögð áhersla á að þær verði lagðar í jörðu. Almennt falla spennistöðvar inn í viðkomandi landnotkunarflokk. Stærri spennuvirkni sem ekki falla inn í landnotkun á viðkomandi svæði eru sýnd sem iðnaðarsvæði, t.d. við Rjúkandavirkjun, en þar er heimilt að byggja yfir spennuvirknið. Einnig eru sýnd iðnaðarsvæði fyrir fyrirhugaðar

heimavirkjanir sem eru stærri en 200 kW. Örvirkjanir sem eru minni en 200 kW og hafa staðist frummat eru sýndar til upplýsinga á landnotkunaruppdrætti sjá kafla 3.1.6. Slíkar virkjanir kalla ekki á breytingu aðalskipulags nema þær séu á viðkvæmum svæðum eða verndarsvæðum.

Gert er ráð fyrir tveimur möguleikum fyrir vindmyllugarð á norðanverðu Snæfellsnesi, þ.e. við Gufuskála og vestan við Hellissand. Ef hugað verður að framkvæmdum við vindmyllugarð skal meta umhverfisáhrif með áherslu á sýnileika, hljóðvist, skuggaflökt og áhrif á fuglalíf og votlendi, auk annarra þátta skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og í samræmi við það sem gert hefur verið í sambærilegum verkefnum hérlandis og erlendis.

**Fjarskipti.** Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að alls staðar í byggð í Snæfellsbæ verði gott net- og símasamband, en því er verulega ábótavant. Þegar hafa nettengingar um allt dreifbýlið á sunnanverðu Snæfellsnesi frá Stekkjarvöllum að Vatnshelli verið hannaðar og er unnið að lagningu þeirra. Brýnt er að ljúka framkvæmdum við þær hið fyrsta.

**Fráveita.** Í Snæfellsbæ eru aðeins útrásir í þéttbýli á norðanverðu nesinu og sleppt er út vatni frá hafnarhúsini á Arnarstapa, þar sem Fiskmarkaður Íslands er með starfsemi. Að öðru leyti eru fráveitumál leyst með rotþróm. Snæfellsbær sér um hreinsun þeirra á kostnað eigenda.

**Stefna í aðalskipulagi:** Aðeins er um eiginlega fráveitu að ræða frá þéttbýlisstöðunum á norðanverðu nesinu. Í Ólafsvík eru þrjár útrásir, ein í Rifi og á Hellissandi eru tvær útrásir. Það er markmið bæjaryfirvalda að vinna að hreinsun fráveitu og lengingu fráveitulagna út fyrir stórstraumsfjöru.

Á Arnarstapa eru stórar rotprær á vegum Snæfellsbæjar. Auk þess er sleppt út vatni frá Fiskmarkaði Íslands á Arnarstapa og er sú framkvæmd með starfsleyfi. Lögð er áhersla á að rotprær séu af vandaðri gerð og útfærsla á siturlögn tryggi fullkomna hreinsun. Þær verði gerðar í samráði við með samþykki Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Snæfellsbær sér um hreinsun rotþróa í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Bæjaryfirvöld eru ábyrg fyrir hreinsun rotþróa sbr. ákvæði laga nr. 55/2003 og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Í dreifbýli skal vanda gerð rotþróa og fylgjast grannt með að þær séu ávallt hreinsaðar þegar þörf er á. Vegna uppbyggingar viða í Snæfellsbæ, m.a. vegna stóraukins ferðamannastraums, er brýnt að fylgjast vel með gerð og rekstri rotþróa. Fyrirhugað er að stækka hótelioð að Búðum og þar er mjög viðkvæmur viðtaki og nauðsynlegt að hreinsun verði ávallt til fyrirmynadar.

**Orkunýting:** Varðandi virkjanir sjá kafla 3.1.6 um iðnaðarsvæði. **Jarðhiti** á svæðinu er fágætur en nokkuð er um ölkeldur. Rannsóknir á vegum ÍSOR varðandi jarðhita á utanverðu Snæfellsnesi hafa ekki enn gefið tilefni til bjartsýni, en jarðhiti hefur fundist við Lýsuhól og hefur hann verið nýttur á Lýsuhólssvæðinu.

### 3.2.9 Landbúnaðarsvæði (L)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

*Markmið U3: Landbúnaður, ferðapjónusta og útvist sé ráðandi landnýting í dreifbýli.*

*Markmið U16: Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar og matvælaframleiðslu varðveitist.*

**Almenn stefna um landbúnaðarsvæði:** Bæjaryfirvöld hafa að markmiði að landbúnaður og matvælaframleiðsla á svæðinu eflið. Í Snæfellsbæ hefur nánast allt hentugt ræktarland sem ekki er á verndarverðum svæðum verið ræktad og er því lögð áhersla á að við alla uppbyggingu verði ræktuðu landi hlíft. Auk þess skal við alla uppbyggingu vernda hraun og votlendi í samræmi við 61. grein laga um náttúruvernd.

Á öllum jörðum er gefið svigrúm til fjölbreytilegrar atvinnustarfsemi, s.s. uppbyggingar á ýmiss konar þjónustu, ferðapjónustu með heimagingingu og lítt mengandi iðnaði. Einnig á þetta við um þróun landbúnaðar þar sem má setja upp verslun, veitingarekstur og fleira sem tengist eigin matvæla- og drykkjarframleiðslu. Slík þróun er mikilvæg til að tryggja áframhaldandi búsetu og góða afkomu í dreifbýlinu.

Bæjaryfirvöld vilja stuðla að nýtingu vatnsafls með sjálfbærni og öryggi að leiðarljósi. Við gerð virkjana skal meta vatnsmagn í fossum ef inntak er ofan þeirra.

Þegar rýnt er í landslag er Snæfellsjökull og umhverfi hans mjög sterkt landslagsrými og einkennir Snæfellsbæ. Vestari hluti svæðisins er friðaður sem þjóðgarður og austan jökulsins er svæðið á náttúruminjaskrá allt að vegi um Fróðárheiði. Hálendi er skilgreint sem ein landslagseining og þar er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu. Að sunnan er Staðarsveit og myndar nokkuð láglent og víðlent landslagsrými neðan fjallgarðsins og vestar er Breiðavík fallega afmörkuð. Að norðan er Fróðárhreppur þar sem rýmið er afmarkað fjöllum að sunnan og austan.

Í svæðisskipulagi Snæfellsness eru skilgreind „karaktersvæði“ sem tengjast athafnasemi á viðkomandi svæði, en ekki afmarkað út frá landslagsrýmum.

#### 3.2.9.1 Hellissandur og Rif

Á Hellissandi eru skilgreind tvö landbúnaðarsvæði.

L-1: Sunnan Hellissands er svæði fyrir tómstundabúskap, sem er þegar að miklu leyti byggt. Þar er hestamennska í fyrirrúmi, en einnig svigrúm fyrir tómstundabúskap með sauðfé. Stærð svæðis er 217.000 m<sup>2</sup> eða 21.7 ha.

L-2: Hella eyðijörð, heldur landbúnaðarnotum. Stærð svæðis er 15.000 m<sup>2</sup>.

Sunnan Rifs er eitt landbúnaðarsvæði.

L-3: Sunnan Rifs er leitast við að halda í búsetulandslag með því að halda í landbúnaðarnot á Sveinsstöðum. Stærð svæðis er 1.780.000 m<sup>2</sup> eða 178 ha.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Gefið er svigrúm til að halda í tómstundabúskap við Hellissand og Rif. Einnig verði stuðlað að verndun búsetulandslags.



KJ

### 3.2.9.2 Dreifbýlið

Á síðstu árum hefur íbúum í dreifbýli Snæfellsbæjar fjölgæð. Nokkrar fjölskyldur hafa flutt á jarðir sem áður voru komnar úr ábúð. Þessi þróun vekur vonir um að landbúnaður haldi vægi sínu í bæjarfélaginu.

Í Staðarsveit er nokkur landbúnaður. Þar eru umfangsmikil votlendissvæði sem hafa mikið verndargildi og þar eru því litlir möguleikar til nýræktar.

Í Breiðuvík er búskapur á fáeinum jörðum og viss þróun á sér stað varðandi uppbyggingu.

Innan þjóðgarðs er enginn búskapur en þar er takmörkuð lausaganga búfjár á sumararbeit leyfð.

Í fyrrum Fróðárreppi er landbúnaður á fáeinum jörðum.

Lögð er áhersla á að móta skýra stefnu varðandi verndun og sjálfbærar nytjar landbúnaðarjarða. Í dreifbýlinu eru metin ólík gæði mismunandi

svæða, uppbygging er löguð að aðstæðum á hverju svæði og metið hvar ber að stuðla að verndun.


**Eftirfarandi reglur gilda um uppbyggingu og fjölda íbúðarhúsa á landbúnaðarjörðum í Snæfellsbæ:**

- Ávallt skal sýna aðrar byggingar á jörðinni á afstöðuuppdrætti ef ekki liggur fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæði og fyrirhugað er að reisa nýtt hús.
- Á núverandi jörðum, þ.e. eins og þær eru skilgreindar við gildistöku þessa aðalskipulags, mega verða allt að 5 íbúðarhús án þess að það kalli á breytta landnotkun í aðalskipulagi. Gera skal deiliskipulag ef reisa á nýtt íbúðarhús á jörð og þegar eru tvö eða fleiri íbúðarhús á jörðinni.
- Ef jörðum er skipt upp má gera ráð fyrir einu íbúðarhúsi á nýr jörð sem er allt að 20 ha að stærð, en eftir það má reisa eitt hús fyrir hverja 20 ha lands þar til fimm húsa marki er náð.

Við alla uppbyggingu skal vernda hraun og votlendi í samræmi við 61. grein laga um náttúruvernd og hlífa ræktuðu landi og góðu ræktunarlandi.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Eftirfarandi reglur gilda um byggingu íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum:

- Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar leggja áherslu á að rými sé fyrir nýjar kynslöðir á bújörðum og heimila allt að 5 íbúðarhús á hverri jörð án þess að það kalli á breytta landnotkun í aðalskipulagi.
- Gera skal deiliskipulag ef reisa á nýtt íbúðarhús á jörð og þegar eru tvö eða fleiri íbúðarhús á jörðinni.
- Ávallt skal sýna aðrar byggingar á jörðinni á afstöðuuppdrætti ef ekki liggur fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæði og fyrirhugað er að reisa nýtt hús.
- Við alla uppbyggingu skal vernda hraun og votlendi í samræmi við 61. grein laga um náttúruvernd, auk þess skal hlífa ræktuðu landi og góðu ræktunarlandi.



- Við allar framkvæmdir skal vernda hraun, votlendi og fossa í samræmi við 61. grein laga um náttúruvernd. Við alla uppbyggingu skal hlífa ræktuðu landi og því litla sem eftir er af góðu ræktunarlandi.

Heimilt er að reka ferðapjónustu með allt að 10 gistirúmum, stunda léttan iðnað og fjölbreytilega lítt mengandi atvinnustarfsemi og heimilisíðnað, án þess að það kalli á breytingu aðalskipulags. Nokkuð er um að ferðapjónusta hafi þróast í eldri húsakosti og stuðlar slíkt að sjálfbærri þróun.

Gróðurgreining af Snæfellsbæ liggur fyrir. Stuðla skal að verndun ræktaðs lands, votlendis og hrauna. Ýmsir bændur hafa þegar lagt til endurheimt og/eða verndun votlendissvæða. Í aðalskipulaginu er leitast við að fella óskir landeigenda um framkvæmdasvæði að verndun votlendis og hrauna. Haft var samráð við gróðurkortadeild Náttúrufræðistofnunar um útfærslu.

EKKI verði ráðist í ræktun skjólbelta meðfram vegum eða ræktun framandi trjátegunda, til að halda í einkenni landslags og umhverfis, tryggja útsýni frá þjóðveginum og komast hjá snjósöfnun. Skógrækt verði háð skilyrðum, sjá kafla 3.2.10.

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að reisa örþirkjun á landbúnaðarsvæðum, þ.e. vatnsorkuver með allt að 200 kW uppsett rafafli. Slikar virkjanir kalla ekki á breytingu aðalskipulags, ef um lítt sýnilega framkvæmd er að ræða, nema virkjun sé á viðkvæmu svæði eða verndarsvæði. Örvirkjanirnar sem hafa verið metnar í frummati og staðist ofannefnd skilyrði eru sýndar á dreifbýlisupprætti til upplýsinga.

Heimilt er að gera ráð fyrir örþirkjunum sem nýta vindorku á landbúnaðarsvæðum. Þá er átt við litlar útfærslur þar sem vindsnigill er um 2.5 m hár og verði lagður þannig að hann verði lítt áberandi í umhverfinu.

Komið hafa fram óskir/hugmyndir frá bændum og landeigendum varðandi ýmsar framkvæmdir og nytjar á bújörðum.

### 3.2.10 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu."

Í svæðisskipulagi Snæfellsbæjar er eftirfarandi markmið:

*Markmið U12: Uppbygging og landnýting í sveitum taki tillit til landslagseinkenna Snæfellsness.*

Gerð var gróðurgreining af Snæfellsbæ vegna vinnu við aðalskipulag. Leitast var við að fella fyrirhugaðar framkvæmdir bænda að viðkvæmum votlendissvæðum í samráði við starfsmenn gróðurkortadeildar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Farið var yfir hugmyndir landeigenda um ræktun túna og fyrirhugaðra skógræktarsvæða. Þau eru sýnd til upplýsinga á dreifbýlisupprætti og eru ekki fyllt, heldur afmörkuð með útlínu, því ekkert þeirra er yfir 35 ha.

**Almenn stefna um skógrækt og landgræðslu:** Snæfellsbær einkennist af stórbrotnu landslagi og mikilli náttúrufegurð. Stigið verði varlega til jarðar varðandi skógrækt innan bæjarfélagsins. Ávallt verði tekið mið af því að skógrækt raski sem minnst því landslagi sem fyrir er og ekki verði skógrækt á túnum eða öðru ræktuðu landi. EKKI verði ráðist í plöntun framandi tegunda, vegna hættu á að þær dreifi sér á náttúruverndarsvæði og friðlönd. Við alla ræktun verði tekið tillit til votlendis og hrauna og ekki verði plantað meðfram þjóðvegum.

**Sækja þarf um framkvæmdaleyfi vegna allrar skógræktar til bæjaryfirvalda.** Nýræktun skóga á allt að 200 ha lands er tilkynningarskyld til bæjaryfirvalda Snæfellsbæjar. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum eru í flokki B í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þau svæði eru tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem metið er í hverju tilviki hvort fyrirhuguð skógrækt er matsskyld.

## Ólafsvík

SL-1: Stórt skógræktarsvæði er í dalnum sunnan við þéttbýlið í Ólafsvík og stækkan austan við þéttbýlið. Þar hefur verið ræktað um langt árabil. Stærð eldra svæðis er 274.000 m<sup>2</sup> (27.4 ha) og svæði til stækkunar er um 43.000 m<sup>2</sup> (4.3 ha) eða alls um 32 ha.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** *Bæjaryfirvöld hafa þegar úthlutað Skógræktarfélagi Ólafsvíkur stækkan svæðis í dalnum til ræktunar. Þetta svæði hentar vel til skógræktar og vegna legu skyggir það ekki á útsýni í stærra samhengi. Gæta skal þess að planta ekki framandi tegundum sem hætta er á að dreifi sér í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Gert er ráð fyrir útvistarstígum um dalinn og gert er ráð fyrir að tveir meginstígar fari um skógræktarsvæðið.*

## Hellissandur og Rif

SL-1: Skógræktarreitur er sunnan Hellissands og liggur að íþróttavelli og landbúnaðarsvæði fyrir tómstundabúskap og er plöntun þar lokið. Stærð svæðis er 81.000 m<sup>2</sup> (8.1 ha).

SL-2: Á landi Þrándarstaða hefur verið úthlutað svæði til skógræktar. Ekki verði notaðar framandi tegundir vegna nálægðar við hraun og þjóðgarð. Stærð svæðis er 123.000 m<sup>2</sup> eða 12.3 ha.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** *Bæjaryfirvöld hafa þegar úthlutað Skógræktar- og landverndarfélagi undir Jökli um 2 ha svæði á landi Þrándarstaða til áframhaldandi ræktunar.*

## Dreifbýli

Þegar er skógræktarreitur við Bjarnarfoss. Lýsudalur og Ægissíða eru með þinglýsta samninga í nytjaskógrækt. Í Lýsudal hefur þegar verið plantað í 24 ha af 35 ha svæði og á Ægissíðu hefur þegar verið plantað í 11.2 ha af 25 ha sem samningssvæði tekur til. Í Hraunsmúla er skógrækt og samningur við Vesturlandsskóga. Sótt hefur verið um inngöngu í

skógræktarverkefni fyrir Slitvindastaði og Lindarbrekku<sup>16</sup>. Fáeinir bændur og landeigendur hafa óskað eftir litlum svæðum til skóg- og/eða túnræktar, en meta þarf hverju sinni hvort ræktun brýtur í bága við umhverfisvernd svæðisins.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** *Lögð er áhersla á verndun votlendis og hrauna og er ekki heimilt að planta á slíkum svæðum. Dæmi eru um að útlínum svæða sem óskað var eftir hafi verið breytt vegna votlendis í mikilvægum verndarflokki vegna fágætra tegunda. Ekki skal planta trjám þar sem skógrækt raskar ásýnd á svæði sem vert er að vernda. Landsvæði í Snæfellsbæ hentar almennt ekki vel til skógræktar. Þó kemur skógrækt til greina á vannýttum túnum og jaðarsvæðum fjallmegin þjóðvegar. Öll skógræktarsvæði eru framkvæmdaleyfisskyld, en gera þarf grein fyrir landnotkun skógræktarsvæða ef þau eru yfir 35 ha að stærð eða eru á svæðum sem hafa verndargildi á landnotkunaruppráttum. Skógrækt á allt að 35 ha svæðum er heimil með þeim takmörkunum sem koma fram í kafla 3.2.9.2. Forðast skal skógrækt á votlendi, í hraunum og næri þeim og á þeim öðrum svæðum sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Skógærkt verði ekki á eða við hverfisverndarsvæði eða friðlýst svæði. Við gerð aðalskipulags eru ekki dæmi um skógræktarsvæði sem eru aðalskiplagsskyld.*

### 3.2.11 Óbyggð svæði (ÓB)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði þar sem hvorki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálandi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útvist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum."

**Almenn stefna um óbyggð svæði í aðalskipulagi Snæfellsbæjar:** Öll svæði yfir 200 m hæðarlínu eru skilgreind sem óbyggð svæði. Stefnt er að því að óbyggð svæði fái að halda einkennum sínum og víðerni verði varðveisitt. Þar verði ekki reist nein mannvirkji, enda stutt til byggða af

<sup>16</sup> Sigríður Júlíus Brynleifsdóttir, Skógrækt ríkisins.

*Snæfellsnesfjallgarðinum. Þó er gert ráð fyrir að þar geti risið fjarskiptamöstur ef þau eru ekki talin raska umhverfi um of. Talið er æskilegt að fólk í fjallaferðum noti gistingu og þjónustu á sunnan- eða norðanverðu nesinu.*

### 3.2.11.1 Ólafsvík

Byggðarsvæði Ólafsvíkur eru frekar þétt. Þar er lítið um óbyggð svæði innan þéttbýlismarka og eru minnstu svæðin ekki merkt sérstaklega.

ÓB-1: Í Enni er óbyggt svæði ofan við efnistökustað. Þar verði gengið frá eldri efnistökusvæðum og leitast við að móta samfellu í fjallshlíðina. Þetta er í samræmi við ábendingar Umhverfisstofnunar vegna leyfis til efnistöku.

ÓB-2: Þar sem þéttbýlismörkin eru teygð upp fyrir virkjunarmannvirki Rjúkandavirkjunar er umfangsmikið óbyggð svæði. Gert er ráð fyrir að því verði ekki raskað og fái að halda einkennum sínum.

Stefnumörkun í aðalskipulagi: *Óbyggð svæði verði óröskuð og nýtist til útvistar þar sem aðstæður leyfa. Auk ofantalinna svæða er óbyggð svæði ofan Ólafsbrautar og teygir það sig í átt að dalnum og íþróttasvæði. Á þessu svæði er fallið frá hugmyndum um framtíðar uppbyggingu.*

### 3.2.11.2 Hellissandur og Rif

Á Hellissandi eru nokkur stór óbyggð svæði, en minni svæði eru ekki numruð sérstaklega.

ÓB-1: Milli Hellissands og Gufuskála er all stórt óbyggð svæði sem er að hluta til innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Vernda ber einkenni þessa svæðis. Þar eru sýndir tveir reitir fyrir hugsanlega vindmyllugarða.

ÓB-2: Milli Hellissands og Rifs er fallegt óbyggð svæði. Í eldra aðalskipulagi var gert ráð fyrir að byggðin gæti teygt sig inn á þetta svæði. Nú er mótuð skýr stefna um að beina byggð inn á við og halda þessu svæði óbyggðu að því undanskildu að þar er gert ráð fyrir hugsanlegu hóteli. Um er að ræða fallegt svæði og þar er góður útvistarstígur milli þéttbýlisstaðanna rétt norðan þjóðvegar og gönguleið nærri sjónum.


ÓB-3: Umfangsmikið óbyggð svæði er sunnan Útnesvegar. Mikilvægt er talið að halda flugvelli, efnistökusvæðum og Sveinsstöðum innan þéttbýlismarka. Milli þessara reita er all stórt óbyggð svæði.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** *Óbyggð svæði verði óröskuð og nýtist til útvistar þar sem aðstæður leyfa. Hluti óbyggðra svæða eru votlendi og uppburrkað votlendi og er æskilegt að stuðlað verði að endurheimt votlendis.*

### 3.2.11.3 Arnarstapi og Hellnar

Á Arnarstapa og Hellnum njóta stærstu óbyggðu svæðin hverfisverndar og/eða friðunar. Það á við um Klifhraun, Hellnahraun, Nónmýri og strandlengjuna, sjá umfjöllun um hverfisvernd og náttúruverndarsvæði.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** *Verulegur hluti óbyggðra svæða sem sýnd eru í rammaskipulagi fyrir Arnarstapa og Hellna njóta hverfisverndar og verði þeim svæðum ekki raskað.*



KJ

### 3.2.11.4 Dreifbýlið

Í dreifbýlinu eru svæði yfir 200 m hæðarlínu skilgreind sem óbyggð svæði. Núverandi stærð Snæfellsjökuls er sýnd með hvítri línu, en hann er óbyggt svæði.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Óbyggð svæði í dreifbýli eru yfir 200 m hæðarlínu og verði nýtt sem afréttur og útvistarsvæði. Þar eru fjölbreytilegar gönguleiðir og víða mikil náttúrufegurð. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja á þessu svæði nema hugsanlegum afturkræfum framkvæmdum vegna skíðasvæðis í Snæfellsjökli.

### 3.2.12 Vötn, ár og sjór (V)

Úr skipulagsreglugerð: "Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, bar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga."

Fjallað er um haf- og strandsvæði í landsskipulagsstefnu. Lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda. Unnið verður að því að stjórnsýsla skipulagsmála á haf- og strandsvæðum verði samræmd. Veiðivatn er á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti vera ef fiskur væri ræktaður þar. Um fiskirækt í veiðivötnum gilda lög nr. 58 um fiskirækt. Þar eru takmarkanir á því hvernig megi standa að fiskirækt til að varna því að röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar er gert ráð fyrir að all nokkrar ár verði virkjaðar á skipulagstímabilinu. Virkjanir eru flestar við Snæfellsnesfjallagarðinn og er því yfirleitt ekki um rask að ræða þar sem fiskgengd er til staðar. Mótuð var stefna um smávirkjanir sem leiddi til þess að ekki eru sýndar virkjanir sem raska fossum eða hafa önnur veruleg umhverfisáhrif.

Gert er ráð fyrir fyllingu við hafnir í Rifi og Ólafsvík, sjá kafla 3.2.7.



KJ

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Öll nýting á haf- og strandsvæðum verði sjálfbær og viðhaldi heilbrigði og líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Ekki er gert ráð fyrir hafeldi við strendur Snæfellsbæjar. Víða eru dæmi um efnistöku úr árósum og af strönd og skulu síkar nytjar vera háðar framburði áんな og ágjöf hafsins á hverjum tíma. Siglingaleiðir verði tryggðar að höfnum.

Vernda skal vötn, ár og sjó eftir föngum og allar nytjar verði sjálfbærar. Landeigendum ber að leita leyfis Fiskistofu ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar við ár og vötn, í samræmi við 33. grein í lögum um lax- og silungsveiði. Það á við um smávirkjanir, efnistökusvæði og aðrar framkvæmdir sem fyrirhugaðar kunna að vera við eða nærrí veiðivötnum. Með umsókn um leyfi til Fiskistofu skal fylgja umsögn viðkomandi veiðifélags þegar við á og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Auk þessa þarf að sækja um byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi til bæjaryfirvalda.

### **3.2.13 Vatnsból (VB) og vatnsvernd (VG, VF) og vatnsveita**

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar. Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

*Markmið U17: Aðgengi að fersku og heilnæmu vatni, til manneldis og matvælaframleiðslu, sé ávallt tryggt, a.m.k. í þéttbýli.*

*Markmið U36: Fyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum sé tryggt gott neysluvatn.*

Í aðalskipulagi eru sýnd vatnstökusvæðifyrir þéttbýli, en þau eru öll á dreifbýlisupprætti. Takmarkanir sem gilda um brunns-, grann- og fjarsvæði eru tilgreindar í reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir vatnsból sem þjóna matvælaframleidslu, 20 ibúðarhrúsum eda 50 íbúum. Heilbrigðisnefnd skal meta og ákvarða þau vatnsverndarsvæði. Fyrir önnur vatnsból þarf ekki starfsleyfi og eru þau ekki undir sérstöku eftirliti frá opinberum aðilum. Á dreifbýlisupprætti eru sýnd varnsból fyrir Arnarstapa og Hellnar, Hótel Búðir, Lýsuhóll, Lýsudal, Malarif og Traðir.

Vatnsbólin eru skilgreind sem brunnsvæði sem eiga að vera afgirt, en auk þess eru afmörkuð grannsvæði, þar sem ríkir nokkuð ströng verndun og fjarsvæði, þar sem ríkir mildari verndun. Mikilvægt er að tryggja ávallt gnægð af hreinu og góðu vatni. Það á ekki síst við vegna matvælaframleiðslu.

#### **3.2.13.1 Ólafsvík**

Nýtt og endurbætt vatnsból við Gerðuberg var tekið í notkun fyrir Ólafsvík fyrir fáeinum árum. Þar er gnægð af góðu vatni. Þar hafa brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði verið skilgreind á aðalskipulagskorti.

**Stefna í aðalskipulagi:** *Mikilvægt er að halda í gæði neysluvatnsins. Jökulhálsvegur liggur nærri vatnsbóli og grannsvæði og fer yfir fjarsvæði.*

*Metið verði hvort þarf að setja reglur um umferð á Jökulhálsvegi svo ekki sé hætta á mengun.*

#### **3.2.13.2 Hellissandur og Rif**

Vegna fyrirhugaðrar vatnsverksmiðju í Rifi var virkjað nýtt vatnsból fyrir Hellissand og Rif. Gert er ráð fyrir að Gufuskálar tengist vatnsveitunni, en þar er gnægð af mjög góðu vatni og flutningsgeta lagna er mikil, enda var hún miðuð við vatnsútlutning.

**Stefna í aðalskipulagi:** *Vegur frá Eysteinsdal að Jökulhálsvegi liggur um fjarsvæði vatnsveitu fyrir Hellissand og Rif, en fjarri grannsvæði og brunnsvæði. Vegna mikilvægis vatnsbólsins verði metið hvort þarf að setja reglur um umferð á umræddum veki, svo ekki verði hætta á mengun. Með vaxandi útvist og ferðamannastraumi er aukin hætta á mengun frá umferð um svæðið.*

#### **3.2.13.3 Arnarstapi og Hellnar**

Á Arnarstapa og Hellnum er ekki eiginlegt þéttbýli, þó gengið sé frá rammahluta aðalskipulags þar, vegna ágangs á svæðið. Á Arnarstapa er vatnsveita á vegum Snæfellsbæjar. Vatnsbólið er ofan Útnesvegar og er fyrirhugað að girða það af.

Á Hellnum er allt land í einkaeign og þar er einkavatnsveita í eigu fáeinna jarða. Gert er ráð fyrir að landeigendur og/eða Snæfellsbær bori eftir vatni norðan þjóðvegar, fyrir þá notendur sem ekki tilheyra einkavatnsveitunni á Hellnum.

Skilgreint er vatnsverndarsvæði við gjöfult vatnsból í Smálækjarhlíð, sem getur þjónað Arnarstapa og Hellnum til framtíðar, ef/þegar þörf verður á auknu vatnsmagni.

**Stefna í aðalskipulagi:** *Vatnsból fyrir Arnarstapa verður girt af á næstunni til að verja það fyrir mengun. Þar hafa brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði verið skilgreind á dreifbýlisupprætti.*

Vatnsveita Hellna er úr landi Dagverðarár. Vatnsbólið virðist vera gjöfult, en lögnin er löng og þar er stundum hörgull á vatni. Dæmi er um einka borholu á Hellnum, en fleiri landeigendur hafa áhuga á að koma að borun eftir vatni.

**Stefna í aðalskipulagi:** *Gert er ráð fyrir að núverandi einkavatnsveita verði rekin með svipuðum hætti og nú er. Þegar er veitinga- og hótelrekstur á Hellnum og er því skyldt að hafa starfsleyfi fyrir vatnsveitu.*

*Til bráðabirgða verði leyst úr brýnni vatnsþörf með safntönkum ef um frekari uppbyggingu verður að ræða á svæðinu, til að tryggja að ávallt sé til nóg vatn ef eldsvoði verður.*

*Unnið er að framtíðar lausn varðandi vatnsöflun til nýrra notenda á Hellnum og kemur Snæfellsbær að þeirri vinnu. Áhersla er lögð á sjálfrennandi vatnsveitu. Einnig hefur verið metin hentug staðsetning borholu ofan þjóðvegar ef þar þarf að afla vatns með borun og er gerð grein fyrir henni á dreifbýlisupprætti.*

### 3.2.13.4 Dreifbýlið

Vatnsból þéttbýsstaða, grann- og fjarsvæði þéttbýsstaða eru á dreifbýlisupprætti.

VB-1 Kast, vatnsból en grann- og fjarsvæði hafa ekki verið afmörkuð.

VB-2 Lýsuholí, vatnsból en grann- og fjarsvæði hafa ekki verið afmörkuð.

VB-3 Hótel Búðir, vatnsból en grann- og fjarsvæði hafa ekki verið afmörkuð.

VB-4 er gjöfult vatnsból ásamt grann- og fjarsvæði, sem gæti þjónað Arnarstapa og Hellnum til framtíðar ef þar verður mikil uppbygging.

VB-5 er vatnsból Arnarstapa ásamt grann- og fjarsvæði. Það verður girt af og varið fyrir mengun á næstunni.

VB-6 er hugsanleg borhola fyrir vatntöku nýrra notenda á Hellnum.

VB-7 er vatnsból Hellna. Þar er gnægð af góðu vatni og gæti bolið annað all mikilli fjölgun notenda á Hellnum ef lagnir yrðu endurnýjaðar með það í huga.

VB-8 Malarrif, vatnsból en grann- og fjarsvæði hafa ekki verið afmörkuð.

VB-9 er vatnsból Hellissands og Rifs. Þar er mjög mikið magn af góðu vatni og langnir geta annað mikilli notkun.

VB-10 er vatnsból Ólafsvíkur. Þar er nóg af góðu vatni og hefur vatnsbólið verið varið fyrir mengun.

Einkaveitur eru víða í Snæfellsbæ sem þjóna jörðum og frístundahúsum. Til eru hnit af fáeinum vatnsbólum og er gerð grein fyrir þeim á aðalskipulagskorti. Það á t.d. við um vatnsból að Hellnum. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands vinnur að mælingu allra leyfisskyldra vatnsbóla, en því verki er ekki lokið. Hnitsetningu þeirra er ekki lokið, en þau eru undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

**Stefna í aðalskipulagi:** *Á jörðum þar sem er matvælaframleiðsla eða veitingarekstur, er skyldt að hafa starfsleyfi fyrir vatnsbólum. Mælst er til að landeigendur girði vatnsból sín af til að verja þau fyrir hugsanlegri mengun. Landeigendur þurfa sjálfir að afla vatns úr einkavatnsveitum og halda þeim við í samræmi við lög og reglur.*

### 3.2.14 Strandsvæði (ST)

### 3.2.15 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði þar sem langtíma markmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum."

Á Breiðafirði eru fengsæl fiskimið, fjörur og leirur eru víðlendar, selur kæpir á skerjum og fuglalíf er einstakt varðandi tegundafjölda og stofnstærðir. Eystri hluti Breiðafjarðar nýtur verndar með lögum sem sett voru um verndun hans árið 1995 og nær verndunin að strönd forna Fróðárrepps. Auk þess eru mikilvæg sellátur í Staðarsveit og lífleg smábáutgerð frá Arnarstapa.

**Stefna í aðalskipulagi:** *Bæjaryfirvöld vilja vernda strandsvæði, ár, vötn og sjó. Hverfisverndarsvæði er við Fúlúvík í Staðarsveit og þar eru netalagnir bannaðar.*

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki."

Strandsvæði í Snæfellsbæ er án fráveitu nema frá Ólafsvík, Hellissandi og Rifi og lögn er frá hafnarhúsinu á Arnarstapa. Strendur Snæfellsbæjar eru

því almennt hreinar. Löngufjörur og fjaran áfram að Búðum er mikið notuð til hestaferða og hefur mikið gildi sem slík. Ströndin á Arnarstapa og Hellnum er friðlýst og sett er hverfisvernd á strönd norður fyrir Klifhraun og suður fyrir Hellna. Aðeins utar á nesinu tekur Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull við og þar hefur UST umsjón með verndun umhverfis. Á norðanverðu nesinu þarf að gera átak í hreinsun fráveitu frá þéttbýlisstöðnum og standa vörð um þau svæði þar sem strönd er óröskuð. Líklegt er að siglingar meðfram ströndum Snæfellsbæjar aukist með vaxandi ferðamannastraumi og eru fólgir tækifæri í þróun sjótengdrar ferðaþjónustu.

**Stefna í aðalskipulagi:** Ný mannvirkni verði minnst 50 m frá strandlinu í dreifbýli, svo þau hindri ekki aðgang gangandi vegfarenda innan 50 m helgunarlínu frá sjó. Á litlu svæði austan við Fúluvík í Staðarsveit er skilgreind hverfisvernd. Þar verði ekkert rask og ekki lögð net, til að skapa selum frið, en þar er sellátur sem hefur mikið aðráttarafl. Ef framkvæmdir eru við vötn eða ár, skal hafa verndun bakkagróðurs í huga, sbr. grein 56 í lögum um náttúrvernd.



HH

## 4 Takmarkanir á landnotkun

### 4.1 Hættusvæði

#### 4.1.1 Náttúruvá (NV)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)."

Eftirfarandi texti var yfirfarinn út frá upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.

**Snjóflóð:** Í Ólafsvík er ofanflóðahætta í hluta byggðarinnar, nánar tiltekið undir Tvísteinahlíð, undir Ennishlíð og austan þéttbýlisins nærrí Rjúkandavirkjun. Reist hafa verið varnarmannvirki til þess að verja byggðina, stoðvirki í Tvísteinahlíð, þvergarður ofan heilsugæslustöðvarinnar og farvegur bæjarlækjarins mótaður til þess að hleypa ofanflóðum í læknum fram í sjó. Vestarlega í bænum er snjóflóðahætta úr Enni og standa nokkur íbúðarhús við Ennishlíð og Ennisbraut á hættusvæði B. Vestar er óvarið atvinnuhúsnaði á hættusvæði C og er byggð þar víkjandi. Hættumatið er í samræmi við hættumat sem var staðfest af Umhverfisráðherra 15. september 2004. Á svæði A er staðaráhætta 0.3-1 af 10.000 á ári, á svæði B er staðaráhætta 1-3 af 10.000 á ári og á svæði C er hættan 3 af 10.000 á ári. Á svæði C er byggð víkjandi, á svæði B er hættan svipuð og dánarlíkur í umferðinni. Einnig er snjóflóðahætta úr fjallinu vestan byggðarinnar, en þar hefur vegur verið varinn og færður fjær fjallinu og þar er ekki gert ráð fyrir neinni byggð..

Við alla uppbyggingu í dreifbýli skal hafa í huga að reisa ekki mannvirkni nærrí fjallsrótum nema metið verði hvort þar kunni að vera hætta á ofanflóðum. Par sem hætta hefur ekki verið metin með formlegum hætti þarf ýmist að gera staðbundið hættumat ef um einstakar byggingar er að ræða eða meta hættu fyrir stærri svæði ef um er að ræða þéttari byggð, sbr. reglugerð um hættumat nr. 505/2000 með síðari breytingum.

**Sjávarflóð:** Við strönd í Snæfellsbæ þarf að meta hættu mannvirkja sem liggja lægst í landi vegna hækkunar og ágangs sjávar. Ágangur sjávar nartar víða í strandlengjuna og á nokkrum stöðum hafa verið gerðar sjóvarnir með grjótgörðum. Á aðalskipulagsuppráttum er gerð grein fyrir þeim sjóvarnargörðum sem hafa verið byggðir eða eru fyrirhugaðir

samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni. Þegar hafa verið byggðir sjóvarnargarðar í Olafsvík, á Hellissandi, vestan Gufuskála og í Staðarsveit. Fyrirhugað er að byggja sjóvarnargarða við Ennisbakka í Ólafsvík, við Hellisbraut á Hellissandi, vestan Gufuskála, við Gróuhól á Hellnum og við Barðastaði og Marbakka í Staðarsveit.


Veðurstofa Íslands vinnur nú að áhættumati vegna sjávarflóða í samvinnu við Vegagerðina. Verkefnið hófst 2015 og er enn í vinnslu. Tekið hefur verið saman sögulegt yfirlit um sjávarflóð á Íslandi (sjá skýrslu á vefsþæði Veðurstofunnar). Einnig hefur verið sett saman skýrsla um öfgagreiningu á flóðhæðum til að hægt sé að reikna endurkomutíma flóðanna.

**Vatnsflóð:** Veðurstofan vinnur einnig að áhættumati vegna vatnsflóða. Það verkefni hófst 2015 og í fyrsta áfanga þess var unnið að samantekt sögulegra flóða og mati á umfangi þeirra fyrir þau svæði þar sem mikil flóð urðu í desember 2006, en Snæfellsbær er ekki þar á meðal. Gera má ráð fyrir að önnur svæði verði tekin fyrir í framtíðinni.

**Veður:** Nokkuð er um stórvíði í Snæfellsbæ og er þar helst að nefna „stóra sunnan“ í Ólafsvík og stífa norðanátt á sunnanverðu Snæfellsnesi. Meðfylgjandi vindrósir sýna með afgerandi hætti að þótt fleiri vindáttir mælist bæði á Bláfeldi og í Ólafsvík þá er hvassviðrisáttin ( $f > 15$ ) afgerandi.

Á Bláfeldi er ríkjandi N til NNA átt í hvassviðri eins og sést á aftari vindrósinni.

### Ólafsvík, tíðni vindáttta (%), 1. jan 2006 – 31. des. 2015




Sjálfvirk stöð, fjöldi athugana: 83.896

Logn: 2.1%, breytileg átt 0%

Í Ólafsvík er ríkjandi SA til SSA átt í hvassviðri eins og sést á vindrós hægra megin.

### Bláfeldur, tíðni vindáttta (%), 1. jan 2006 – 31. des. 2015



Sjálfvirk stöð, fjöldi athugana: 85.409

Logn: 2.4%, breytileg átt 0%

(f>15.0), fjöldi athugana: 2.075

Logn: 0%, Breytileg átt 0%

**Eldgos:** Snæfellsjökull er virk eldstöð og af honum getur stafað hætta ef eða þegar hann gýs. Veðurstofan vinnur nú að áhættumati vegna eldgosa á Íslandi. Í því sambandi hafa verið teknar saman allar upplýsingar um hin 32 virku eldfjöll á Íslandi og þær gerðar aðgengilegar á vefsíðunni: [www.icelandicvolcanoes.is](http://www.icelandicvolcanoes.is). Þetta er mjög viðamikið verkefni líkt og önnur áhættumöt og unnið verður að því næstu árin.<sup>17</sup>

### Stefnumörkun í aðalskipulagi:

*EKKI VERÐI REISTAR BYGGINGAR ÞAR SEM HÆTTA ER Á OFANFLÓÐUM.*

*EKKI VERÐI SAMPYKKT NÝ MANNVIRKI ÞAR SEM HÆTTA ER Á LANDBROTI, NEMA FYRIR LIGGI ÁÆTLUN UM VARNIR SEM VERÐI FRAMKVÆMDAR JAFNHЛИДА AF EIGANDA Á HANS KOSTNAÐ. NÝ BYGGÐ VERÐI EKKI SAMPYKKT MEÐ GÓLFKÓTA UNDIR 5.0 m HÆÐ YFIR SJÁVARMÁLI. FYLGST VERÐI MEÐ VINNU VEÐURSTOFUNNAR OG GERÐAR VERÐI VIÐEIGANDI RÁÐSTAFANIR EF/ÞEGAR ÁSTÆÐA ER TIL.*

### 4.1.2 Varúðarsvæði (VA)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokkum samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun."

EKKI ER GERT RÁÐ FYRIR MENGANDI STARFSSEMI Í SNÆFELLSBÆ SEM GÆTI ÓGNAÐ HEILSU OG ÖRYGGI ALMENNINGS. UMHVERFISÁHRIF VINDMYLLUGARÐS VERÐA METIN MEÐ ÁHERSLU Á HLJÓÐVIST, ÁSÝNDARÁHRIF OG HUGSANLEG ÁHRIF Á FUGLALÍF, AUK ANNARRA ÞÁTTA SKV. LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM OG Í SAMRÆMI VIÐ ÞAÐ SEM GERT HEFUR VERIÐ Í SAMBAÐILEGUM VERKEFNUM HÉRLENDIS OG ERLENDIS.

### 4.1.3 Hindranafletir flugvalla (HF)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem háð er takmörkunum á hæð mannvirkja og

<sup>17</sup> Veðurstofa Íslands

gróðurs vegna flugtaks og lendinga sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla, sbr. lög um loftferðir."

Á aðalskipulagsupprætti er sýnt helgunarsvæði við flugvöllinn í Rifi. Í samræmi við upplýsingar frá ISAVIA. Ekki skal reisa nein mannvirki innan svæðisins nema í samráði við flugmálayfirvöld.

## 4.2 Verndarsvæði

**Almenn stefnumörkun:** Í Snæfellsbæ er rík áhersla á náttúruvernd og að öll landnýting taki mið af þeim verðmætum sem er að finna í náttúru svæðisins. Megin sérkenni Snæfellsbæjar eru mikil náttúrufegurð og sérstakar jarðmyndanir, bæði innan og utan þjóðgarðs, sem skal vernda. Metið var hvort gera skyldi rammahluta aðalskipulags af völdum svæðum í þjóðgarði og haft var samráð við Umhverfisstofnun. Niðurstaðan varð að hér eftir þyrfti að gera deiliskipulag vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

EKKI SKAL PLANTA TRJÁM EÐA FRAMANDI GRÓÐRI Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM OG META SKAL AÐSTÆÐUR EF FYRIRHUGAÐ ER AÐ PLANTA Á ÖÐRUM VERNDARSVÆÐUM.

Búðahraun er friðland og Bárðarlaug er náttúrvætti. Utanvert Snæfellsnes utan þéttbýlis, vestan þjóðvegar um Fróðárheiði og austan þjóðgarðs, er á náttúruminjaskrá. Þá eru nokkur minni svæði á náttúruminjaskrá, sem sum hafa verulegt verndargildi, t.d. vegna fuglaskoðunar. Leitast er við að stuðla að verndun búsetulandslags og hvatt til góðrar umgengni í bæjarfélagini.

Tekið er tillit til verndunar Breiðafjarðar við starfsemi nærrí sjó í fyrrum Fróðárreppi. Annars hefur verndun Breiðafjarðar lítil áhrif í Snæfellsbæ.


### 4.2.1 Friðlýst svæði (FS)

Úr skipulagsreglugerð: Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúrvætti (sérstæðar náttúrumeindir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

AÐ FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM ERU ALLAR FRAMKVÆMDIR HÁÐAR LEYFI FRÁ UMHVERFISSTOFNUN, sjá A-hluta 33. greinar náttúruverndarlaga.

### Í Snæfellsbæ eru eftirtalín svæði friðlýst:

- **Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull** er á utanverðu Snæfellsnesi og er um 170 km<sup>2</sup> og er eini þjóðgarður landsins sem nær að sjó. Hann var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólk i að ferðast um svæðið og kynnast því.
- **Bárðarlaug** var friðlýst sem náttúrvætti árið 1980. Bárðarlaug er lítil sporóskjulaga tjörn í fögrum gjallgíg vestan við veginn að Hellnum. Þar segir sagan að Bárður Snæfellsás hafa baðað sig. Stærð náttúrvættisins er 43.6 ha.
- **Ströndin við Stapa og Hellna:** Ströndin við Stapa og Hellna var friðlýst árið 1979. Margar fagrar og sérkennilegar bergmyndanir er að finna við sjó á þessum slóðum. Hellnahraun er komið upp úr gíg nærrí Jökulhálsi sem nú er hulinn jöкли. Á svæðinu er t.a.m. að finna sérkennilegar gjár sem ágangur sjávar hefur grópað í bergið. Fuglalíf er ríkulegt á þessum slóðum. Ströndin var fyrrum mikil verstöð enda gott lægi fyrir báta. Talið er að hraunið sé um 3.900 ára. Friðlandið er 134.4 ha.
- **Búðahraun** var friðlýst árið 1977. Svæðið einkennist af úfnu hrauni og fjölbreyttum gróðri. Má þar finna 11 af 16 þekktum burknategundum á landinu. Um hraunið liggur forn gata. Gulir fjörusandar eins og í nágrenni Búðahrauns eru fátiðir í íslenskri náttúru. Stærð friðlandsins er 1.003 ha.
- **Breiðafjörður** nýtur verndar samkvæmt lögum [nr. 54/1995](#) um vernd Breiðafjarðar. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfisráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadráppssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg og áfram að Vallnabjargi. Svæðið nær því til fjörunnar við auststu jarðir í fyrrum Fróðárhereppi, austan Vallnabjargs. Á upprætti sem sýnir rammahluta aðalskipulag fyrir Arnarstapa og Hellna er sýnd afmörkun friðlýstrar strandar. Unnið er að deiliskipulagi friðlandsins á vegum UST og verði allar framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag.



*Bæjaryfirvöld vilja stuðla að auknu umfangi verndunar og er gert ráð fyrir **hverfisvernd** þess hluta strandar sem sést á uppdrættinum og ekki er friðuð, Hellnahrauns, Klifhrauns og Nónmýrar innan þéttbýlismarka.*

Gerðir hafa verið framkvæmdauppdrættir á nokkrum stöðum innan þjóðgarðs og deiliskipulag hefur þegar verið unnið eða er fyrirhugað á fáeinum stöðum. **Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að eftir gildistöku aðalskipulags verði ávallt gengið frá deiliskipulagi þegar fyrirhugað er að framkvæma innan þjóðgarðsins og á öðrum friðlýstum svæðum.** Í deiliskipulagi verði lögð áhersla á varanleg og náttúruleg efni sem falli vel að umhverfi og samræma efnisnotkun. Öll mannvirkir verði feldir vel að landi og láti litið yfir sér.

#### 4.2.2 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun." **Á svæðum sem njóta náttúruverndar eru allar framkvæmdir háðar umsögn Umhverfisstofnunar.**

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið um náttúruvernd:

*Markmið U10: Jarðfræðilega merkileg svæði og fallegar jarðminjar séu verndaðar.*

*Markmið U11: Fjölbreytni fuglalífs og gróðurs viðhaldist.*

Engar tillögur eru um ný svæði innan Snæfellsbæjar á náttúruverndaráætlun 2004-2008 eða 2009-2013, svo engin svæði falla undir B hluta í 33. grein Náttúruverndarlaga.

Eftirtalin svæði í Snæfellsbæ eru á **náttúruminjaskrá** í samræmi við C-hluta 33. greinar náttúrverndarlaga:

- 214. Löngufjörur, Borgarbyggð (áður Hraunhr.), Eyja- og Miklaholtshreppi (áður Eyjahr. og Miklaholtshr.), Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt strndlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörn sjálf auk

Laxárbakkaflóa og Glámsflóa. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

- 219. Ölkelda, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Ölkelda við samnefndan bæ í Staðarsveit. (2) Ósnortin, athyglisverð ölkelda.
- 220. Tjarnir við Hofgarða, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Hofgarðatjörn og tjörnin Kúka ásamt votlendi umhverfis þær. (2) Gróðurmiklar tjarnir og votlendi þar sem finnast sjaldgæfar plöntutegundir. Auðugt dýralíf.
- 221. Lysuhóll, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Laug og kalkútfellingar við bæinn Lysuhól, ásamt hallamýri ofan þeirra að brekkurótum. (2) Óvenjulegt gróðurfar, sjaldgæfar plöntur og sérstæð kalkútfelling við laugina.
- 222. Bjarnarfoss, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Foss suðaustur af Mælifelli, ásamt stuðlabergshömrum beggja vegna og gróskumiklum brekkum neðan þeirra. (2) Hár og tignarlegur foss sem blasir við frá Búðum. Tilkomumiklir hamrar og sérstæður gróður. NB: Hluti af svæðinu hefur verið friðlýst sem þjóðgarður, sjá augl. reglugerð nr. 568/2001.
- 223. Utanvert Snæfellsnes, Snæfellsbæ (áður Breiðuvíkurhr.), Snæfellsnessýslu. (1) Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Á sunnanverðu nesinu markast svæðið til austurs af Búðaósi, vegi nr. 54 frá Búðum upp á Fróðárheiði. Á norðanverðu nesinu markast svæðið til austurs af vegi yfir Fróðárheiði og austurbakka Bugsvatna. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsött útvistarsvæði.
- 224. Svöðufoss, Snæfellsbæ (áður Neshreppur utan Ennis), Snæfellsnessýslu. (1) Foss í Laxá á Breið (Hólmkelsá) suðaustur af Ingjaldshóli svo og umgjörð fossins. (2) Hár og vatnsmikill foss með stuðlabergshömrum beggja vegna.
- 225. Búlandshöfði, Snæfellsbæ (áður Ólafsvíkurbær), Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Setlög í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða. (2) Merk jarðlög með steingerðum skeljum.

Auk svæða á náttúruminjaskrá skal vernda bakkagróður í samræmi við 56. grein laga um náttúruvernd. Einnig skal vernda svæði sem getið er um í

61. grein í lögum um náttúruvernd, t.d. votlendi sem er 2 ha eða meira, stöðuvötn og tjarnir sem eru 1.000 m<sup>2</sup> eða meira og vistfræðilega mikilvæga birkiskóga. Einnig njóta eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem og fossar og umhverfi þeirra sérstakrar verndar. Forðast skal að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. laganna nema brýna nauðsyn beri til.

*Ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðum sem njóta verndar samkvæmt náttúruminjaskrá eða náttúruverndarlögum er skylt að leita framkvæmdaleyfis og/eða byggingarleyfis til bæjaryfirvalda og er þeim skylt að leita umsagnar eða leyfis Umhverfisstofnunar (og náttúruverndarnefndar) áður en leyfi er veitt.*

#### 4.2.3 Minjavernd (MV)

Úr skipulagsreglugerð: *Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarmínjar.*

Samkvæmt lögum um menningarmínjar nr. 80/2012 teljast til fornleifa "hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri." Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og nýtur hluti þeirra enn meiri verndunar með friðlysingu. Samkvæmt 29. gr. sömu laga eru öll hús og mannvirki á landinu sem eru hundrað ára eða eldri friðuð og er hluti þeirra fiðlýstur.

Á Snæfellsnesi hefur verið unnið að skráningu fornminja vegna vinnu við aðalskipulagið. Minjastofnun Íslands vinnur að skráningu á svæðum sem voru óskráð. Skráningu í dreifbýli hefur verið forgangsraðað með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda og álags. Vettvangsvinnu við mikilvægasta hluta skráningar var lokið haustið 2015 og er fram haldið snemma sumars 2016.

**Almenn stefna um minjavernd:** Lögð er áhersla á að unnið verði að aðalskráningu alls bæjarfélagsins á komandi árum.

Í Snæfellsbæ eru 6 friðlýst mannvirki:

- Amtmannshúsið (Stapahúsið), Arnarstapa, byggingarár: Á tímabilinu 1774–1787 á Arnarstapa.
- Búðakirkja, upphaflegt byggingarár: 1847–1850.
- Fiskbyrgi í Bæjarhrauni – Gufuskálum, byggingarár: 15. eða 16. öld.
- Ingjaldshólskirkja, byggingarár: 1905.
- Malarriksviti, byggingarár: 1946.
- Pakkhúsið í Ólafsvík, byggingarár: 1844.<sup>18</sup>

**Eftirtaldar kirkjur eru í Snæfellsbæ og er ástæða til að stuðla að verndun þeirra allra án tillits til aldurs, en þar eru ýmsar eldri og yngri menningarmínjar.**

Ólafsvíkurkirkja var vígð 19. nóvember 1967. Hún setur mikinn svip á umhverfi sitt og skal tryggja rými og ásýnd að henni. Hún er mikilvægt kennileiti í Ólafsvík, hönnuð af Hákon Hertevig og er gott dæmi um byggingarlist frá síðari hluta 20. aldar. Kirkjan er prýdd gluggum eftir Gerði Helgadóttur. Predikunarstóllinn er frá 1710 og er úr Fróðárkirkju. Lögð er áhersla á verndun Ólafsvíkurkirkju.

Ingjaldshóll er forn kirkjustaður og sóknarkirkju er fyrst getið þar árið 1317. Eldri kirkjur stóðu í kirkjugarðinum og þar var áður þriðja stærsta kirkja landsins. Núverandi kirkja sem var vígð í október 1903 er utan garðsins. Hún er talin vera elsta steinsteypta kirkja heims og er friðuð. Í kórnum eru tvö steind listaverk eftir Leif Breiðfjörð. *Mikilvægt er að halda kirkjunni vel við og að áfram verði hlúð að kirkjugarði og umhverfi hennar.*

Hellnakirkja var vígð 1945 og er bárjárnslædd timburkirkja. Hún stendur fallega á hæðardragi á Hellnum þar sem hún setur mikinn svip á staðinn. *Hellnakirkju ber að vernda og halda henni og umhverfi hennar vel við.*

Í Staðarsveit er kirkja og prestssetur að Staðastað. Kirkjustaður á Staðastað á sér langa sögu og er mikilvægt fyrir byggð á sunnaverðu nesinu að halda prestsetri þar. Núverandi kirkja er steinkirkja reist á

<sup>18</sup> Minjavörður Vesturlands.

árunum 1942-1945. Í henni eru listaverk eftir Tryggva Ólafsson og Leif Breiðfjörð. *Æskilegt er að halda kirkjunni vel við og vernda hana.*

Búðakirkja er friðlýst, en hún var endurreist fyrir tilstuðlan Steinunnar Sveinsdóttur árið 1848. Kirkjan var aftur endurreist í upprunalegri mynd og vígð árið 1987. Kirkjan er á friðlandi og hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. *Búðakirkja er friðlýst og er mikil augnayndi.*

Að Brimilsvöllum er kirkja sem var vígð árið 1923. Altaristaflan sem nú er í Brimilsvallakirkju er gerð af Guðmundi Einarssyni frá Miðdal. Hökkull kirkjunnar og dúkur framan á predikunarstóli er eftir Sigrúnu Jónsdóttur. *Æskilegt er að halda kirkjunni vel við og vernda hana.*

**Eftirtalin hús eru friðuð í samræmi við 3. gr. laga um menningarminjar 2012/80 þar sem þau eru 100 ára og eldri:**

- Skólabraut 10, einbýli, byggingarár: 1889.
- Grundarbraut 1, einbýli, byggingarár: 1892.
- Skólabraut 8, íbúð, byggingarár: 1900.
- Dýngjubúð 1, einbýli, byggingarár: 1905.
- Skólabraut 6, einbýli, byggingarár: 1905.
- Mýrarholt 2, kaffistofa, byggingarár: 1905.
- Borgarholt 2, íbúð, byggingarár: 1906.
- Ólafsbraut 64, íbúð, byggingarár: 1906.
- Hlíð, íbúð, byggingarár: 1908.
- Hraunás 18, íbúðarhús, byggingarár: 1913.
- Öndverðarnesviti, Öndverðarnesviti, byggingarár: 1914.
- Hellisbraut 9, íbúð, byggingarár: 1914.
- Keflavíkurgata 1, íbúð, byggingarár: 1914.
- Munaðarhóll 16, einbýli, byggingarár: 1914.
- Mýrarholt 7, íbúð, byggingarár: 1914.
- Keflavíkurgata 4, 2 íbúðir, byggingarár: 1915.
- Keflavíkurgata 23, einbýli, byggingarár: 1915.
- Hellisbraut 5, íbúð, byggingarár: 1916.
- Bárðarás 20, íbúð, byggingarár: 1917.

**Eftirtalin hús eru byggð 1925 og fyrr, en hafa ekki náð 100 ára aldri:**

- Hellisbraut 14, iðnaður, byggingarár: 1920.
- Hellisbraut 16, íbúð, byggingarár: 1920.

- Grundarbraut 18, íbúð, byggingarár: 1920.
- Ólafsbraut 58, íbúð, byggingarár: 1920.
- Hellisbraut 15, íbúð, byggingarár: 1921.
- Brimilsvallakirkja, kirkja, byggingarár: 1923.
- Kirkjutún 2, félagsheimili o. fl, byggingarár: 1924.
- Skálholt 5, íbúð, byggingarár: 1925.


*Eftirfarandi fornleifar í bæjarfélaginu hafa verið friðlýstar:*

1. **Arnarstapi.** Sölvahamars-rústir. Þinglýst 1929.
2. **Beruvík.** Leifar bæjar og túngirðingar Beruvíkur fornu. Þinglýst 1929.
3. **Hólar.** 1. Verbúdatóftir í Dritvík. 2. "Völundarhús" hjá Dritvík, á hraunhæðinni fyrir sunnan víkina. Þinglýst 1929.
4. **Laugabrekka.** 1. Rúst hins gamla bæjar og hinn gamli kirkjugarður. 2. Þinghústóft hjá Þinghamri. 3. Hreiðarsgerði. 4. Dysjaleifar tvær undir hraunbrún fyrir norðan hæðina, sem Laugabrekka stóð sunnanundir. 5. Dysjar Axlar-Bjarnar á hæðinni fyrir austan Laugabrekku. Þinglýst 1929.
5. **Malarrif.** Svalþúfu-rúst. Stendur hjá mýrarbletti á Þúfubjörgum. Þinglýst 1929.
6. **Saxahóll.** Leifar Saxahóls forna, bæjarins, peningshúsa og girðinga. Þinglýst 1929.
7. **Skjaldartröð.** Gvendarbrunnur við Hellnahraun hjá eyðibýlinu Lindabrekku. Þinglýst 1989.
8. **Öndverðarnes.** I) 1. Brunnur gamall, nefndur Fálki, norðvestur í túninu. 2. "Dómaragarður" svo nefndur, fyrir austan brunninn Fálka. Þinglýst 1929. II) Djúpur, hlaðinn brunnur, nefndur Fálki, í túninu í Öndverðarnesplássi. Þinglýst 1969.
9. **Öxl.** 1. Leifar "Ásmundar-haugs", fornt mannvirki undir Axlarhyrnu. 2. Rúst Axlar fornu. Þinglýst 1929.
10. **Gufuskálar.** I) 1. Gerðubergs-rústir, skamt suður frá bænum, á lágrí klettabrún. 2. Hákonar-hóll eða -haugur, þúfnabarð á lágrí klettabrún suður frá Gerðubergi. 3. Hraunskarðsrústir upp með Höskuldsá sunnanmegin. Þinglýst 1929. II) 1. Hin forna

- Gufuskálavör, verbúðaleifar og önnur forn mannvirki tilheyrandi verstöðinni. 2. Öll fiskbyrgin (fjöldi óviss) í Bæjarhrauni hjá Gufuskálum. Þinglýst 1969.
11. **Keflavík.** Keflavíkurvör, niður undan bænum Keflavík og austast í þorpinu á Hellissandi. Þinglýst 1969.
  12. **Skarð.** Gotastaða-rúst við Gotalæk inni á Búrfellsdal. Sbr. Árb. 1900: 17-18. Þinglýst 1929.
  13. **Sveinsstaðir.** Foss-rústir á eystri bakka Laxár (Hólmkelsár). Þinglýst 1929.

Mikilvægt er að sýna menningararfinn sem víðast í Snæfellsbæ. Gera þarf aðstæður þannig að almenningi sé beint á umferðarleiðir sem gera fólk kleift að skoða, lesa og njóta, án þess að skemma minjar. Nokkuð er um hús sem hafa byggingarlistrænt gildi án þess að þau séu friðuð. Þar má t.d. nefna virkjunarhús við Rjúkandavirkjun, Ólafsvíkurkirkju, Brimilsvallakirkju o.fl. Á Fornleifastofnun Íslands hefur verið unnið að aðalskráningu fornminja á eftirtöldum jörðum sumar 2015 og 2016:

Jarðanúmer	Nafn	Nafn-2		
SN-001	Ytri-Garður		SN-015	Árnes
SN-002	Ytrigarðakot	Garðakot	SN-016	Bolavellir
SN-003	Syðri-Garðar		SN-017	Traðir
SN-003b	Hofgarðar		SN-018	Traðarbúð
SN-004	Akur		SN-019	Hrossakot
SN-005	Garðabrekka		SN-040	Lýsudalur
SN-006	Háfi-Garður		SN-041	Lýsuhóll
SN-007	Kirkjuhóll		SN-042	Vatnsholt
SN-008	Lágabúð		SN-047	Kálfárvellir
SN-009	Ytri-Tunga		SN-048	Kálfárvallakot
SN-010	Lukka		SN-049	Skaflakot
SN-011	Syðri-Tunga		SN-051	Hraunhöfn
SN-012	Glaumbær		SN-052	Hraunhafnabakki Bakki
SN-013	Hóll (Neðri)		SN-053	Landakot
SN-014	Staðarstaður		SN-064	Bjarnarfoss
			SN-065	Bjarnarfosskot
			SN-074	Miðhús
			SN-076	Hraunlönd
			SN-160	Fróðá
			SN-161	Fróðárkot
			SN-167	Brimilsvellir
			SN-168	Lækjarbugur
			SN-169	Hólbbúð
			SN-170	Einarsbúð
			SN-171	Gata/Nýibær
			SN-172	Krókur
			SN-173	Dallur/Lækjarmót
			SN-174	Holt
			SN-175	Hjallabúð
			SN-176	Bakkabúð
			SN-177	Bakkabúð innri



Auk þessara jarða hafa minjar verið skráðar í þjóðgarði og á Arnarstapa og Hellnum. Skráning í þéttbýlisstöðum á norðanverðu nesinu er langt komin og í fáeinum tilvikum hafa minjar verið skráðar á litlum svæðum vegna fyrirhugaðra framkvæmda, **sjá skýringarkort**.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Á jörðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar skal ávallt hafa samband við Minjavörð Vesturlands og hann metur hvort gera þurfi deiliskráningu.


#### 4.2.4 Hverfisvernd (HV)

Úr skipulagsreglugerð: "Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum."

Hverfisverndarsvæði hafa verið skilgreind á Arnarstapa og Hellnum til að vernda náttúru og umhverfi utan friðlystra svæða. Þau eru Klifhraun, Hellnahraun, Nónmýri og strandlengjan utan friðlystrar strandlengju og að mörkum uppdráttar rammahluta aðalskipulags.

Hverfisvernd er skilgreind á sjó við Fúluvík, fram undan Kirkjuhóli og Ytri-Tungu í Staðarsveit til að vernda sellátur, en þangað er mikill ferðamannastraumur til að fylgjast með selum. Þar er bannað að leggja net eða raska með öðrum hætti við sellátur.

**Stefnumörkun í aðalskipulagi:** Á hverfisverndarsvæðum skal stuðla að verndun umhverfis. Engar framkvæmdir verði heimilaðar á hverfisverndarsvæðum nema gert verði deiliskipulag þar sem ýtarleg grein verði gerð fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið.



Ströndin milli Arnarstapa og Hellna

## 5 Lokaorð frá formanni aðalskipulagsnefndar

Vinna við aðalskipulag Snæfellsbæjar hefur tekið töluverðan tíma þar sem verkefnið er umfangsmikið og afar fjölbreytt og skipulagið nær bæði til þéttbýlis og dreifbýlis. Mikil vinna margra aðila liggur að baki aðalskipulaginu. Fyrir utan vinnu sérfræðinga og aðalskipulagsnefndar hafa að málum komið fjöldi bæjarbúa á undirbúnningstímanum með því að sækja m.a. kynningar- og vinnufundi þar sem þeir hafa komið með tillögur sínar og athugasemdir eða þeir hafa sent inn fyrirspurnir og ábendingar til aðalskipulagsnefndar. Ljóst er að nýtt aðalskipulag tekur tillit til margra þátta í einu samfélagi, sem er fjölbreytt á svo margan hátt. Breytingar sem hafa orðið á lögum og reglum og ekki síst viðhorfi til umhverfisins/samfélagsins móta þetta aðalskipulag. Aðalskipulagið er að mínu mati hófstemmt er varðar alla uppbyggingu innan bæjarfélagsins og reynt hefur verið að koma til móts við þær óskir sem komið hafa á hverjum tíma við vinnuna. Eins hefur verið reynt að sjá fram í tímann í þessari vinnu en eins og allir vita þá eru mjög örar breytingar í okkar samfélagi og erfitt að hugsa fyrir öllu hvað það varðar. Með nýju aðalskipulagi er verið að móta stefnu fyrir uppbyggingu samfélagsins og það hvernig við viljum sjá það þróast hjá okkur á næstu árum sem er afar mikilvægt.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim aðilum sem komið hafa að vinnunni fyrir frábæra vinnu og þá sérstaklega Hildigunni Haraldsdóttur arkitekt sem hefur haft umsjón með verkinu og borið þungan af því. Það er von míni að aðalskipulagið verði það leiðarljós sem stofnað er til næstu árin.

## 6 Aðalskipulagsgögn til staðfestingar

Greinargerð þessi með eftirfarandi umhverfisskýrslu

Dreifbýlisuppráttur af Snæfellsbæ 1:50.000

Þéttbýlisuppráttur af Ólafsvík 1:10.000

Þéttbýlisuppráttur af Hellissandi og Rifi 1:10.000

Rammahluti aðalskipulags af Arnarstapa og Hellnum 1:10.000

## 7 Fylgirit með aðalskipulagi

Fylgirit 1: Forathugun vatnsaflsvirkjunarkosta, EFLA

Fylgirit 2: Vindorka í Snæfellsbæ. Forathugun og stefnumótun í aðalskipulagi, EFLA

Fylgirit 3: Forathugun efnistökustaða: Forathugun á umhverfisáhrifum, aðalskipulagsnefnd og skipulagsráðgjafi

Fylgirit 4: Tvær skýrslur um skráningu minja, Fornleifastofnun Íslands

Fylgirit 5: Gróðurgreining, Náttúrufræðistofnun Íslands

Fylgirit 6: Vegakort.

## 8 Umhverfisskýrsla

### 8.1 Umhverfisskýrsla með aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031

Aðalskipulag Snæfellsbæjar tekur til landnotkunar alls lands í Snæfellsbæ. Lýsing vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar aðalskipulags Snæfellsbæjar og matslysing voru kynntar í janúar 2015, skömmu eftir að vinna við gerð aðalskipulags hófst. Í matslysingu var gerð grein fyrir hvernig var fyrirhugað að meta umhverfisáhrif vegna gerðar aðalskipulags. Í umhverfismati aðalskipulags Snæfellsbæjar voru borin saman umhverfisáhrif miðað við annars vegar að halda óbreyttri stefnu sem kemur fram í gildandi aðalskipulagi og hins vegar að fylgja þeirri stefnu sem er mótuð í tillögu að aðalskipulagi. Auk þess er metið umfang umhverfisáhrifa af framkvæmdum sem ekki var gerð grein fyrir í gildandi aðalskipulagi, t.d. áhrif orkumannvirkja.

Umhverfisskýrsla þessi er gerð í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem gilda um gerð aðalskipulags. Hún byggist á umhverfismati sem hefur verið framkvæmt jafnhliða vinnu við gerð aðalskipulagsins og hefur þróast og tekið breytingum fram undir lokavinnu við tillögu aðalskipulags.

### 8.2 Aðalskipulagsáætlun og tengsl við aðrar áætlanir

Tilgangur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með endurskoðun aðalskipulags er að móta raunhæft aðalskipulag, stuðla að sjálfbærri þróun og góðu samfélagi með sambættingu náttúru, efnahags og mannlífs. Leitast verður við að stýra landnotkun þannig að ekki verði gengið á landsins gæði.

Í aðalskipulaginu er greint frá tengslum við Landsskipulag og svæðisskipulag Snæfellsness. Skráð er stefna úr svæðisskipulaginu sem tengist viðkomandi landnotkunarflokk aðalskipulagsins í upphafi viðkomandi kafla.

Leiðarljós í aðalskipulaginu eru eftirtalin og eru í megin dráttum í tengslum við leiðarljós í svæðisskipulagi Snæfellsness:

- halda í gott samfélag og stuðla að fólksfjölgun á svæðinu svo unnt verði að halda uppi háu þjónustustigi
- stuðla að sjálfbærri uppbyggingu innan sveitarfélagsins, með áherslu á sambættingu náttúru, efnahags og mannlífs
- hvetja til áframhaldandi landbúnaðar, fiskveiða og verkunar
- mynda svigrúm fyrir vatnsafls- og vindorkuvirkjanir til að stuðla að sjálfbærri orkunotkun
- gefa svigrúm fyrir sjálfsprottna nýsköpun
- vernda umhverfi og auðlindir, þrátt fyrir aukinn ferðamannastraum um svæðið, m.a. með vöktun viðkvæmra svæða
- halda í hreinleikaímynd Snæfellsness
- stuðla að góðum samgöngum og fjarskiptum
- ýta undir bætta lýðheilsu m.a. með útvistarstígum og góðri aðstöðu til íþróttaiðkunar
- móta markvissa landnotkunarstefnu

Í aðalskipulagstillöggunni er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum sem gætu spilt hreinleikaímynd Snæfellsness. Lögð er áhersla á verndun stórbrotinna svæða sem eru friðlyst eða á náttúrumnjaskrá og svæða sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eða hafa mikil aðráttarafl.



KJ Tröðin

Aðalskipulag víkur frá svæðisskipulagi Snæfellsness að því leyti að ekki er gert rammaskipulag fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, heldur er farið fram á að gert verði deiliskipulag vegna framkvæmda í þjóðgarðinum.

## 8.3 Umhverfismat

Metin voru umhverfisáhrif vegna stefnumótunar í aðalskipulagstillöggunni.

**Mat byggðar.** Skipulagsráðgjafi mat umhverfisáhrif af þróun byggðar með aðalskipulagsnefndinni snemma á vinnslustigi aðalskipulagstillögu. Leitað var eftir óskum landeigenda og íbúa í dreifbýli og aftast í kafla um mat byggðar er matstafla vegna þróunar byggðar.

**Forathugun vatnsaflsvirkjanakosta.** Starfsmenn á EFLU Ásbjörn Egilsson og Árni Sveinn Sigurðsson gerðu forathugun af vatnsaflsvirkjanakostum, sjá **fylgirit 1**, sem leiddi til mats þeirra. Matið var unnið af aðalskipulagsnefnd og skipulagsráðgjafa og hafði í för með sér að fallið var frá fáeinum virkjanakostum og aðrir voru endurmetnir út frá minna umfangi virkjana. Bæjaryfirvöld leggja áherslu á að þroa sjálfbæra orkunotkun án þess að raska viðkvæmum svæðum.

**Mat vindmyllugarða.** Birta Kristín Helgadóttir hjá EFLU gerði forathugun á hugsanlegum vindmyllugörðum, út frá sýnileika, hljóðvist og skuggaflökti og m.v. tvær túrbínutegundir. Metnir voru þrír kostir á norðanverðu nesinu, einn á Gufuskálum, einn milli Gufuskála og Hellissands og einn milli Hellissands og Rifs. Einnig var metinn einn kostur á Elliða í Staðarsveit, en þar var miðað við mis margar myllur af lægri gerð. Bæjarstjórn ákvæð að falla frá hugmynd um vindmyllugarða milli Hellissands og Rifs og í landi Elliða. Í endanlegrí tillögu aðalskipulags eru því aðeins tveir vindmyllugarðar, annar á Gufuskálum og hinn milli Gufuskála og Hellissands. Gert er ráð fyrir að ef hugað verður að framkvæmdum fari fram ýtarlegar rannsókinr og umhverfisáhrif framkvæmdar verði metin. Sjá **fylgirit 2, Vindorka í Snæfellsbæ, forathugun og stefnumótun í aðalskipulagi**.

**Mat efnistökustaða** var unnið af aðalskipulagsnefnd og skipulagsráðgjafa, en það hafði í för með sér að lagt er til að loka tveimur efnistökustöðum í hrauni. Sjá **fylgirit 3 um mat efnistökustaða**.

**Mat skipulagstillögu.** Settur var fram listi yfir matssprungunar til að meta umhverfisáhrif heildarstefnu tillögunnar út frá viðmiðum sem byggðu á alþjóðlegum, evrópskum og innlendum áætlunum og samþykktum. Skipulagsráðgjafi og aðalskipulagsnefnd unnu sjálft matið. Gerð er grein fyrir því mati í lokagrein umhverfisskýrslu.

Lögð er áhersla á að aðalskipulagstillagan og framfylgd hennar valdi sem minnstum umhverfisáhrifum.

## 8.4 Mikilvægir umhverfispættir

Snæfellsbær liggur á vestanverðu Snæfellsnesi og er um 680 ferkilómetrar að stærð.<sup>19</sup> Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur mikið aðráttarafl og hefur ferðamönnum fjölgað mikið á síðustu árum. Nauðsynlegt er að bregðast við, til að komast hjá of miklum ágangi á viðkvæmum svæðum.

Verndun umhverfisgæða og mannlífs hefur verið meginmarkmið bæjaryfirvalda í skipulagsferlinu. Meginþættir í umhverfismati eru eins og áður getur mat á áhrifum vegna byggðar, vatnsaflsvirkjana, virkjunar vindorku og efnistöku, auk mats á áhrifum tillögunnar í heild.

Samhliða skipulagsferlinu var leitað leiða til að verja eftirsóknarverða staði um allt bæjarfélagið með því að skilgreina helstu ferðamannastaði og flokka hver vakti þá.

Gildandi aðalskipulag var gert skömmu eftir sameiningu sveitarfélaga. Þá var mótuð nokkuð skýr stefna varðandi þéttbýlisstaðina, en stefnumótun í dreifbýli var veik. Í nýrri tillögu að aðalskipulagi er lögð áhersla á að móta skýra verndarstefnu í dreifbýli, en stuðla jafnhliða að hagseld.

Í Snæfellsbæ stafar umhvefi helst ógn af ört vaxandi ferðamannastraumi. Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar kappkosta að byggja upp innviði og móta stefnu til að stýra umferð ferðamanna til að draga úr slysahættu og forða umhverfi frá skaða. Einnig er gert ráð fyrir að vinna að stýringu bílaumferðar og bílastæðanotkun. Ef ágangur verður of mikill verður metið hvort rútuumferð verður dregin saman með stærðar- og/eða tímatakmörkunum, svo komist verði hjá of miklum fjölda á svæðinu í einu.

Matstöflur og önnur gögn sem voru notuð við mat á umhverfisáhrifum ýmissa þátta aðalskipulagstillögunnar eru að mestu leyti í fylgiritum sem vitnað er til og í vinnuskjölum, en mat á byggð og útdráttur úr fylgiritum um vatnsafl, vindmyllugarða og efnistöku er fléttatinn inn í umhverfisskýrslu þessa.

<sup>19</sup> Landmælingar Íslands.

## 8.5 Umhverfismat byggðarþróunar

Vegna þróunar byggðar var í upphafi vinnu við endurskoðun aðalskipulags Snæfellsbæjar metin þörf fyrir lóðir í þéttbýli út frá þróun fólksfjölda og spá Hagstofu Íslands. Skráðar voru lausar lóðir í þegar byggðum hverfum. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir verulegri þenslu byggðar. Í þéttbýlisstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi og á Arnarstapa verður uppbygging fyrst og fremst á þegar byggðum eða röskuðum svæðum og á svæðum sem þegar hafa verðið deiliskipulögð.

Í fyrirliggjandi tillögu er valið að draga mikið úr þenslu í Ólafsvík, Rifi og á Hellissandi, því gert er ráð fyrir að lausar lóðir anni eftirspurn eftir lóðum á skipulagstímabilinu. Dregið er úr þenslu í rammahluta aðalskipulags á Arnarstapa.

**Eftirfylgni:** Bæjaryfirvöld munu sjá til þess að deiliskipulag í Rifi og á Arnarstapa, sem eru á viðkvæmum svæðum og ekki eru talin nauðsynleg, verði feld úr gildi.

Á Hellnum er land í einkaeign og þar er ekki fallið frá þensluhugmyndum. Þar má búast við miklum og ófyrirséðum umhverfisáhrifum af þenslu byggðar ef ekki verður haldið vel utan um uppbyggingaráform.

**Eftirfylgni:** Á Hellnum verði gerð þarfagreining áður en ósnortnu landi verði raskað. Taka skal fyrir litla áfanga í senn, sem næst númerandi byggð.

Í dreifbýli hefur afkoma breyst mikið og flestir hafa tekjur af fleiru en landbúnaði. Gert er ráð fyrir að á sumum jörðum verði byggt á nýjum svæðum fjarri númerandi húsakosti. Dæmi eru um að landeigendur óska eftir að geta reist sér íbúðarhús fjarri númerandi byggð til að hvílast fjarri ferðaþjónustu eða til að reisa hús fyrir nýjar kynslóðir.

Landnotkun í dreifbýli var metin út frá gróðurgreiningu frá gróðurkortadeild Náttúrufræðistofnunar Íslands og samráð var haft við starfsmenn gróðurkortadeilda. Afmörkun svæða sem landeigendur óskuðu eftir var metin og fyrirhuguð framkvæmdasvæði voru aðlöguð að mikilvægu votlendi og hraunum. Bæjaryfirvöld vilja stuðla að áframhaldandi búsetu í dreifbýli og taka því jákvætt í vissa dreifingu byggðar, þó hún breyti byggðarmynstri.

**Eftirfylgni:** Lögð er áhersla á að ný hús taki mið af byggingarfinum hvað varðar stærðir og form. Hús verði ávallt feld vel að landi og umhvefi.



KJ Gataklettur

Umhverfismatið hefur stuðlað að því að sett eru mismunandi skilyrði og reglur, sem beint er til deiliskipulagsgerðar á mismunandi svæðum. Þetta á t.d. við um viðkvæma en eftirsóknarverða ferðamannastaði, þar sem brýnt er að tryggja verndun.

**Eftirfylgni:** Lögð verði áhersla á að í deiliskipulagi á viðkvæmum svæðum verði ákvæði um að allar framkvæmdir falli vel að umhverfi og stuðlað verði að verndun umhverfis og tryggt að mannvirkir truflí ekki ásýnd svæða um of. Vaktaðir ferðamannastaðir eru skilgreindir á skyringakorti og skilgreint hvort UST, Snæfellsbær eða landeigandi annast framkvæmdir og vöktun.

**Almenn eftirfylgni:** Mikilvægt er að umhverfismat nýtist til að leita jafnvægis, þannig að dregið verði úr þenslu, en á sama tíma verði tryggt að ávallt séu til byggingarhæfar lóðir bæði fyrir íbúðarbyggð og atvinnuuppbryggingu.

Sjá eftifarandi matstöflu vegna umhverfismats byggðar þar sem metið er hvort áhrif eru jákvæð, neikvæð eða blanda af jákvæðum og neikvæðum áhrifum.

Til þess að meta áhrif byggðar er unnið út frá matssprungum sem athuga hvort stefnan er í samræmi við markmið bæjaryfirvalda um sjálfbærni og umhverfisviðmið sem byggja á stefnu stjórnvalda og alþjóðlegum samningum. Svar getur verið jákvætt, neikvætt eða blandað, en þegar svar er blandað eru áhrif bæði neikvæð og jákvæð og er útskýrt í texta hvað veldur mati. Svarað er fyrir hvern þéttbýlisstað, Ólafsvík, Hellissand og Rif, rammahluta fyrir Arnarstapa og Hellna og fyrir dreifbýlið.

Í **Ólafsvík** er dregið verulega úr þenslu byggðar og hefur breytingin því jákvæð áhrif. Spornað er gegn því að ósnortnu landi verði raskað að óþörfu.

Eitt svar er blandað, því byggð er almennt feld vel að landi, en austast í bænum er eitt dæmi um fjölbýlishús á Brekkunni sem raskar landi. Nánast allt byggingarland er bratt og því mikilvægt að fella byggð vel að landi.

Á **Hellissandi** eru öll svör jákvæði, enda er engum nýjum svæðum raskað, aðeins hugað að uppbyggingu á þegar skipulögðum svæðum. Þar er haldið í lága og skjólmyndandi byggð sem verði feld vel að núverandi byggingum.

Í **Rifi** er gert ráð fyrir að fella eitt deiliskipulag úr gildi, til að forðast rask ósnortinna svæða að óþörfu. Hús verði lágreist og skjólmyndandi og fella skal byggð vel að landi. Eftir að byggt verður á öllum óbyggðum lóðum við Háarif verði hugað að litlu svæði vestan Háarifs, en þar er gert ráð fyrir um 2 ha svæði. Þar verði gert deiliskipulag í litlum áföngum í takt við þörf fyrir lóðir á hverjum tíma. Byggð á og næri hafnarsvæði er stórgerðari.

Á **Arnarstapa** eru öll svör jákvæð og verður eitt deiliskipulag fellt úr gildi til að halda opnu svæði við sjóinn neðan Múslaslöðar. Auk þess verður lóðum við Gilbakka fækkað. Með því er dregið úr þenslu byggðar og nýrri byggð beint að núverandi byggð og á þegar skipulögð svæði. Nýbyggingar verði lágreistar og skjólmyndandi og leitast við að verja fólk fyrir norðanvindi. Öll byggð verði feld vel að landi, en byggingarsvæði eru lítt hallandi.

Á **Hellnum** er allt land í einkaeign. Þar er gert ráð fyrir umfangsmiklum uppbyggingarsvæðum og vinnur það gegn sjálfbærri þróun. Varla er gert ráð fyrir að uppbygging verði mikil umfram þegar deiliskipulögð svæði, nema ferðapjónusta aukist verulega. Því setja bæjaryfirvöld skýr ákvæði um að fara skuli fram þarfagreining þegar fyrirhugað er að deiliskipuleggja ný svæði. Taka skal fyrir lítil svæði í hverjum áfanga og byggja þau upp frá núverandi kjarna, svo ósnortnu landi verði ekki fórnað að óþörfu.

Nauðsynlegt er að bæjaryfirvöld vakti þróun byggðar á Hellnum og komi í veg fyrir að ósnortnu landi verði raskað að óþörfu.

Í **dreifbýlinu** koma víða fram óskir um vaxandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, aðallega til að tryggja afkomendum jarðanna húsnæði í heimahaga og vegna starfsmannaibúða þeirra sem sinna ferðapjónustu. Nokkur tilvik eru um að bændur óska eftir uppbyggingarsvæðum fyrir ábúendur fjarri bæjarhlaðinu, til að forða sér frá ágangi ferðamanna. Á sumum jörðum er því gert ráð fyrir að dreifa byggð, þannig að ný hús verði ekki í tengslum við núverandi bæjarhlað. Það hefur í för með sér aukna þjónustu, t.d. vegna skólaaksturs og stuðlar ekki að sjálfbærni, en eykur líkur á að jarðir haldist í ábúð.

Það er hvorki í samræmi við stefnu í landsskipulagi né svæðisskipulag Snæfellsness að gera ráð fyrir verulegi aukningu í uppbyggingu í dreifbýli á meðan dregið er úr uppbyggingaráformun í þéttbýli á norðanverðu nesinu og í rammahluta skipulags fyrir Arnarstapa.

Gert er ráð fyrir að byggð verði lág og skjólmyndandi og fella skal nýbyggingar að byggingararfínum.

Í dreifbýli er nauðsynlegt að bæjaryfirvöld vakti að framkvæmdir verði ekki á votlendum svæðum, hraunum og öðrum verndarsvæðum.

**Niðurstaða:** Byggðarþróun í þéttbýli og á Arnarstapa stefnir í sjálfbærari átt en í gildandi aðalskipulagi. Á Hellnum er tilhneiting til að halda í þensluhugmyndir í samræmi við gildandi aðalskipulag og í dreifbýlinu er stefnan sett á mun meiri uppbyggingu en áður var. **Bæjaryfirvöld þurfa að vakta þessi svæði sérstaklega og gæta þess að stórbrotinni náttúru og umhverfisgæðum verði ekki fórnað að óþörfu.**

#### Tafla 4. Matssurningar vegna byggðar

##### Ólafsvík

Matssurningar Ólafsvík	fyrir	Stuðlar stefna að aukinni sjálfbærni byggðarmynsturs? Dregið er stórlega úr þenslu byggðar. Aðeins er gert ráð fyrir uppbyggingu á lóðum í þegar byggðum hverfum og í þegar deiliskipulögðu hverfi á brekkunni.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland
		Er byggð lág og skjólmyndandi? Byggð verður almennt ein til tvær hæðir og fáein fjölbýlishús allt að 3 hæðir. Heimilt er að gera ráð fyrir þétri byggð allt að þriggja hæða á miðsvæði við Ólafsbraut.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland
		Tekur byggð tillit til umhverfisþáttu? Leitast er við að fella byggð vel að landi og aðlægri byggð. Austast í bænum er þó dæmi um lóð fyrir fjölbýlishús sem raskar landi óbarflega mikið.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland

##### Hellissandur

Matssurningar Hellissand	fyrir	Stuðlar stefna að aukinni sjálfbærni byggðarmynsturs? Dregið er verulega úr þenslu byggðar. Gert er ráð fyrir að nánast öll uppbygging verði á lóðum í þegar byggðum hverfum og á þegar deiliskipulögðu svæði innan bæjarmarka.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland
		Er byggð lág og skjólmyndandi? Byggð verður almennt ein til tvær hæðir og lögð áhersla á skjól. Haldið verði í fíngert yfirbragð byggðar.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland
		Tekur byggð tillit til umhverfisþáttu? Leitast er við að fella byggð vel að landi og nálægri byggð.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland

##### Rif

Matssurningar fyrir Rif	Stuðlar stefna að aukinni sjálfbærni byggðarmynsturs? Dregið er úr þenslu byggðar. Aðeins er gert ráð fyrir uppbyggingu á lóðum í þegar byggðum hverfum og á litlu svæði vestan Háarifs þegar aðrar lóðir verða fullbyggðar. Deiliskipulag vestast í Rifi verði fellt úr gildi og þar verði óbyggt svæði.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland
	Er byggð lág og skjólmyndandi? Byggð verður almennt ein til tvær hæðir og íbúðarbyggð verði fingerð. Haldið verði í fjölbreytilegt yfirbragð byggðar. Á hafnarsvæði og athafnasmvæði er heimilt að byggja í takt við stærðir húsa á svæðinu, en þar er byggð stórgerðari en annars staðar.	<input type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland
	Tekur byggð tillit til umhverfisþáttu? Leitast er við að fella byggð vel að landi og laga hana að núverandi byggð.	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland

## Arnarstapi

Matssurningar Arnarstapa	fyrir	<p>Stuðlar stefna að aukinni sjálfbærni byggðarmynsturs? Dregið er úr þenslu byggðar. Gert er ráð fyrir að fyrst verði byggt á lóðum í tengslum við númerandi byggð og síðan á þegar deiliskipulögðu svæði.</p> <p>Er byggð lág og skjólmyndandi? Byggð verður aðeins ein til tvær hæðir. Haldið verði í lágreist og fingert yfirbragð byggðarinnar. Leitast verði við að mynda skjól fyrir norðan vindum við allar íbúðir. Deiliskipulag fyrir 3 hús neðan Músalóðar verði fellt úr gildi og þar verði óbyggt svæði.</p> <p>Tekur byggð tillit til umhverfisþáttu? Leitast er við að fella byggð vel að landi og byggð á svæðinu. Í deiliskipulagi verði skilmálar sem komi í veg fyrir plöntun framandi gróðurtegunda á svæðinu.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland

## Hellnar

Matssurningar Hellna	fyrir	<p>Stuðlar stefna að aukinni sjálfbærni byggðarmynsturs? Í tillögu aðalskipulags er gert ráð fyrir umfangsmíklum svæðum fyrir íbúðarbyggð og frístundabyggð og stuðlar tillagan því ekki að sjálfbæru byggðarmynstri á Hellnum. Óróskuðum svæðum verði ekki raskað nema gerð hafi verið þarfagreining. Tekin verði fyrir lítil svæði í einu, svo komist verði hjá að raska ósnortnu landi umfram þarfir á hverjum tíma. Mikilvægt er að bæjaryfirvöld vakti þróun byggðar á Hellnum.</p> <p>Er byggð lág og skjólmyndandi? Byggð verður ein til tvær hæðir. Haldið verði í lágreist og fingert yfirbragð byggðarinnar. Leitast verði við að mynda skjól fyrir norðan vindum við allar íbúðir.</p> <p>Tekur byggð tillit til umhverfisþáttu? Leitast er við að fella byggð vel að landi og númerandi byggð. Í deiliskipulagi verði skilmálar sem komi í veg fyrir plöntun framandi gróðurtegunda á svæðinu. Pensla byggðar er þvert á verndun umhverfisþáttu.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input checked="" type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland

## Dreifbýli

Matssurningar dreyfbýli	fyrir	<p>Stuðlar stefna að aukinni sjálfbærni byggðarmynsturs? Á fáeinum jörðum hafa komið fram óskir um ný framkvæmdasvæði fjarri númerandi húsakosti, m.a. vegna ágangs ferðamanna. Lögð verði áhersla á vandaða móton umhverfis og mannvirkja sem falli vel að byggingarárfsi svæðisins og viðkvæmri náttúru.</p> <p>Er byggð lág og skjólmyndandi? Byggð verði lágreist og í takt við númerandi byggð hvað varðar stærð og hlutföll.</p> <p>Tekur byggð tillit til umhverfisþáttu? Leitast er við að fella byggð vel að landi, byggð og umhverfi. Þess verði gætt að unnt sé að móta sér lóðir fyrir auka íbúðarhús á jörðum, án þess að ný byggð hindri þróun landbúnaðar á viðkomandi jörð.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> já	<input type="checkbox"/> nei	<input type="checkbox"/> bland

## 8.6 Umhverfismat vegna vatnsafsvirkjana

Á verkfræðistofnum EFLU var unnið að forathugun vatnsafsvirkjunarkosta sem óskað var eftir af landeigendum, sjá **fylgirit nr. 2.**

Samkvæmt aðalskipulagi er heimilt að reisa örvirkjun á landbúnaðarsvæðum, þ.e. vatnsorkuver með allt að 200 kW uppsett rafafli. Slíkar virkjanir kalla ekki á breytingu aðalskipulags, ef um lítt sýnilega framkvæmd er að ræða sem hefur lítil umhverfisáhrif, nema virkjun sé á viðkvæmu svæði eða verndarsvæði. Örvirkjanirnar sem hafa verið metnar í forathugun og staðist ofannefnd skilyrði eru sýndar á dreibýlisupprætti til upplýsinga. **Örvirkjanir eru tilkynningarskyldar til bæjaryfirvalda og ávallt háðar umsögn Umhverfisstofnunar ef þær eru á svæði sem er á náttúrminjaskrá og háðar leyfi UST ef þær eru á friðlýstu svæði.**

Skipulagsrágjafi dró vatnsafsvirkjanakosti sem óskað hafði verið eftir og getið var um í forathugun EFLU saman í matstöflu. Unnið var með aðalskipulagsnefnd að mati á því hvaða virkjanir yrðu felldar út vegna umhverfisáhrifa og hvort farið yrði fram á umhverfismat án tillits til stærðar.

Í töflu 5 er aðeins fjallað um virkjanir sem sýndar eru í aðalskipulagi og eru yfir 200 kW og virkjun í Bláfeldará sem gæti orðið samtals yfir 200 kW ef samlegðaráhrif þriggja kosta eru metin. Við matið voru áhrif metin út frá forathugun EFLU miðað við eftirtalda þætti:

- Framkvæmd og stærð virkjunar
- Sjónræn áhrif, breytt ásýnd og sýnileiki mannvirkja
- Rask umhverfis, m.a. gróðurs, vegna framkvæmdar
- Áhrif á fossa
- Samfélagsleg áhrif
- Heildarmat og kröfur

**Niðurstaða mats:** Ákveðið var að falla frá fáeinum virkjanakostum í aðalskipulagstillöggunni, þar sem þeir þóttu valda of miklu umhverfisáhrifum. Þetta á t.d. við um virkjanir þar sem metið var inntak ofan fallegra fossa eða þar sem framkvæmdir vegna sínu hefðu valdið miklu og sýnilegu jarðvegsraski.

Vegna nokkurra virkjana sem eru sýndar á aðalskipulagsupprætti, er gerð krafa um að umhverfisáhrif verði metin ef hugað verður að umfangsmikill

framkvæmd. Í sumum tilvikum er bent á að hægt sé að gera minni virkjun með inntaki neðan fossa, sem verður þá viðast örirkjun, sem ekki kallar á umhverfismat.

Fáeinir virkjanir voru því endurmetnar miðað við minna umfang og minna afl virkjana.

Dæmi eru um virkjanir sem eru sýndar án þess að setja strangari skilyrði af hálfu bæjaryfirvalda en getið er um í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Mikilvægt er að ávallt sé tekið mið að því að halda það miklu vatnsmagni í fossum að þeir haldi gildi sínu. Ef það er ekki unnt verði inntak neðan fossa.

Í útdrætti úr mati vatnsafsvirkjana á næstu síðu er leitast við að sýna helstu matsþætti vegna aðalskipulagsskyldra virkjana, 200 kW eða stærri.

- Í Stóru-Furu í Furudal aðeins fallist á virkjun neðan við foss og er þá um lítt sýnilega framkvæmd að ræða þar sem pípuleið er þægileg. Gert er ráð fyrir að hún verði lítt sýnileg að framkvæmdatíma loknum.
- Í Barnalæk er ekki fallist á virkjun með inntaki ofan við efsta foss. Krafa er um að metin verði umhverfisáhrif ef hugað verður að virkjun neðan við efsta foss. Virkjun neðan fossa yrði örirkjun og hefði lítil áhrif í för með sér.
- Virkjun í Lýsu er dæmi um frekar stóra virkjun, sem hefði óveruleg áhrif því Lýsa er vart sjáanleg í Lýsuskarði. Pípuleið er erfið og þarf að gera kröfu um vandaðan frágang og að síða verði felld vel að landslagi. Stöðvarhús verði fellt vel að landi og meta þarf hugsanleg áhrif virkjunar á fiskgengd. Ef hugað verður að göngum frá Lýsuskarði til Grundarfjarðar er virkjun víkjandi.
- Virkjun í Bláfeldará gæti verið þrípætt. Virkjun miðkvíslar hefur mest áhrif, en virkjun austur og vestur kvísla hefur óveruleg áhrif. Mælt er með að virkja aðeins austur og/eða vesturkvíslar.
- Í Kálfá er út frá frummati mælt með að ekki verði virkjað í austurkvísl, því virkjun í vesturkvísl hefur stærra vatnasvið og er minna sýnileg og hefur minni áhrif á fossa. Svæðið er viðkvæmt, en örirkjun neðan fossa hefur nánast engin áhrif.

**Tafla 5: Forathugun vatnsafsvirkjana unnin á EFLU. Samatekt í töflu unnin á HUSK.**

	Framkvæmd	Sjónræn áhrif	Rask umhverfis	Áhrif á fossa	Samfélagsleg áhrif	Heildarmat og kröfur
Efla gerð forathugun virkjana.						
I-3-Ól Ólafsvík	Hækka lón um 1 m til að tryggja öryggi virkjunar.	Bratt er að lóni, svo sjónræn áhrif eru hverfandi.	Bratt er að lóni, ógróð svæði. Hækku stíflu afturkræf framkvæmd. Nánast engin áhrif.	Engin.	Aukið öryggi á afhendingu rafmagns.	Pegar samþykkt framkvæmd
I-2 Stóra-Fura í Furudal	Ekki var fallist að að virkja ofan við foss. Meira vatnsvið neðan við foss, stærð allt að 220 kW.	Överuleg sjónræn áhrif af virkjun neðan við foss, en stöðvarhús sést frá þjóðvegi.	Þægileg pipuleið, pipa niðurgrafin um mel og gróði land, sýnileg frá vegi. Vanda skal frágang svo hún verði litt sýnileg.	Foss áberandi frá þjóðvegi. Inntak neðan við foss hefur engin áhrif á foss, en rennsli til flúða minnkar.	Aukið öryggi á afhendingu rafmagns.	Tilkynningaskyld framkvæmd. Frágangur verði vandaður.
I-3 Barnalækur í Laxárdal	Ekki fallist að að virkja ofan við efsta foss. Virkjun neðan hans, en ofan annarra fossa 340 kW. Virkjun neðan fossa 110 kW.	Veruleg sjónræn áhrif vegna virkjunar ofan fossa, m.a. vegna lagningar vegar að inntaki. Virkjun neðan fossa hefur lítl sjónræn áhrif.	Rask vegna pipulagnar sjáanlegt frá þjóðvegi. Stöðvarhús litt áberandi. Leggja þyrfti litt sýnilegan veg að stöðvarhúsi, en vegur vegna pipulagnar ylli tilsværðu raski.	Tveir stærri fossar eru ofarlega í Barnalæk og fjöldi minni fossa neðar. Fossar neðan virkjunar hyrfu þegar virkjáð er meira rennsli en rennsli árinnar. Minni virkjun neðan fossa raskar aðeins neðri flúðum.	Aukið öryggi á afhendingu rafmagns.	Krafa um mat á umhverfisáhrifum ef fyrirhugað verður að virkja neðan við efsta fossinn. Minni virkjunararkosturinn er tilkynningaskyldur til Snæfellsbæjar.
I-4 Lýsa í Lýsudal	Með stækkun Lýsuvatns sem miðlunarlöns færíð land undir vatn. Virkjun 700 kW, en væri víkjandi ef hugað verður að gögnum yfir í Grundarfjörð.	Lýsa er varla sjáanleg í Lýsuskarði, lítl áhrif á ásýnd gils. Lón og inntaksmannvirki yrðu ekki sjáanleg frá þjóðvegi.	Pipuleið erfið um skriðu og klappir. Rask vegna lagningar neðsta hluta pipu yrði líklega sýnilegt eftir framkvæmdatíma. Stöðvarhúsið sýnilegt frá Lýsuhóli, fella það vel að umhverfi. Leggja þyrfti veg að stöðvarhúsi.	Vart sýnileg áhrif.	Aukið öryggi á afhendingu rafmagns. Virkjun gæti dregið úr flóðahættu í Lýsu.	Virkjun er tilkynningarskyld. Meta þarf áhrif á fiskengend. Virkjun háð niðurstöðu um göng til Grundarfjarðar. Fella skal stöðvarhús vel að umhverfi.
I-5 Bláfeldará í Bláfeldarskarði	Virkjun austurkvíslar úr Veðurárdal 190 kW, miðkvíslar í Bláfeldarskarði 100 kW og vesturkvíslar þokudal 110 kW. Þó þær séu allar undir 200 kW skal meta samlegðaráhrif ef fleiri en ein þeirra verða virkjaðar.	Pipuleið úr Bláfeldarskarði sýnileg. Stöðvarhús sýnilegt frá þjóðvegi en lítl áberandi.	Pipuleið virkjunar í Bláfeldarskarði er erfið og sýnileg frá þjóðvegi. Lítill en fallegur foss myndi hverfa. Inntak ekki sýnilegt frá þjóðvegi. Virkjun úr þokudal neðan hjalla veldur lítl raski. Kvísl úr Veðurárdal ekki sýnileg frá þjóðvegi.	Lítill foss sem er sjáanlegur frá þjóðvegi myndi hverfa ef miðkvíslin væri virkjuð.	Aukið öryggi á afhendingu rafmagns.	Krafa um mat á viðlegðaráhrifum ef hugað verður að virkjun tveggja eða þriggja kostar. Mælt er með að virkja aðeins í austur og/eða vestur kvíslum, en ekki í miðkvísl, Bláfeldarskarði, því hún veldur mestu raski og er mest sýnileg.
I-6 Kálfá í Kálfárgljúfri	Tvær ár sameinast í Kálfá ofan við Kálfárvelli. Ekki er fallist að að virkja báðar kvíslir. Vesturkvísl hentar betur og hefur stærra vatnsvið, virkjun hennar 390 kW. Hluti vesturkvíslar með hærri fallhæð 420 kW. Örvirkjun ofan við neðsta foss yrði 70 kW.	Pipuleið erfið og sýnileg, rask sýnilegt eftir framkvæmdatíma. Sjónræn áhrif vegna virkjunar mikil, bæði vegna pipu og vegslóða.	Talsvert rask gæti orðið við lagningu pipu sem yrði sjáanlegt að framkvæmdatíma loknum. Byggja þyrfti upp vegslóða sem kallar á miklar skeringar. Svæði við inntak og hugsanlegt miðlunarlon er lítl gróði.	Nokkrir fossar eru í hvorri á og eru vel sjáanlegir frá þjóðvegi eins og sést á mynd 8. Þeir hverfa að mestu leyti ef árnar verða virkjaðar. Örvirkjun ofan við neðsta foss yrði litt sýnileg og raskar aðeins litlum fossi neðst í farvegi.	Aukið öryggi á afhendingu rafmagns.	Ekki er samþykkt að virkja báðar árnar. Ef hugað verður að virkjun vestari kvíslar þarf að meta rennsli í fossum og áhrif á ásýnd þeirra sérstaklega. Krafa er um vandaðan frágang á pipu og að hún verði feld að landslagi. Örvirkjun ofan við neðsta foss.

Vatnsafsvirkjanir yfir 200 kW sem samþykktar eru í aðalskipulagi eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar

Heildarmat nánast engin áhrif

Heildarmat óveruleg áhrif

Heildarmat þó nokkur áhrif

## 8.7 Mat vegna vindmyllugarða

Á verkfræðistofunni EFLU var gerð forathugun vegna hugsanlegra vindmyllugarða, út frá vindafari, sjónrænum áhrifum (truflandi ásýnd), hljóðvist, skuggaflökti, samfélagslegum áhrifum og áhrifum á náttúrufar og fuglalíf. Alls voru athuguð fjögur svæði, þrjú á norðanverðu Snæfellsnesi og eitt í Staðarsveit.

Að norðanverðu var metið svæði þar sem mastur við Gufuskála er nú, annað milli Gufuskála og Hellissands og þriðja svæðið milli Hellissands og Rifs. Eitt þeirra er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og annað nærri þjóðgarðsmörkum. Pau eru bæði mjög sýnileg í þjóðgarði. Þriðja svæðið er milli þéttbýlisstaðanna Hellissands og Rifs og er minna sýnilegt frá þjóðgarði vegna fjarlægðar og legu neðan við ása sem draga úr ásýndaráhrifum. Áhrif voru metin með aðalskipulagsnefnd og drög greinargerðar um vindorku ollu því að afmörkun svæða var breytt á vinnslutímanum.

Á svæðunum þremur á norðanverðu nesinu er annars vegar miðað við 55 m háar vindmyllur og hins vegar 74 m háar. Könnun EFLU leiddi eftirfarandi í ljós um svæðin þrijú:

- Öll svæðin eru í umhverfi sem er talið henta vel hvað vindafar varðar.
- Öll svæðin hafa veruleg sjónræn áhrif í þéttbýli á Hellissandi og í Rifi og tvö þau veststu hafa veruleg sjónræn áhrif í þjóðgarði.
- Hljóðvist er í öllum tilvikum undir viðmiðunarmörkum.
- Skuggaflökt nær ekki til þéttbýlis vegna tveggja vestari kostanna, en austasta svæðið nær til fáeinna húsa ef notaðar eru 74 m háar vindmyllur.
- Virkjun vindorku gæti stuðlað að auknu öryggi raforku, en það skiptir miklu máli á köldu svæði þar sem rafmagnstruflanir eru tíðar.
- Á öllum svæðum er nauðsynlegt að fylgjast með flugleiðum fugla og varpsvæðum kríu í nágrenni við austasta svæðið. Þar er einnig votlent á hluta svæðisins og skal hlífa votlendi.

Undir lok vinnslutíma aðalskipulagsins var bætt við mati vegna vindmyllugarðs á Elliða í Staðarsveit. Einig var óskað eftir vindmyllugarði

að Gaul í Staðarsveit, en ekki var fallist á hann vegna nálægðar við náttúruverndarsvæði og útvistarleið meðfram sjó. Forathugun var því ekki gerð fyrir Gaul. Eftirfarndi á við um forathugun á landi Elliða, en þar var miðað við 5 eða 13 vindmyllur 55 m að hæð:

- Talin er hætta á fallvindum frá fjöllum. Því verði eingöngu notaðar frekar lágar myllur.
- Svæðið hefur veruleg sjónræn áhrif frá þjóðvegi og frá nálægum landbúnaðarjörðum. Windmyllur yrðu sýnilegar frá all stóru svæði í Staðarsveit og einnig austan Snæfellsbæjar.
- Hljóðvist er undir viðmiðunarmörkum.
- Skuggaflökt er ekki talið hafa teljandi áhrif á jörðum í ábúð.
- Virkjun vindorku gæti stuðlað að auknu öryggi raforku, en þar eru rafmagnstruflanir tíðar.
- Á svæðinu er nauðsynlegt að fylgjast með flugleiðum og varpsvæðum fugla.
- Hlífa skyldi votlendi, staðsetja myllur á þurrlendum svæðum. Meta áhrif á votlendi og varpsvæði votlendisfugla.

**Niðurstaða mats:** Bæjarstjórn ákvað að sýna hvorki vindmyllugarð milli Hellissands og Rifs né á landi Elliða í aðalskipulagstillögu m.a. vegna nálægðar við byggð á Hellissandi og Rifi og hættu á fallvindum á landi Elliða. Því eru aðeins sýndir tveir kostir, einn á Gufuskálum og annar milli Gufuskála og Hellissands í loka tillögu aðalskipulags.

Ef hugað verður að framkvæmdum vindmyllugarðs, skal meta umhverfisáhrif, því gert er ráð fyrir að ef reistar verði vindmyllur, hafi þær veruleg áhrif á umhverfi sitt. Mæla þarf vind í mismunandi hæð, meta áhrif af sýnileika, hljóðvist, skuggaflökti, samfélagslegum þáttum og áhrif á fuglalíf. Auk þess skal greina og meta arðsemi og aðra þætti sem talið verður að þurfi að meta. **Bæjaryfirvöld gera skýrar kröfur um að eingöngu komi til greina að nota nýjar og hljóðlátar vindmyllur.** Ekki verði notaðar aflagðar eldri myllur. Mikil þróun hefur átt sér stað á síðustu árum og hafa vindmyllur orðið sífellt hljóðlátari.

Forathugun EFLU um vindorku, sjá **fylgirit nr. 2 með viðauka vegna Elliða.**

**Tafla 6: Vindorka, forathugun og stefnumótun í aðalskipulagi, unnin á EFLU. Samatekt í töflu unnin á HUSK.**

	Viðmið	Tillaga I-1a, að Gufuskálum	Tillaga I-1b við Krossavík, milli Hellissands og Gufuskála	Tillaga I-1c milli Hellissands og Rifs	I-1 dreifbýli - Elliði
Gerð og fjöldi vindmylla		Tvær útfærslur, 9 myllur 55 m háar eða 4 myllur 74 m háar	Tvær útfærslur, 3 myllur 55 m háar eða 1 myllur 74 m háar	Tvær útfærslur, 13 myllur 55 m háar eða 4 myllur 74 m háar	Tvær útfærslur, 13 eða 6 myllur 55 m háar. Ekki er reiknað með hærri vindmyllum vegna hættu á sviftivindum frá fjöllum.
Uppsett afl i MW	Notkun í Snæfellsbæ er um 6 MW	8.1 eða 3.0	2.7 eða 3.0	9.9 eða 12.0	11.7 eða 5.4
Minnsta fjarlægð frá íbúðarbyggð		Um 1.5 km	Um 1 km	Um 450 m	Um 1.5 km að næsta bæ að austan og að vestan.
Vindafar		Meðalvindhraði 11 m/sek í 50 m hæð og 11.5-12 m/sek í 80 m hæð. Svæði talið henta mjög vel.	Meðalvindhraði 11 m/sek í 50 m hæð og 11.5-12 m/sek í 80 m hæð. Svæði talið henta mjög vel.	Meðalvindhraði 11 m/sek í 50 m hæð og 11.5-12 m/sek í 80 m hæð. Svæði talið henta mjög vel.	Meðalvindhraði 9.1-9.5 m/sek í 50 m hæð og á litlu svæði 9.5-10 m/sek. Talin er hætta á fallvindum frá
Sjónræn áhrif, truflandi ásýnd	Veruleg neikvæð áhrif 0-5 km, Talsvert neikvæð áhrif 5-10 km, Nokkuð neikvæð áhrif 19-25 km og Överuleg áhrif 5-25 km og yfir	Vindmyllur í stað masturs sem fólk er vant að horfa á. Mjög sýnilegar í hluta þjóðgarðs	Sýnilegar frá þjóðgarði og frá byggð. Sýnilegar frá byggð, lítt áberandi frá þjóðgarði	Sýnilegar frá þjóðvegi, næstu landbúnaðarjörðum og frá stóru svæði í Staðarsveit.	
Hljóðkvist	Á kyrrlátum svæðum í péttbýli, ekki yfir Lden 50 dB. Á kyrrlátum svæðum í dreifbýli, ekki yfir 40 dB.	36-40 dB að fáeinum húsum vestast í bænum. Undir viðmiði.	36-40 dB að fáeinum eða nokkrum húsum vestast í bænum, mismunandi eftir hæð á myllum.	41-45 dB við þó nokkur hús í Rifi og á Hellissandi og 36-40 dB við önnur hús. Undir viðmiði.	31-35 dB á næstu bæjum miðað við 6 myllur, en 36-40 dB miðað við 13 myllur. Undir viðmiði.
Skuggaflökt þegar snúningur spaða skyggir taktfast á sólarljós.	Skuggaflökt áætlað miðað við verstu ársútkomu, í sólskini (heiðskýru veðri), vindmyllur snúast allan daginn og snúningsflötur snýr móti sólu.	Skuggaflökt nær ekki að péttbýli á Hellissandi.	Skuggaflökt nær ekki að péttbýli á Hellissandi.	Skuggaflökt nær ekki að péttbýli miðað við 11 myllur 55 m að hæð, en með 4 myllum 74.5 m að hæð nær að að vestustu húsum í Rifi og austustu húsum á Hellissandi	EKKI teljandi áhrif á nálagum bæjum
Samfélagsleg áhrif	Mikilvægt er að tryggja öruggt rafmagn á köldum svæðum, en 43 ára raflina er eina tenging Snæfellsness við raforkuflutningskerfið. Öryggi í raforku gæti t.d. ýtt undir smáiðnað og þróun í ferðaþjónustu.	Péttbýlin á Hellissandi, í Rifi og Ólafsvík gætu notið aukins öryggis varðandi raforku.	Péttbýlin á Hellissandi, í Rifi og Ólafsvík gætu notið aukins öryggis varðandi raforku.	Péttbýlin á Hellissandi, í Rifi og Ólafsvík gætu notið aukins öryggis varðandi raforku.	Vindmyllugarður að Elliða gæti aukið öryggi varðandi raforku ef raflina um sunnanvert Snæfellsnes rofnar.
Áhrif á náttúrufar og fuglalif	Mikilvægt fuglalif á öllum svæðum.	Fylgjast með fluglinum fugla.	Fylgjast með fluglinum fugla.	Fylgjast með fluglinum fugla. Nærri miklu kriuvarpi. Hlífa skal votlendi sem er á hluta svæðis.	Fylgjast með fluglinum fugla. Hlífa votlendi, staðsetja myllur á þurrleendum svæðum. Meta áhrif á votlendi og varpsvæði votlendisfugla.

#### Niðurstaða og kröfur:

Svæði fyrir vindmyllur sem sýndar eru í aðalskipulagi fari í mat á umhverfisáhrifum.

Mæla skal vind í mismunandi hæð til að meta farsæla hæð á myllum.

Gera skal sýnileikamyndir frá mismunandi svæðum, í byggð og þjóðgarði. Sýna mis háar myllur.

Meta þörf fyrir framleiðslu rafmagns á Snæfellsnesi og getu kerfis sem viðtaka.

Fylgjast með flugleiðum fugla. Meta gróðurfar, votlendi og önnur verndarsvæði.

Meta úr frá stærðarmörkum rammaáætlunar ef virkjað afl verður yfir 10 MW.

## 8.8 Umhverfismat efnistöku- og efnislosunarsvæða

Mat efnistöku- og efnislosunarsvæða var unnið af aðalskipulagsnefnd og skipulagsráðgjafa.

Efnistaka til heimanota kallar ekki á afmörkun efnistökusvæðis á landnotkunaruppráttum. Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun er gert ráð fyrir að efnistaka til eigin nota sem er minni en 5 vörubílar á ári verði ekki metin sérstaklega, nema á viðkvæmum svæðum. Því er ekki fjallað um slíka efnistöku í mati á umhverfisáhrifum, en gerð er grein fyrir efnistöku til einkanota á skýringarkorti í greinargerð.

Af þeim efnistökustöðum sem voru metnir er gert ráð fyrir að á 10 þeirra verði eingöngu um sjálfbæra efnistöku að ræða. Fáein dæmi eru um að tekið hafi verið full mikið efni, en hér eftir verði þess gætt að aðeins verði tekið efni í samræmi við framburð ár eða efni sem sjór ber á land. Þar getur efnistaka því orðið breytileg frá einu ári til annars.

Óskað var eftir tveimur efnistökustöðum í hrauni, en mat á umhverfisáhrifum leiddi til að ekki er fallist á að gera ráð fyrir þeim í aðalskipulagi.

Nokkuð er um efnistökustaði á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og á friðlýstum svæðum. Ef efnistaka er á svæðum á náttúruminjaskrá skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og ef efnistaka er á friðlýstum svæðum er hún háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur þegar bent á að fara varlega varðandi alla efnistöku

Gert er ráð fyrir grjótnámu og efnisgeymslu innan þjóðgarðs við Malarrif, en þar er fyrirhugað að taka efni í varnargarð við höfnina á Arnarstapa. Einnig er grjótnáma í Rifi, sem er lítt sýnileg frá umhverfinu og er því vel fallin til að nýta hana til fulls.

Efnistökustöðum á Fróðárheiði er haldið opnum vegna fyrirhugaðrar uppyggingar nyrðri hluta vegar um Fróðárheiði. Þar óskaði Vegagerðin eftir efnistökustað við Valafellsvatn, en bæjaryfirvöld féllust ekki á að fórn stapa sem er fallegur og mjög sýnilegur frá þjóðvegi. Því verður nauðsynlegt að taka meira efni úr öðrum efnistökustöðum, en t.d. er mikið nothæft efni við Rjúpnaborgir. *Eftir að vegagerð um Fróðárheiði verður lokið, verði gengið frá efnistökustöðum og þeir felldir vel að landi.*

**Niðurstaða mats:** Ákveðið var að fella út tvær námur sem óskað var eftir í hraunum og skal ganga frá þeim og loka.

Lögð er áhersla á að efnistaka í árfarvegum og á strönd verði sjálfbær og taki mið af framburði ánya og magni efnis sem haf ber á land.

Aðrar námur verði nýttar og gengið frá þeim jafn óðum og þær eru fullnýttar.

Efnistaka á svæðum á náttúruminjaskrá er háð umsögn Umhverfisstofnunar (UST) og efnistaka á friðlýstum svæðum er háð leyfi UST.

Í grjótnámu við Malarrif er fyrirhugað að taka grjót í varnargarð við höfnina á Arnarstapa. Hugsanlegt magn hefur verið metið fyrir Hafnarstjórn Snæfellsbæjar og ætti að vera hægt að vinna hátt í  $100.000 \text{ m}^3$  af sprengdu efni. Gert er ráð fyrir að raska um 1.2 ha lands. Efnistakan er tilkynningarskyld í samræmi við 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum, gr. 2.02 og 2.03. Mikilvægt er að fella framkvæmd og öll ummerki svo vel að umhverfi og landi að þau sjáist vart.

Tafla 7: Efni til okustagi

## 8.9 Skíðasvæði í Snæfellsjökli

**Skíðasvæði í Snæfellsjökli** er innan þjóðgarðs, en hefð er fyrir skíðasvæði þar og var gerð grein fyrir því í gildandi aðalskipulagi. Allar hugsanlegar framkvæmdir í þjóðgarðinum eru háðar leyfi frá UST.

**Niðurstaða:** *Skíðasvæði, lyftur og kláfar á verndarsvæðum og jöklum eru tilkynningar skyldar framkvæmdir samkvæmt lið 12.01 í viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Auk þess eru framkvæmdir innan þjóðgarðs háðar leyfi UST.*

## 8.10 Mat á áhrifum aðalskipulags, samantekt og eftirfylgni

Umhverfismat var gert vegna einstakra þátta aðalskipulagsins snemma í skipulagsferlinu og hafði í sumum tilvikum mikil áhrif á framvindu tillögunnar. Þegar vinna við gerð tillögu aðalskipulags var langt komin, var tillagan metin í heild. Settur var fram listi um umhverfispætti, umhverfisviðmið og matssprungar, en matið var unnið af aðalskipulagsnefnd og skipulagsráðgjafa út frá þeim spurningum.

Hér á eftir er stuttur útdráttur úr matinu og getið um áherslur og niðurstöðu mats.

### Áætlanir og samþykktir sem varða aðalskipulagsgerð:

Umhverfispættir eru listaðir í samræmi við leiðbeiningarit Skipulagsstofnunar frá 2007.

- Getið er um alþjóðlegar samþykktir sem varða aðalskipulagsgerð.
- Fjallað er um áætlanir og stefnu á landsvísu eða á vegum rískisins. Þar má helst nefna **landsskipulagsstefnu**, en einnig snerta byggðaáætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, ferðamálaáætlun, náttúruminjaskrá og verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls gerð aðalskipulags Snæfellsbæjar.
- Á svæðisvísu eru það helst Svæðisskipulag Snæfellsness, sóknaráætlun Vesturlands, lög um vernd Breiðafjarðar og umhverfisvottun Snæfellsness sem hafa áhrif á aðalskipulagsgerð.

### Umhverfisviðmið og matssprungar:

Tillaga aðalskipulags var metin út frá matssprungingum. Tillagan stuðlar í helstu atriðum að jákvæðari aðstæðum en gildandi aðalskipulag með tilliti

til ofantalinna áætlana. Þó eru örfá frávik frá stefnu í landsskipulagi og svæðisskipulagi:

- Í dreifbýli eru nýbyggingar á fáeinum jörðum fyrirhugaðar fjarri númerandi húsakosti til að skapa húsráðendum friðhelgi frá ferðamennsku. Þetta fyrirkomulag stuðlar ekki að sjálfbærni og gerir alla þjónustu við íbúa erfiðari.
- Á einni jörð er dæmi um frístundabyggð sem verði feld inn í hraunbolla. Þar þurfa bæjaryfirvöld að hafa gát á að hús verði eingöngu lögð í hraunbolla.
- Eins og kemur fram í mati byggðarþróunar í kafla 8.5 er gert ráð fyrir umfangsmiklum uppbyggingarsvæðum á Hellnum og vinnur það gegn sjálfbærri þróun. **Því setja bæjaryfirvöld skýr ákvæði um að fara skuli fram þarfagreining þegar fyrirhugað er að deiliskipuleggja ný svæði.** Taka skal fyrir lítil svæði í einu í hverjum áfanga og byggja þau upp frá númerandi kjarna, svo ósnortnu landi verði ekki fórnæð að óþörfu. **Bæjaryfirvöld vakti þróun byggðar á Hellnum.**
- Lögð er áhersla á að gefa svigrúm fyrir vatnsaflsvirkjanir, bæðiörvirkjanir og smávirkjanir, til að auka öryggi raforku og stuðla að sjálfbærni. Mat vegna vatnsaflsvirkjana leiddi til fækkanar virkjana og smækkunar annarra. **Dæmi eru um að vaka þurfi útfærslu nokkurra virkjanakosta og gera sérstakar kröfur um mat á rennsli í fossa og að meta viðlegðaráhrif vegna tveggja eða fleiri samlægra kosta.**
- Áhugi er á að nýta vindorku í Snæfellsbæ, sem geti staðið sem tákni um hreina orku í nálægð við umhverfisverndarsvæði og/eða Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Gerð var forathugun vegna þriggja kosta við þéttbýlið á norðanverðu nesinu, en þar telja veðurfræðingar að vindskilyrði séu mjög ákjósanleg. Á Elliða í Staðarsveit var einnig gerð forathugun, en þar er talin hætta á fallvindum. Niðurstaðan leiddi til að aðeins er gert ráð fyrir svæði á Gufuskálum og milli Gufuskála og Hellissands í tillögu aðalskipulags. Á báðum svæðunum þarf að meta ásýnd af kostgæfni ef hugað verður að framkvæmdum, einnig þarf að fylgjast með flugleiðum fugla, varpi og fleiri þáttum.
- Fylgjast skal með efnistökusvæðum, því margar námur eru mjög sýnilegar frá þjóðvegum. **Meta þarf umhverfisáhrif ef hugað verður**

að grjótnámu við Malarrif, en það svæði er í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

#### Helstu verkefni og vöktun:

Snæfellsbær hefur mikið aödráttarafl vegna fagurs umhverfis, verndarsvæða og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Eitt að megin verkefnum bæjaryfirvalda Snæfellsbæjar er að stuðla að vitundarvakningu um landslag og verndun þess. Leita þarf leiða til að geta tekið á móti vaxandi umferð um svæðið, án þess að umhverfi verði fyrir skaða og taka þarf tillit til þolmarka íbúa. Í aðalskipulaginu er fjallað um vöktun ferðamannastaða og eru nokkrir ferðamannastaðir vaktaðir af Umhverfisstofnun, aðrir af Snæfellsbæ og fáeinir af landeigendum.

- *Vakta þarf helstu ferðamannastaði og grípa til aðgerða ef ágangur verður of mikill. Einnig þarf að byggja upp innviði með þeim hætti að þeir láti lítið yfir sér og falli vel að umhverfi.*

Leitast verði við að halda í **gott samfélag** og því er mikilvægt að stuðla að fólksfjölgun.

- *Halðið verði í hátt þjónustustig við íbúa og stuðlað að velliðan fólks á svæðinu.*

Lögð er áhersla á **sjálfbærni** með áherslu á sampættingu náttúru, efnahags og mannlífs varðandi alla uppyggingu í Snæfellsbæ. Dregið er úr drefingu byggðar í þéttbýli og stuðlað verði að nýtingu lóða í þegar byggðum hverfum.

- *Núverandi húsakostur verði sem best nýttur.*

Stuðlað verði að áframhaldandi landbúnaði í sveitum. Mest allt gott ræktarland er fullnýtt og í Staðarsveit er lítið svigrúm til ræktunar vegna votlendis.

- *Þess skal gætt að ræktuðu landi verði ekki fórnað að óþörfu.*

Standa skal vörð um fiskveiðar með sjálfbærum nytjum og efla vinnslu og verkun fiskafurða.

- *Lögð verði áhersla á sem mesta sjálfbærni í framleiðslu matvæla í Snæfellsbæ.*

Stuðlað er að **sjálfbærni í orkunotkun**. Gefið er svigrúm fyrir örþirkjanir og smávirkjanir.

- *Vakta skal að virkjanir falli vel að landslagi og þær verði framkvæmdar án þess að fórna fallegum fossum.*

Gerð er tillaga að vindmyllugarði við Gufuskála og milli Gufuskála og Hellissands.

- *Pegar hugað verður að framkvæmdum verði umhverfisáhrif metin, valið milli kosta og gengið frá deiliskipulagi. Samkvæmt frummati þarf sérstaklega að huga að sýnileika auk annarra þátta.*

Lögð er áhersla á að halda í **hreinleikaímynd Snæfellsness**. Standa þarf vörð um náttúrufegurð og umhverfisvernd.

- *Vöktuð verði stefna í aðalskipulaginu um að hlífa skuli votlendi, hraunum, fossum og öðrum mikilvægum landslagsheildum eftir föngum.*

Bæjaryfirvöld vilja stuðla að **bættri lýðheilsu**, m.a. með framboði á aðstöðu til íþróttaiðkunar.

- *Nú þegar er unnið að átaki til að skapa góðar útvistarleiðir, sem hvetja til daglegrar hreyfingar.*

Í aðalskipulaginu er leitast við að móta **markvissa landnotkunarstefnu** fyrir sveitarfélagið í heild.

- *Við alla uppyggingu þarf að vakta að uppyggning og ágangur rýri ekki mögleika komandi kynslóða í bæjarféluginu.*